



Bændablaðið

23. tölublað 2013 ● Fimmtudagur 28. nóvember ● Blað nr. 408 ● 19. árg. ● Upplag 31.000



Vignir Þorsteinsson í Stjórnblikki var í óða önn að rafsjóða forlata ramma, líklega fyrir einhvern í sveitinni, þegar þessi mynd var tekin. Segja vinnufélagarnir að honum falli aldrei verk úr hendi, enda sé hann bóndasonur að austan. Hann gaf sér samt örfáar sekúndur til að ræða við ljósmyndarann. Sagði hann að biða þyrfti mjög lengi ef ætlunin væri að ná af honum mynd við að vinna. Hjá honum er tíminn því greinilega afstæður því um leið og hann sleppti orðinu var hann búinn að skella rafsuðuhjálminum fyrir andlitið og byrjaður að sjóða.

Mynd / HKr.

– Sjá nánar umfjöllun um Stjörnublikk og búskap eigendanna á Fornusöndum á bls. 24-26

Ekkert lát virðist vera á vinsældum íslenska kindakjötsins:

Í október náðist mesta sala aldarinnar í einum mánuði

– Eigi að síður er búist við að heildarframleiðslan á kindakjöti dragist örlítið saman á þessu ári vegna lakara árferðis

Á þessari öld hefur aldrei selst annað eins magn af kindakjöti í einum mánuði og í október síðastliðnum. Þá seldust 1.210 tonn og nemur aukningin 8,7% frá sama tíma í fyrra þegar salan nam 1.113 tonnum.

Þá var salan 17,4 prósentum meiri frá byrjun ágúst til loka október 2013 en á sama tíma bili 2012. Ef miðað er við 12 mánaða tímabil frá byrjun nóvember 2012 til októberloka 2013 hefur kindakjöstsalan aukist um 5,1 prósent miðað við tólf mánuðina þar á undan samkvæmt tölum Landsamtaka sláturleyfishafa.

Þegar skoðuð er 12 mánaða markaðshlutdeildin á kjöti í hinum ýmsu greinum landbúnaðarins var alifuglakjöt í 1. sæti með 31,4%, skínakjöt í 2. sæti með 27,1%, svínakjöt í þriðja með 22,4%, síðan nautakjöt með 16,5% og loks hrossakjöt 2,6% markaðshlutdeild.



Úr sláturhúsi Sláturfélags Austur-Húnavetninga á Blönduósi.

Kjötsala í heild jókst um 2,9% á tímabilinu. Allar framangreindar tölur miðast eingöngu við íslenskt kjöt sem afurðastöðvar seldu í heildsölu á innanlandsmarkað. Innflutt kjöt er ekki talið með.

Heildarafsetning fyrstu 10 mánuði ársins er 8.349 tonn, sem er 9% meira en á sama tímabili í fyrra og er mesta 10 mánaða sala það sem af er öldinni.

Útlutflutningur á íslensku kjöti nam 855 tonnnum í október, samanborið við 568 tonn í október 2012. Framleidd voru 5.344 tonn, enda er október síðari mánuður sláturtíðar, en alls höfðu þá verið framleidd 9.644 tonn það sem af er ári. Eigi að síður er útlit fyrir órlítið minni framleiðslu í ár en í fyrra. Meginskýring þess er lakara árferði við um land og að lömb eru því léttari. */fr/HK/*

/fr/HKr.

– Sjá nánar um kjötframleiðslu og innflutning á bls. 2

Mynd / HKr.

Fréttir

Síðbúinn bænda-fundur á Ísafirði

Bændafundur Bændasamtakanna hafa staðið yfir síðustu vikur og gengið vel. Fresta þurfti fundi á Ísafirði vegna óhagstæðra flugskilyrða en ný dagsetning er mánudagurinn 2. desember.

Á fundinn koma að sunnan þeir Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, og Elías Blöndal, lögfræðingur samtakanna. Sindri ræðir um þau mál sem efst eru á baugi í landbúnaðinum en Elías fjallar um eignarhald og viðskipti með bújarðir. Á eftir erindum verða umræður. Bodið er upp á súpu og brauð en fundurinn verður haldinn á Hótel Ísafirði og hefst kl. 12.00.

Riða greinist í Berufirði

Riða af tegundinni Nor98 hefur fundist á bænum Krossi í Berufirði á Austfjörðum. Riðan fannst í kind frá bænum við reglulega skimun Matvælastofnunar fyrir skemmstu. Umrætt afbrigði riðu er talið afbrigðilegt og ekki er talin ástæða til að skera niður sauðfé á bænum. Hins vegar verður vöktun vegna riðu á Krossi og á nágrannabæjum aukin.

Síðast greindist Nor98 í kind sem kom í sláturhús haustið 2011 frá bæ í Jökuldal. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að Nor98 er ekki smitandi á sama hátt og hefðbundin riða. Nor98 hefur fundist í mörgum löndum en engar vísbendingar eru um að smitefnið berist milli kinda á náttúrulegan hátt. Nor98 hefur meðal annars fundist á Nýja-Sjálandi en alþjóðlega er viðurkennt að landið sé laust við hefðbundna riðu. Því verður ekki skorið niður á Krossi en vöktun aukin.

Kross er í Suðurfjarðahólfi, þar sem hefðbundin riða hefur greinst á 13 bæjum á undanförunum 20 árum frá 1994 til 2005. Í dag er sauðfé á sjö þessara bæja. Suðurfjarðahólf er því skilgreint sem riðuhólf og verður það til 2025 ef ekki greinist þar hefðbundin riða á ný. Í riðuhólfum er bannað að flytja kindur milli hjarða og full ástæða er til að minna bændur á að það bann gildir um alla bæi í hólfinu. */fr*

Breyttar reglur: Upprunamerkingar á kjöti í árslok 2014

Skylt verður að merkja kjöt á markaði hérlendis með upprunamerkingum frá desember 2014. Á þetta við um ferskt og fryst svínakjöt, kindakjöt, geitakjöt og alifuglakjöt. Er þetta í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins sem tekur gildi 13. desember á næsta ári og verður skylt að taka upp hér á landi í samræmi við ákvæði EES-samningsins.

Begar eru í gildi reglur um upprunamerkingar á fersku og frosnu nautakjöti sem tóku gildi haustið 2011. Þá verður skylt að geta uppruna aðalhræfnis samsettrar vöru sé uppruni þess annar en vörunnar sjálfar.

Þetta kemur fram í frétt á heimasíðu Matvælastofnunar, en þar er málið sett í samhengi við umræðu um uppruna kjúklingakjöts sem hefur verið í kastljósinu undanfarna daga. Engin ákvæði eru um að merkja skuli uppruna alifuglakjöts né annars kjöts, utan nautakjöts, hér á landi. Ekkert mælir því á móti því að uppþitt kjúklingakjöt sé selt hér á landi, sem og annað kjöt. Því eru merkingar á kjöti ekki blekkjandi sé uppruni þess ekki gefinn í skyn með merkingum né markaðssetningu samkvæmt núgildandi reglum. */fr*



Aukinn innflutningur á kjöti til Íslands felur væntanlega líka í sér tækifæri fyrir íslenska bændur til að auka framleiðsluna hér á landi og spara þar með dýrmætan gjaldeyri þjóðarþínu til hagsbóta. Myndin er af Stóra-Ármóti þar sem Landbúnaðarháskóli Íslands rekur tilraunastöð í nautgriparækt í samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands.

Heildarinnflutningur á kjöti jókst um 41% fyrstu níu mánuði ársins

– Innanlandsframleiðsla miðað við tólf mánaða tímabil hefur að meðaltali aukist um 2,2%

Framleiðsla á innlendu kjöti jókst að meðaltali um 2,2% á á tólf mánaða tímabili frá nóvember-byrjun 2012 til októberloka 2013 samkvæmt tölum Lands-samtaka sláturleyfishafa. Hafði framleiðsla aukist í öllum búgreinum miðað við sama tímabil í fyrra nema í nautakjöti og svínakjöti. Athygli vekur að innflutningur á kjöti hefur hins vegar aukist verulega á milli ára. Þannig jókst sá innflutningur úr 874,8 tonnum á fyrstu níu mánuðum ársins 2012 í tæp 1.234 tonn á sama tímabili 2013, eða um rúm 41%. Þá hefur útflutningur á ýmsum sauðfjárafurðum einnig aukist töluvert eða um 14% á tólf mánaða tímabili og á hrossakjöti um 22,9%. Vekur einnig athygli að útflutningur á ýmsum svínaafurðum hefur aukist um 117,3%.

Mest aukning í innflutningi á svína- og alifuglakjöti

Mest aukning hefur orðið á innflutningi á svínakjöti fyrstu níu mánuði þessa árs eins og greint var frá í síðasta Bændablaði, úr 217,5 tonnum í 445,5 tonn. Veruleg aukning hefur líka verið í innflutningi á alifuglakjöti, eða úr 451 tonni í rúm 624 tonn. Hinsvegar hefur innflutningur á nautakjöti dregist örlítið saman, en aukist lítilsháttar á öðrum kjötvörum að undanskildi kindakjöti.

Þrátt fyrir mikinn innflutning hefur innanlandsframleiðslan á alifuglakjöti líka aukist á tólf mánaða tímabili. Nam hún tæpum 8.020 tonnum og er aukningin um 2,7%. Framleiðslan í október var rúm 766 tonn.



Nautakjötsframleiðslan eykst lítillega

Af nautakjöti voru framleidd 359,7 tonn í október síðastliðnum sem er 8,7% samdráttur frá sama mánuði 2012. Miðað við tólf mánaða tímabil voru hins vegar framleidd 4.174,2 tonn af nautakjöti, sem er 0,6% aukning milli ára.

Eldri kýr og bolar í þriðja sæti

Ef litið er á frekari greiningu í nautakjötsframleiðslunni kemur í ljós að mest hefur verið framleitt af ungnautakjöti, rúm 215,8 tonn í október síðastliðnum en 2.451,7 tonn á tólf mánaða tímabili. Næst er kýrkjöt eða tæp 126,8 tonn í október og tæplega 1.449 tonn á tólf mánuðum. Kjöt af eldri kúm og bolum er svo í þriðja sæti en af

Innflutt kjöt í kg		
Tímabil: janúar–september	2013	2012
Alifuglakjöt	624.455	450.929
Nautakjöt	124.030	179.026
Svínakjöt	445.539	217.516
Aðrar kjötvörur af áðurtöldu	39.964	27.337
Samtals	1.233.988	874.808



því voru framleidd tæp 14 tonn í október og rúm 47,5 tonn miðað við heilt ár. Alikálafkjöt rekur svo lestina, en af því voru framleidd 776 tonn í október síðastliðnum og rétt tæp 16 tonn á 12 mánaða tímabili.

Nautakjötsalan eykst lítillega milli ára

Ef litið er á sölu á nautakjöti í heild hefur hún aukist um 1,1% miðað við 12 mánaða tímabil.

Salan á nautakjöti sem framleitt er hér innanlands hefur í heildina aukist um 19 tonn á sama tímabili.

Var salan í október einnig heldur meiri en framleiðslan og munar þar tæpum fimm tonnum, en birgðir í upphafi mánaðar námu rúmum 12 tonnum.

Hlutfallslega mest aukning í hrossakjötsframleiðslu

Í október voru framleidd 766,057 tonn af alifuglakjöti sem er um

8,1% aukning miðað við sama mánuð í fyrra. Þá voru framleidd 131,7 tonn af hrossakjöti, sem er 21,2% aukning milli ára. Þá voru framleidd 5.344,2 tonn af kindakjöti sem er 0,9% aukning frá október í fyrra. Svínakjötsframleiðslan var svo 584,6 tonn, sem er 4,4% samdráttur frá október í fyrra. Í heild voru framleidd 7.186,3 tonn af kjöti hér innanlands í október.

Hrossakjötsalan hefur tekið kipp

Ef tekið er mið af kjötsölu úr innlendri framleiðslu yfir 12 mánaða tímabil frá nóvemberbyrjun 2012 til októberloka 2013 hefur orðið hlutfallslega langmest aukning í sölu á hrossakjöti, eða 12,9%. Þess ber þó að geta að hlutdeild hrossakjötsöslunnar af heildarkjötsöslunni á innanlands-markaði er ekki nema 2,6%.

Alls voru framleidd tæplega 132 tonn af hrossakjöti í október en rúmlega 1.435 tonn á tólf mánaða tímabili. Innanlandssalan á hrossakjöti er þó talsvert minni en framleiðslan eða tæp 88 tonn í október og rúm 648 tonn á tólf mánuðum. Ekki er þó um verulega birgðasöfnun að ræða heldur liggur skýringin í útflutningi sem nam rúmum 803 tonnum á 12 mánaða tímabili.

Kindakjötsalan í október sló met

Sala á kindakjöti frá afurðastöðvum til kjötvinnsla og verslana í október nam rúmum 1.210 tonnum sem er 8,7% aukning frá sölu kindakjöts í október 2012. Er þetta mesta salan á kindakjöti sem náðst hefur í einum mánuði á þessari öld.

Miðað við 12 mánuði er hlutfallsleg aukning í kjötsöslunni næstmest í sölu á kindakjöti, eða 5,1%, en hlutdeild kindakjöts á markaðnum er 27,1%.

Alifuglakjöttið er í heildina vinsælast

Þá hefur alifuglasalan aukist um 3,3%, en alifuglakjöt er greinilega vinsælast með neytenda. Er hlutdeild þess í heildarsölu á kjöti á 12 mánaða tímabili 31,4%. Þá hefur nautakjötsalan aukist um 1,1% á þessum 12 mánuðum, en hlutdeild nautakjöts á markaðnum er 16,5%. Hins vegar stendur salan á svínakjöti í stað en sú tegund kjötvöru er með 22,4% markaðshlutdeild, næst á eftir kindakjöti.

/HKr.

Við kynnum með stolti nýju M135GX dráttarvélinna frá KUBOTA.

KUBOTA M135GX dráttarvélin hefur hlotið einróma lof gangrýnenda út um allan heim og ljóst að með henni er KUBOTA enn og aftur koma með fram- bærilega og vel búna vél á góðu verði. Vélin er ný og endurbætt hönnun alveg frá grunni og hvergi til sparað.

Með kaupum á KUBOTA fæst einfaldlega meira fyrir peninginn.



135 hö

Helsti staðalbúnaður:

- Fjaðrandi framhásing.
- Vökvaskipting með sjálfskiptimöguleikum.
- Rúmgott 4-pósta hús.
- Öflug miðstöð með Loftkælingu.
- 3 tvöföld vökvaúrtök þ.a. 1 með stillanlegu flæði.
- Rafstýrt beisli.
- Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur.
- Brettbreikkanir út fyrir afturhjól.
- Rofar til þess að stýra beisli að utan.

Vélin:

- 6L, 4 strokka KUBOTA diesel vél með forþjöppu og millikæli
- Skilar 135 hö og 560 Nm
- Sótísía - ekkert AdBlue
- Ótrúlega hljóðlát og þýðgeng vél.

Driflínan:

- Vökvaskipt, 3 svið með 8 milligírum hvert.
- 24 gírar áfram og 24 gírar afturábak.
- Sjálfskipting á milligírum
- 100% driflæsing að framan og aftan.
- Fjaðrandi framhásing
- Bi-Speed beygjubúnaður fyrir þrengri beygjur

Ökumannshúsið:

- Ökumannshúsið hefur verið endurhannað frá grunni:
- Glæsilegt og rúmgott 4 pósta hús.
- Nægt höfuðrymi og vítt til allra átta
- Þægilegt loftþúðasæti með armhvílu sem stýrir helstu aðgerðum.
- Bólstrað farpegasæti með öryggisbelti
- Útdraganlegt veltistýri
- Sóllúga
- Öflug miðstöð með loftkælingu



Ámoksturstækin:

- Trima +4.1 ámoksturstæki með demparabúnaði, hraðtengi fyrir vökvaslöngur og vökvaskóflulás. 2,4 metra Heavy Duty skófla.



Eigum vélar til afgreiðslu strax á sérstöku kynningarverði:
kr. 12.490.000 án vsk. (kr. 11.990.000 án vsk. m.v. staðgreiðslu)^{*)}

Komið og reynsluakið hinni glæsilegu KUBOTA M135GX vél hjá okkur að Krókhálsi 16 í Reykjavík, eða á Lónsbakka Akureyri.

Fréttir

Vilja skoða aðrar stuðningsleiðir í sauðfjárrækt

Mikill vilji er meðal forystumanna sauðfjárbænda til þess að huga að breytingum á stuðningsgreiðslum í sauðfjárrækt, þegar gildistíma yfirstandandi búvörusamnings lýkur. Greiðslumarkskerfið hefur reynst kostnaðarsamt og hamlandi fyrir nýliðun. Áhugi er á skoða aðrar útfærslur á stuðningi við greinina, til að mynda frekari framleiðslutengingar.

Þetta kom fram á formannafundi Landssamtaka sauðfjárbænda 9. nóvember síðastliðinn. Mikil umræða varð um stuðningskerfi sauðfjárræktarinnar, meðal annars um viðskipti með greiðslumark og verðlagningu. Töldu fundarmenn verð orðið mjög hátt og eðlilegt að horfa til annarrar útfærslu.

Þórarinn Pétursson, formaður Landssamtakanna, segir flesta bændur sammála því að megináhersla stuðningsins eigi að vera á lambakjötsframleiðslu. „Í því ljósi eru menn að velta fyrir sér hvernig best sé að haga hlutunum, hvað komi best út fyrir greinina. Við hyggjumst því óska eftir því við aðildarfélög okkar að farið verði að ræða þessa hluti. Við viljum skoða allar leiðir til að komast hjá því að bændur þurfi að fjárfesta í ríkisstuðningi. Það er mjög kostnaðarsamur biti.“

Greidda ætti fyrir framleiðslu

Eins og staðan er í dag er ásetningshlutfall 0,65 sem þýðir í raun að eigi bændur 100 ærgildi nægir að þeir haldi 65 veturfóðraðar kindur til að fá allan stuðninginn. „Menn

vilja tengja ríkisstuðning beint við framleiðslu. Það var skýrt á þessum fundi að fulltrúar vilja að ásetningshlutfallið fari í einn, að menn fái greitt fyrir ærgildi sem samsvara því sem menn framleiða.“

Þórarinn segir að í dag sé um helmingur stuðnings greiddur út á framleiðslu. Það séu gæðastýringar-greiðslur, ullarniðurgreiðslur, geymslugjöld og styrkir til jarðræktar. „Miðað við þá stefnumörkun sem við erum að vinna eftir er markmiðið að helmingur greiðslnanna verði tengdur framleiðslu. Við erum nálægt því marki. Við þurfum hins vegar að horfa lengra til framtíðar.“

Verð á greiðslumarki er í dag rúmar 30 þúsund krónur á ærgildi. Þau fjögur ár sem eftir standa af samningstíma búvörusamnings í sauðfjárrækt mun stuðningur á ærgildi hins vegar nema á bilinu 26 til 27 þúsund krónum, á verðlagi yfirstandandi árs. Því er ljóst að kaup á greiðslumarki munu ekki borga sig meðan á samningstímanum stendur. Þórarinn segir að margir hafi spurt hann ráða varðandi hugsanleg kaup á greiðslumarki nú upp á síðkastið. „Ég hef sagt að ég geti ekki svarað því frekar en aðrir hvað verður eftir 2017. Við finnum hins vegar að það er mikill áhugi, það er eftirspurn eftir greiðslumarki þrátt fyrir verðið. Það er mikill áhugi hjá ungu fólki að hefja sauðfjárbúskap og það er ein ástæðan fyrir því að fólk er að velta þessum þáttum fyrir sér. Menn vilja gera fólki kleift að komast inn í greinina án hindrana.“

/fr

Afurðastöðvar hyggjast tryggja birgðastöðu með innflutningi:

Vilja fá að flytja inn smjör

— sala á fituríkum mjólkurafurðum eykst gríðarlega

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hafa farið fram á að fá að flytja inn smjör til landsins til notkunar í vinnsluvörur. Beiðni þess efnis var send atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í gær. Ástæða beiðinnar er sú að vegna fordæmalausrar söluaukningar á smjöri, rjóma og ostum er birgðastaða mjólkurafurðastöðva orðin lítil nú fyrir mesta sölumánuð ársins, desember. Sala á smjöri hefur aukist meira en 20 prósent nú í haust en við venjulegar kringumstæður er eykst sala mjólkurafurða um 1–3 prósent. Smjör hefur ekki verið flutt inn til landsins áður svo neinu nemi.

Smjórið sem flutt verður inn, fáið til þess leyfi frá ráðuneytinu, verður nýtt í vinnsluvörur á borð við kálfafóður, nýmjólkurduft og osta. Tryggt verður að nóg magn af íslensku smjöri og rjóma verði á markaði í desember með þessum hætti. Farið er fram á að leyfður verði ótakmarkaður innflutningur tímabundið í einn mánuð, það er í desember. Allir aðilar á markaði hafa heimild til innflutnings ef af verður. Heimsmarkaðsverð á smjöri er hátt

um þessar mundir og er kílóverð á smjöri talsvert hærra hingað komið en heildsöluverð á íslensku smjöri.

Nóg verður til af íslensku smjöri og rjóma

Einar Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölnnar, segir að neyslu á fituríkari mjólkurafurðum megi líkja við sprengingu. „Þetta hefur verið tengt nýjungum í mataræði á borð við lággolvetnakúrinn, breyttu viðhorfi til mettaðrar fitu í umræðu um næringarmál og loks sýna þessar tölur áhrif af fjölgun ferðamanna. Mjólkuriðnaðurinn mætir þessum fréttum með því að ganga á birgðir af smjöri og ostum og öðrum vörum sem framleiddar eru með rjóma yfir þessa haustmánuði þegar mjólkurframleiðslan í landinu er í lágmarki og með því að hvetja bændur til aukinnar framleiðslu. Til að treysta öryggismörk í birgðahaldi munu fyrirtæki í mjólkuriðnaði einnig í takmörkuðum mæli nýta innflutta smjörfitu nú í desember í nokkrar vinnsluvörur á borð við kálfafóður, nýmjólkurduft og osta sem fara mest í

framhaldsvinnslu eða til matargerðar. Innflutt smjör er dýrara en innlent en þess mun ekki sjá merki í verði þessara vara og uppistaðan í þeim verður eftir sem áður íslensk kúamjólk.“

Mjólkursamsalan hvatti bændur þegar í haust til að auka framleiðslu til að mæta aukinni eftirspurn. Bændur brugðust þegar við og hafa með breyttri fóðrun og öðrum aðgerðum aukið framleiðslu um átta prósent frá byrjun september. Greiðslumark eða framleiðslukvóti kúabænda fyrir innanlandsmarkað árið 2014 hefur þegar verið aukinn í 123 milljónir lítra en var 116 milljónir lítra fyrir yfirstandandi ár. Mjólkursamsalan gerir ráð fyrir áframhaldandi söluaukningu á næstu árum þó að hún verði ekki sambærileg við það sem sést hefur í haust.

Fram undan eru mestu söluvikur ársins fyrir hátíðirnar og mjólkuriðnaðurinn býr sig undir þá vertíð. „Það verður alltaf nóg af íslensku smjöri og rjóma hér á markaði. Það er hluti af íslenska jólahaldinu,“ segir Einar Sigurðsson, forstjóri MS.

/fr

Innflutningur á alifuglakjöti og öðrum búvörum:

„Neytendur eiga sjálfsagðan rétt á því að fá upplýsingar um upprunaland“

— segir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands

Á síðustu vikum hafa kjúklingaframleiðendur fengið orð í eyra vegna ófullkominna merkinga á umbúðum og gruns um að erlend kjötvara sé markaðssett sem íslensk. Formaður Bændasamtakanna vill að allar búvörur verði merktar upprunalandi til að auðvelda neytendum að velja á milli íslenskra og erlendra matvæla.

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í þingræðu fyrr í mánuðinum að sér hefði verið sagt að íslenskir kjöttinnflytjendur leituðu eftir ódýrasta kjötinu á erlendum mörkuðum en ekki því besta. Það væri síðan unnið og pakkað í íslenskar umbúðir og selt á sama verði og innlent kjöt. Uppi varð fótur og fit við ummæli þingmannsins, sem urðu meðal annars til þess að Neytendasamtökin könnuðu sannleiksgildi þessara fullyrðinga. Fyrirtæki í kjúklingaframleiðslu voru sein til svara en á endanum var málflutningur þingmannsins staðfestur að mestu leyti. Viðurkenndu framleiðendur að hafa flutt inn erlent kjöt en að hraefnið hefði farið í vinnsluvörur eða á veitingahúsa- eða mötuneytamarkað og væri ekki merkt sérstaklega. Í kjölfarið lofuðu forsvarsmenn Reykjarðs og Matfugls að framvegis yrðu allar umbúðir merktar með upprunalandi kjötsins og Ísfugl lofaði neytendum því að bjóða alls ekki upp á erlendar kjötvörur.

Mikil vonbrigði fyrir íslenska bændur

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, segir að í ljósi umræðunnar sem verið hefur um þessi mál að framleiðendur þurfi að taka sig á. „Við hjá Bændasamtökunum höfum verið í góðri trú um að innflytjendur merktu innfluttar kjötvörur eftir uppruna. Upplýsingar, sem fram hafa komið í fjölmiðlum undanfarna daga, um að erlendar vörur séu dulbúnar sem innlendar eru mikil vonbrigði fyrir íslenska bændur. Ég hef skilning á



Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, segir að séu innfluttar landbúnaðarvörur seldar sem íslenskar sé verið að fara á bak við neytendur og skaða íslenska bændur.



Í auglýsingu frá matvöruheildsala er kalkúnakjöt auglýst án allra upprunamerkinga. Ekkert er getið um upprunaland, sem er erlent. Þessar vörur fara að mestu leyti til veitingahúsa eða í mötuneyti þar sem neytendur eru grunlausir um upprunann.

Því að erlendar búvörur séu fluttar inn til þess að sinna eftirspurn sem innlendir framleiðendur geta ekki uppfyllt en þá verður auðvitað að geta upprunans. Að sjálfsögðu er skilyrði að gætt sé að sóttvörnum og farið að öllum reglum, sem við höfum ekki ástæður til að efast um,“ segir Sindri.

Verðum að vernda orðspor okkar framleiðslu

Bændasamtökin hafa um árábil reynt að fá leyfi til notkunar á íslenska fānanum til að auðkenna innlendar afurðir með skýrum hætti. Það auðveldar neytendum að aðgreina íslenskar vörur frá erlendum. Sindri segir að það sé afar mikilvægt fyrir bændur að vernda það góða orðspor sem innlend búvöruframleiðsla hefur í hugum þjóðarinnar.

„Séu innfluttar landbúnaðarvörur seldar sem íslenskar er verið að fara á bak við neytendur og skaða íslenska bændur. Hér eru heilbrigðir búfjárfestir og notkun sýklalyfja er með minnsta móti í íslenskum landbúnaði, mun minni en í flestum nágrannalöndum okkar. Við eigum hreint vatn og ómengaða náttúru. Almennt treysta neytendur íslenskum búvörum og það er mikilvægt fyrir bændur að viðhalda því trausti,“ segir Sindri, sem heldur því fram að neytendur eigi sjálfsagðan rétt á að fá upplýsingar um upprunaland kjöts og annarra búvara frá söluaðilum.

Vilja allar upplýsingar um uppruna og eðli búvara

„Bændur eru á sama báti og neytendur. Við viljum að allar upplýsingar um uppruna og eðli búvara liggi fyrir. Bændasamtökin hvetja neytendur til að láta sig þessi mál varða og bjóða um upplýsingar um uppruna, hvort heldur sem er í verslunum, á veitingastöðum eða í mötuneytum. Takið til dæmis eftir því og látið verslunarstjóra vita af því ef þið sjáið erlent grænmeti í sölukössum frá íslenskum garðyrkjubændum eða kjötvörur sem eru illa merktar,“ segir Sindri Sigurgeirsson.

Samkvæmt lögum er fyrirtækjum ekki skylt að merkja uppruna á kjöti, öðru en nautgripakjöti. Um áramótin 2014/2015 mun þó taka gildi reglugerð sem skyldar framleiðendur til að upprunamerkja ferskt og fryst alifuglakjöt, kindakjöt, svinakjöt og geitakjöt. Einnig verður skylt að merkja uppruna aðalhraefnis í framleiðsluvörum. /TB

Félag gulrófnabænda 30 ára

Líðin eru 30 ár frá stofnun Félags gulrófnabænda og verður hátíðarfundur haldinn 30. nóvember næstkomandi kl. 18 í Ásbyrgi (Broadway) til að minnast þeirra tímamóta.

Af því tilefni verður stofnað hollvinafélag um íslensku gulrófuna. Markmið félagsins verður fyrst og fremst að stuðla að því eins og kostur er að íslensk frærækt gulrófunnar verði stunduð hér á landi.

Fræræktun gulrófna á sér ekki langa sögu hér á landi. Á fyrri hluta síðustu aldar voru ýmis yrki flutt inn til landsins og ræktuð af mörgum framanaf. Þau yrki sem í dag eru talin íslensk eru Ragnarsrófa og Mariubakkarófa. Mariubakkarófan er talin vera „fulltrúi Kálfafellsrófunnar eins og hún var í upphafi“ eins og Jónatan Hermannsson kemst að orði í fjölríti Rala nr. 199, frá 1999. Kálfafellsrófan var mest notuð hér um skeið og þá fræræktuð í



Danmörku en blandaðist þar m.a. arfanæpu og neþju þannig að ekki var lengur hægt að nota hana.

Afbrigði af þessum rófustofnum hafa verið ræktuð hér en í dag lifir best svokölluð Sandvíkurrófa, sem ræktuð hefur verið frá 1983 með góðum árangri. Að mati flestra sem greinina stunda er mikil nauðsyn á að efla íslenska frærækt og hefja íslensku yrkin til vegs og virðingar á ný.

Skorað er á alla þá sem vilja stýðja íslenska frærækt gulrófunnar í landinu að ganga í hollvinafélagið.



ÁRAMÓTATILBOÐ

15% AFSLÁTTUR

á Samasz sláttuvélum, rakstrarvélum og snúningsvélum til áramóta

www.buvis.is

Verið velkomin á vefsíðu okkar

TRAUST OG GÆÐI VELDU BÆÐI

RANI RÚLLUPLAST Á ÁRAMÓTAVERÐI



Rani plast:

Rani wrap 75 cm hvítt/grænt/svart kr. 11.990.- án vsk.

Rani wrap 50 cm hvítt kr. 9.970.- án vsk.



ECOBULL™

STANDARD NET

LENGD: 3000 m

BREIDD 123 cm

ÞYNGD 29,5 kg.

VERÐ KR. 19.900,- ÁN VSK.

Búvís

Akureyri

	VINNSLUBR.	VERÐ	AFSL.	TILBOÐSVERÐ
TROMLUSLÁTTUVÉLAR				
Tromlusláttuvél	1,35	275.000	41.250	233.750
Tromlusláttuvél	1,65	307.000	46.050	260.950
Tromlusláttuvél með glussatjakk	1,65	349.000	52.350	296.650
Tromlusláttuvél	1,85	378.000	56.700	321.300
Tromlusláttuvél með glussatjakk	1,85	427.000	64.050	362.950
Tromlusláttuvél	2,10	490.000	73.500	416.500
Tromlusláttuvél með glussatjakk	2,10	543.000	81.450	461.550
DISKASLÁTTUVÉLAR KDT SERIA				
Diskasláttuvél aftan	2,20	844.000	126.600	717.400
Diskasláttuvél aftan	2,60	987.000	148.050	838.950
Diskasláttuvél aftan	3,00	1.082.000	162.300	919.700
Diskasláttuvél aftan	3,40	1.176.000	176.400	999.600
Diskasláttuvél aftan með knosara	2,60	1.309.000	196.350	1.112.650
Diskasláttuvél framan	2,60	1.101.000	165.150	935.850
Diskasláttuvél framan	3,00	1.224.000	183.600	1.040.400
Diskasláttuvél framan	3,40	1.338.000	200.700	1.137.300
Diskasláttuvél framan með knosara	3,00	1.689.000	253.350	1.435.650
Diskasláttuvél framan fyrir Fortschritt	3,90	1.271.000	190.650	1.080.350
AFTURDREGNAR DISKASLÁTTUVÉLAR				
Diskasláttuvél afturdregin með knosara	3,00	2.619.000	392.850	2.226.150
Diskasláttuvél afturdregin með knosara	3,40	2.827.000	424.050	2.402.950
DISKASLÁTTUVÉLAR (MIÐJUHANGANDI KT SERÍA)				
Diskasláttuvél aftan með knosara	2,60	1.727.000	259.050	1.467.950
Diskasláttuvél aftan	3,00	1.385.000	207.750	1.177.250
Diskasláttuvél aftan með knosara	3,00	1.860.000	279.000	1.581.000
Diskasláttuvél aftan	3,40	1.499.000	224.850	1.274.150
SAMSTÆÐUR - BUTTERFLIES				
Samstæða diskasláttuvéla	8,60	3.833.000	574.950	3.258.050
Samstæða diskasláttuvéla með knosara	8,60	4.972.000	745.800	4.226.200
STJÖRNURAKSTRÁRVÉLAR OG HEYÞYRLUR				
Heyþyrla	5,30	892.000	133.800	758.200
Heyþyrla	6,50	1.195.000	179.250	1.015.750
Heyþyrla	7,70	1.252.000	187.800	1.064.200
Stjörnurakstrarvél	4,10	721.000	108.150	612.850
Stjörnurakstrarvél	4,70	1.044.000	156.600	887.400
Tveggja stjörnu rakstrarvél rakar til hliðar	6,80	2.315.000	347.250	1.967.750
Tveggja stjörnu rakstrarvél	7,80	2.562.000	384.300	2.177.700

Öll verð án vsk. m.v. gengi Evru 164,-

Búvís ehf. | Akureyri | Sími 465 1332 | www.buvis.is

N1 verslanir sími 440 1000 www.n1.is

 7151 V190-0 Gust kuldauþpa, síð 13.900 kr.	 7151 V198-0 Gale pilot úlpa 12.900 kr.	 7151 V008-0 Frozen kuldabuxur 12.900 kr.	 9628 120020 Þjarkur samfestingur 9.760 kr.
 7151 00010-028 Hunter stígvél 9.900 kr.	 9608 096-DE Vancouver skyrt 7.200 kr.	 9608 8140-Z Conel peysa 7.900 kr.	 9617 OS1201005 Vinnuhanskar fóðraðir 690 kr.

Vinnufús fatnaður



Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 6.900 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.450. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Freyr Rögnvaldsson fr@bondi.is – Sigurður M. Harðarson smh@bondi.is
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Myndvinnsla og frágangur: Prentsníð.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LOKAORÐIN

Kjaftshögg

Að byggja upp jákvæða ímynd fyrir framleiðslu góðra matvæla og þjónustu er þrotlaus vinna sem aldrei tekur enda. Illa ígrunduð gróðasjónarmið geta líka hæglega eyðilagt áralangt uppbyggingarstarf á örskotsstundu.

Á undanförmum árum hefur verið unnið margvísst að því í íslenskum landbúnaði að bæta rekstur og auka vörugæði og sjálfbærni greinarinnar. Þar hefur verið lögð mikil áhersla á hreinleika íslenskra landbúnaðarafurða, ekki síst með tilliti til minni lyfja- og aukaefnanotkunar en þekkist í flestum ef ekki öllum löndum sem við miðum okkur við. Málið lýtur líka að umræðunni um nauðsyn tollverndar, sem harðlega hefur verið gagnrýnd. Um þetta hafa verið haldnar ráðstefnur og merkar ræður vísindamanna og fagfólks í greininni og ritaður fjöldi greina, m.a. í Bændablaðið.

Hluti af umræðunni snýst um heilsu þjóðarinnar og heilbrigði þeirrar matvöru sem hér er á boðstólum. Hafa sérfræðingar í dýrasjúkdómum og faraldursfræðum ásamt læknum á Landspítalanum rætt þar um þær hættur sem stafað geti af innfluttum matvælum og fært fyrir því haldbær rök.

Á síðum þessa blaðs hefur m.a. verið ítarlega fjallað um alifuglarækt þar sem gríðarlegur árangur hefur náðst í ræktun án fúkkalyfja, sem er viðvarandi vandamál í öðrum löndum. Árangur íslenskra kjúklingabænda og afurðastöðva hefur vakið athygli víða um heim. Því hefur verið afar dapurlegt að fylgjast með fréttum að undanförmum um að innflytjendur á kjúklingum hafi verið að blekkja neytendur með því að fela innflutta kjúklinga undir íslenskum vörumerkjum. Þetta er jafnvel enn sárara þegar haft er í huga að afurðafyrirtækin eru að hluta í eigu bændanna sjálfra.

Alifuglageirinn er ekkert einsdæmi hvað þetta varðar. Við innflutning á grænmeti hafa fyrirtæki beitt svipuðum blekkingarleiðum við að klæða klórþvegið úttent grænmeti í íslenskar umbúðir. Einnig er alveg ljóst að ekki fer allur innflutningur á svína- og nautakjöti í söluborð verslana með erlendum upprunamerkingum. Það kjöt fer ekki síður í kjötvinnslur og á veitingahús þar sem neytandinn hefur enga möguleika á að átta sig á uppruna afurðanna.

Svona vinnubrögð eru kjaftshögg fyrir þá sem af heilindum hafa unnið að uppbyggingu ímyndar íslenskra landbúnaðaravara. Því ber að fagna yfirlýsingum afurðastöðva í kjúklingaframleiðslu um að þessum blekkingarleiðum verði hætt. /HK/

LEIÐARINN

Hvað finnst þér?

Síðustu vikur hafa staðið yfir bændafundir á vegum Bændasamtakanna um allt land. Slíkir fundir eru nauðsynlegir til að miðla til bænda helstu upplýsingum úr starfi samtakanna. Það er ekki síður mikilvægt fyrir forystumenn BÍ að heyra viðhorf félagsmanna og hvað brennur helst á bændum. Í leiðara blaðsins er gjarnan tæpt á þeim málefnum sem eru í umræðunni hverju sinni og tengjast okkar atvinnugrein.

Nú gefst lesendum blaðsins tækifæri til að koma sínum hugðarefnum á framfæri og skrifa sinn eigin leiðara. Ef lesendur eru tilbúnir að deila því sem þeim liggur á hjarta og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við Bændasamtökin er tilvalið að senda leiðarann fyrir 5. desember, annaðhvort með tölvupósti á netfangið bbl@bondi.is eða með pósti á Bændasamtök Íslands, Bændahöllinni við Hagatorg, 107 Reykjavík, merkt „Leiðari“. Aðsendir leiðarar verða ekki birtir í Bændablaðinu heldur einungis notaðir sem hvatning og lagðir í hugmyndabankann í innra starfi samtakanna.

Dregið verður úr öllum innsendum leiðurum og mun einn heppinn lesandi vinna gistingu fyrir tvo á Hótel Sögu og þrírétta kvöldverð á Grillinu. /SSS

Sveitarfélagið Hornafjörður og Búnaðarsamband Austur–Skaftfellinga:

Hagsmunamál í dreifbýli – vel heppnuð sameiginleg ráðstefna

Mánudaginn 25. nóvember var haldin ráðstefna í Mánagarði í Hornafirði og bar hún yfirskriftina Hagsmunamál í dreifbýli.

Ráðstefnan var haldin á vegum Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga, en þetta er í fyrsta sinn sem þessir aðilar halda sameiginlega búnaðarstefnu. Um 50 manns mættu og boðið var upp á kjötsúpu í hádeginu og dýrindis kaffiveitingar og sá kvenfélagið Vaka í Nesjum um það. Þótti ráðstefnan takast einstaklega vel.

Á ráðstefnunni voru tíu fyrirlesarar er fjölluðu um hin ýmsu hagsmunamál er tengjast dreifbýlinu á einn eða annan hátt. Í tilefni af ráðstefnunni undirrituðu Ásgerður Gylfadóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar, og Eiríkur Egilsson, formaður Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga, sameiginlega búnaðarstefnu fyrir sveitarfélagið, sem bæjarstjórn Hornafjarðar og



Vel var mætt á sameiginlega ráðstefnu sveitarfélagsins Hornafjarðar og Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga.

Búnaðarsambandið hafa unnið að síðustu mánuði. Aðalmarkmið búnaðarstefunnar er að efla atvinnulíf og bæta búsetuskilyrði

í dreifbýlinu og er hún í raun hluti af atvinnustefnu sveitarfélagsins. Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra umhverfis- og auðlindamála,

setti ráðstefnuna og fór yfir ný verkefni ríkisstjórnar í málefnum dreifbýlis. Sigurður fagnaði gerð búnaðarstefnu Sveitarfélagsins

og Búnaðarsambandsins og taldi að þetta myndi sameina krafta dreifbýlis og þéttbýlis.

/GPM

Mynd / GPM

Líf og starf



„Kenndu mér að kyssa rétt og hvernig á að faðma nett...“ sungu Ragnar Bjarnason og Sigrún Sólmundardóttir undir þéttum harmonikkutónum Þorgeirs Ástvaldssonar á skrifstofum Bændasamtakanna. Tilefnið var opið hús hjá Bændasamtökunum þar sem bændur kynntu sér starfsemina. Myndir / HKr.

Bændadagar í borginni

Bændasamtökin buðu bændum í heimsókn í Bændahöllina föstudaginn 15. nóvember síðastliðinn til þess að kynna sér starfsemina og gera sér glaðan dag í leiðinni. Leikurinn verður endurtekinn á föstudaginn kemur þegar bændum gefst kostur á að koma á skrifstofur BÍ frá kl. 14.00 til 17.00. Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, hélt tölu þar sem hann bauð fólki velkomið og hafði á orði að það væri mikilvægt að treysta böndin á milli starfsfólks samtakanna og bændna.

Í kjölfarið fór Sindri yfir þau mál sem voru efst á baugi og því næst hélt hópurinn í stutta kynnisferð um húsið. Jón Baldur Lorange, sviðsstjóri tölvudeildar BÍ, fór yfir það helsta í hugbúnaðargerð samtakanna og Ólafur K. Ólafsson hjá Lífeyrissjóði bænda gaf allar upplýsingar um stöðu lífeyrismála. Bændurnir fræddust um það hvernig Bændablaðið verður til og Erna Bjarnadóttir fór yfir þau fjölbreyttu verkefni sem samtökin sinna þegar kemur að því að gæta hagsmuna bænda.



Slegið á léttu strengi

Eftir tveggja tíma dagskrá var slegið á léttu



Bændur fengu leiðsögn um húsið, en hér eru þeir inni hjá Lífeyrissjóði bænda sem er með aðsetur í Bændahöllinni.

Aukum lífsgæðin

Kristin Linda Jónsdóttir sálfræðingur hélt erindi niðri í fyrirlestrarsal Hótel Saga þar sem hún fór yfir það hvernig hægt er að halda starfsánægjunni lifandi og fjallaði um jafnvægi á milli vinnu og fjölskyldulífs. Greinilegt var að fyrirlestur Kristínar Lindu vakti fólki til umhugsunar um það hvað gefur lífinu gildi.



Erna Bjarnadóttir á efri myndinni og Jón Baldur Lorange til hliðar segja bændum frá hugbúnaðargerð BÍ og hagsmunabaráttunni.

ari strengi þegar Hótel Saga og Bændasamtökin buðu gestum upp á



Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, hélt erindi um það sem er efst á baugi hjá samtökunum.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Eftir orðkynngi Sigurbjarnar frá Fótaskinni í síðasta vísnaðálki verður nú mælt á mýkri tungu. Ur bréfkorni frá Ástu Sverrisdóttur í Ytri-Ásum í Skaftártungum eru næstu vísur teknar. Tvær þær fyrstu eru eftir Orm Ólafsson frá Kaldrananesi í Mýrdal:

Vakan hljóða átti óð,
æskurjóðar kinnar.
Stakan góða, lista ljóð,
lífæð þjóðar minnar.

Oft er góður óður sendur,
yljar blóði manns.
Um kjarnagróðurs ljóðalendur
liggur slóðin hans.

Um höfund næstu vísu er ekki vitað með vissu utan það að ábyggilega er hún vestur-skaftfells. Gleðiefni væri ef lesendur kynnu henni höfund:

Unir hljóð við ís og glóð,
elskar ljóðin fögur.
Okkar þjóð á engan sjóð
á við góðar stökur.

Eftir Erling Filippusson er þessi vísa ort uppá gagaraljóð. Sá rímnaháttur var mikið notaður í rímnakveðskap og kom fyrst fram á 16. öld:

Ef að færi um það sáld,
eigin heim hver byggir sér.
Erum við ekki allir skáld,
uppá sína vísu hver.

Síðasta vísan úr bréfi Ástu er svo eftir Kristján á Skálá:

Loftið í vestrinu litast sem blóð
af lækandi röðulsins eldi.
Svo hverfur í djúpið hin deyjandi glóð
og dagur er orðinn að kveldi.

Frá Ingólfi Ómari Ármannssyni eru næstu tvær vísur komnar, báðar með nokkrum kuldablæ, en hringhentar þó og oddhent sú síðari:

Hreytist mjöll um hlið og völl,
hylur fjöllin bláu.
Veðrasköllin vekja öll
vetrartröllin gráu.

Fönnin prýðir fjöllin blá,
Frónið víða klæðir.
Vetrarhríðin grim og grá
geysi stríð þá næðir.

Að endingu koma nokkrar vísur frá Iðnþingi ársins 1965. Þar var ort þéttingsmikið, enda margir þingfulltrúar hagamæltir vel. Guðmundur H. Guðmundsson sendi Bjarna úrsmið:

Bjarni Jónsson, bragsnilld þín
ber af öðrum störfum.
Öll þín ljóð og allt þitt grín
okkar nægir þörfum.

Bjarni svarar Guðmundi H.:

Þína vísu þakka má,
þessu hólíð veldur.
Þú ert ekki alveg H-
alvarlegur heldur.

Guðmundur H. kveður til Jökuls Péturssonar:

Hvar er Jökull, hvar eru allir
okkar tindar?
upphaf bestu ljóðalindar,
leika um salinn norðanvindar.

Jökull svarar Guðmundi:

Ef að jöklar allir hverfa,
er á höndum nokkur vandi.
Norðanvindar svalir sverfa
svipmótið af voru landi.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

léttar veitingar á skrifstofum samtakanna á 3. hæð. Þar birtist svo enginn annar en Raggi Bjarna ásamt harmonikkuleikaranum Þjóðkunna Þorgeiri Ástvaldssyni. Saman tóku þeir fjölda laga og ætlaði allt um koll að keyra þegar húsfreyjan í Belgsholti, Sigrún Sólmundardóttir, tók lagið með þeim félögum.

Um að gera að drífa sig í borgina!

Í tengslum við Bændadaga í borginni bauð Hótel Saga bændum upp á hagstæð kjör á gistingu og veitingum.

Enn eru nokkur herbergi laus fyrir næstu helgi en þeir bændur sem hyggjast drífa sig í bæinn ættu að hringja strax og panta í síma 525-9921. Þá býður Borgarleikhúsið upp á góðan afslátt á leiksýninguna Mýs og menn fyrir áhugasama.

Tilboð á bondi.is

Nánari upplýsingar um Bændadaga í borginni og tilboð til bænda er að finna á vef Bændasamtakanna, www.bondi.is /TB

Fréttir



Sævar Freyr Sigurðsson, stofnandi Saga Travel, með Ragnheiði Elínu Árnadóttur ferðamálaráðherra sem afhenti verðlaunin og Árni Gunnarssyni, formanni SAF.

Saga Travel fékk nýsköpunarverðlaun

Saga Travel hlaut nýsköpunarverðlaun sem afhent voru á á dögunum og er þetta í tíunda sinn sem Samtök ferðapjónustunnar afhenda verðlaunin.

Saga Travel er alhliða ferðaskipuleggjandi og ferðaskrifstofa sem lagt hefur metnað sinn í vörubróun í samvinnu við fjölda fyrirtækja í landinu öllu og heimafólk á Norðurlandi. Fyrirtækið hefur skapað sér verðugan sess í íslenski ferðapjónustu norðan heiða með því að bjóða upp á fjölbreytta afþreyingu

og nýjar ferðavörur á öllum tímum ársins og jafnvel á öllum tímum sólarhringsins.

Afar mikilvægt er að huga að vörubróun í þeirri ört vaxandi atvinnugrein sem ferðapjónusta á Íslandi er í dag með það fyrir augum að nýta betur innviði og auka framlegð í greininni. Fyrirtækið Saga Travel hefur skapað sér verðugan sess í íslenski ferðapjónustu og hefur sannarlega verið vítamínsprautu í vörubróun ferðapjónustu á Norðurlandi, segir í fréttatilkynningu frá SAF.

Farið í viðgerðir á Skrapatungurétt

Samþykkt hefur verið að ráðast í nauðsynlegar steypuviðgerðir á Skrapatungurétt til að bjarga henni frá yfirvofandi skemmdum. Er það nauðsynlegt til að koma í veg fyrir frekari skemmdir. Það eru Blönduósbær og sveitarfélagið Skagabyggð sem ætla að hafa samvinnu um verkið. Sagt er frá þessu á Húnahorninu.

Jafnframt ætlar bæjarstjórn Blönduóss, í samvinnu við Skagabyggð, að gera úttekt og kostnaðaráætlun um aðrar nauðsynlegar viðgerðir á réttinni og verður gert ráð fyrir því við gerð fjárhagsáætlunar Blönduósbæjar fyrir árið 2014.

Skrapatungurétt var byggð árið 1957 að frumkvæði tveggja sveitarfélaga, Engihlíðarhrepps og Vindhælishrepps. Við sameiningu Blönduóss og Engihlíðarhrepps annars vegar og Vindhælishrepps og Skagahrepps hins vegar er réttin í umsjón þessara sameinuðu sveitarfélaga og upprekstrafélaga þeirra, en þau nýta réttina sem skilarétt, bæði fyrir sauðfé og hross.

Í mörg ár hefur Skrapatungurétt verið landsfræg sem stóðrétt í tengslum við ævintýrasmalamennsku á Laxárdal og er því ánægjulegt að sjá fyrir endann á þessari nauðsynlegu viðgerð.

Nýir leigutakar með Laxá í Refasveit

Nýir leigutakar hafa tekið við Laxá á Refasveit, en það eru þeir Atli Þór Gunnarsson á Mánaskál, Benedikt Sigfús Þórisson í Skrapatungu og Sindri Páll Bjarnason á Neðri-Mýrum. Skipulagi veiði í ánni verður breytt á næsta tímabili og selt verður sér í Norðurá.

Á næsta tímabili verður heimilt að halda eftir einum laxi á hverja stöng daglega en eftir það má veiða og sleppa að vild. Þá verður mælt til að veiðimenn sleppi hrygnum lengri en 70 cm. Eru þetta aðgerðir til að byggja upp stofn árinna enn frekar.

Veiðileyfi í Norðurá verða seld

sér en ekki með veiðileyfum í Laxá eins og verið hefur og er það gert til að reyna að auka veiði í Norðurá. Veiðimenn hafa lítið reynt fyrir sér í ánni fram að þessu. Urriði er staðbundinn í ánni og að auki hefur laxi verið sleppt í ána. Sleppa skal öllum laxi veiddum í Norðurá en taka má allan urriða.

Veiði í Laxá á síðasta ári var góð, 475 laxar í heildina. Meðalveiði Laxár síðastliðin fimm ár var 320 laxar á tvær til þrjár stangir. Sala veiðileyfa er hafin og er hægt að panta veiðileyfi á síðunni www.refasveit.is.

Tinna borgar lífgjöfina

Þegar fé á Krossnesi í Árneshreppi á Ströndum var tekið inn á gjöf og til rúnings og smalað saman af heimalandi og eyðibýlinu Felli á laugardag kom um mánaðargamalt lamb með fénu úr Fellsdalnum.

Móðurinni, sem heitir Tinna, var sleppt út í vor sem geldri á jafnt og hrútum, sem oftast er gert til að fá pláss vegna sauðburðarins. Svo hefur hún komist í hrút fljótt eftir það og kemur nú heim með þetta vænlegasta hrútlamb.

Tinna hefur verið gjöful ær gegnum árin, en hún er nú á tíunda vetri. Úlfar Eyjólfsen bóndi á Krossnesi segir að ekkert hafi verið tekið eftir því að Tinna hafi



Ærin Tinna númer 1311 með hrútlambið í fjárhúsunum á Krossnesi. Myndir / Jón Guðbjörn Guðjónsson Litlu-Ávík

verið sverari um sig en aðrar ær um sláurtíð. Henni hafi verið gefið líf vegna þess hvað hún hafi verið frjósöm alla sína tíð, jafnan verið þrílembd og tvílembd.

„Núna kom hún með þetta hrútlamb. Hvort hún hefur átt fleiri veit enginn og ekki hægt að segja til um, en þessi ær hefur alltaf verið svolítið sérstök,“ segir Úlfar. Vetrarlamb eða jafnvel jólalamb má því kalla þetta hrútlamb undan henni Tinna á Krossnesi.

/Jón Guðbjörn Guðjónsson



Bærinn Krossnes í Árneshreppi.

Verklagsreglur BÍ um ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar birtar:

Ein umsókn barst um stuðning til söfnunar ullar

Hinn 23. nóvember 2012 staðfesti atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar. Reglurnar voru birtar í Stjórnartíðindum sama dag.

Mánudaginn 30. september 2013 var auglýst eftir umsóknum um stuðning til söfnunar ullar á vef Bændasamtakanna, bondi.is og síðan í Bændablaðinu 3. október 2013. Umsóknarfrestur rann út hinn 17. október og þegar þetta er skrifað hafði aðeins borist ein umsókn. Sá umsækjandi, ÍSTEX hf., er reiðubúinn að uppfylla öll skilyrði samkvæmt 3. og 4. gr. verklagsreglnanna.

Um fyrirkomulag um greiðslur til bænda segir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. verklagsreglnanna að fjármunum til ullarnýtingar skuli ráðstafað þannig að að minnsta kosti 84% skulu greiðast til bænda og skal fjárhæðinni deilt niður hlutfallslega eftir gæðum á hvert kíló hreinnar ullar miðað við alla innlagða ull á tímabilinu 1. nóvember–31. október samkvæmt verðskrá sem Bændasamtök Íslands útbúa.

Stjórn Bændasamtaka Íslands fjallaði fimmtudaginn 17. október síðastliðinn um svofellda tillögu að verðskrá og fyrirkomulagi vegna greiðslna til bænda, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. verklagsreglnanna.

Fjárhæðir eru áætlaðar og birtar með fyrirvara um breytingar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014.

Meðfylgjandi töflur voru birtar með annari frétt um málið í Bændablaðinu 17. október. Þar slæddust inn inn röng ártöl um greiðsludaga innvigtunarmánaðanna sem að

Verðskrá fyrir ull*

Nr	Gæðaflokkur	Áætlað verð	Stuðlar
10	H- Lamb	582	1,25
11	H-1 Flokkur	558	1,20
12	H-2 Flokkur	489	1,05
13	H-2 Lamb (lítið gölluð)	558	1,20
14	M-Svart	512	1,10
15	M-Grátt	512	1,10
16	M-Mórautt	512	1,10
22	M-2 Flokkur	140	0,30
23	M-3 Flokkur		
24	Úrkast		
26	Greitt f. Flokkun		

* Birt með fyrirvara um samþykki stjórnar BÍ og mögulegar breytingar á fjármálafrumvarpi

Innvigtunarmánuður	Greiðsludagur
Nóvember - desember	1. febrúar 2014
Janúar	1. mars 2014
Febrúar	1. apríl 2014
Mars	1. maí 2014
Apríl	1. júní 2014
Maí - júlí	1. september 2014
Ágúst - september	20. nóvember 2014


sjálfsögðu eiga að miða við næsta ár 2014. Þá hefur dagsetningu greiðsludags í nóvember 2014 verið breitt frá því sem áður var birt.

Um ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar gilda áður nefndar

verklagsreglur Bændasamtaka Íslands nr. 993/2012. Verklagsreglurnar eru aðgengilegar á bondi.is og á vef Stjórnartíðinda. Nánari upplýsingar veitir félagssvið Bændasamtaka Íslands.

Almanak
Háskóla Íslands 2014
Komin í helstu bókaverslanir um land allt.
H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N
haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003

Almanak
Þjóðvinafélagsins 2014
Árbók Íslands 2012
100. árgangur



BÆTIR, HRESSIR, KÆTIR!

Guðni Ágústsson er löngu orðinn goðsögn í lifanda lífi. Hann er annálaður sagnamaður og njóta fáir viðlíka vinsælda sem tækifærissræðumenn og hann, auk þess sem miklar sögur hafa lengi gengið um hann sjálfan.

Í þessari bráðskemmtilegu bók segir Guðni með sínum kjarnyrta hætti sögur af forvitnilegu fólki sem hann hefur mætt á lífsleiðinni – og sjálfum sér. Þá segja ýmsir þjóðþekktir menn litríkar sögur af Guðna. **Sannkallaður lífsins elixír sem bætir, hressir og kætir!**



Fréttir

Bláskógabyggð:

Reglur um samskipti trúfélaga og skóla samþykktar

Byggðaráð Bláskógabyggðar hefur samþykkt reglur um samskipti skóla og trúfélaga, sem byggðar eru á viðmiðum sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gefið út.

Þar kemur m.a. fram að leggja ber áherslu á mikilvægi vandaðrar trúarbragðafraeðslu í fjölmennings-samfélagi, en þættir í slíkri fræðslu geti verið vettvangsheimsóknir til trúfélaga og að fulltrúum þeirra sé boðið í kennslustund til að fræða um trú sína og trúfélag. Þá sé mikilvægt að fræðslan og heimsóknir sé gerð á vegum skólans og í þeim tilgangi að fræða nemendur um tiltekin

trúarbrögð, inntak þeirra, helgidóma og siði en feli ekki í sér innrætingu tiltekinna trúarskoðana eða tilbeiðslu. Heimsóknir í kirkjur í tengslum við stórhátíðir kristinnar teljast hluti af fræðslu um trúarhátíðir og menningarlega arfleifð þjóðarinnar. Gæta þarf þess að foreldrar og skólaráð séu upplýstir tímanlega um námstilhögun, námsefni og vettvangsferðir. Sama gildir um leik- og framhaldsskóla þar sem það á við. Loks segir í reglunum að eftir fremsta megni skuli forðast að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum.

/MHH



Rekstraraðilar heimilanna sem fengu viðurkenningu, talið frá vinstri: Anna Jóna Dungal, móttökustjóri Farfuglaheimilisins Lofta, Aðalheiður Simonardóttir, eigandi Farfuglaheimilisins á Dalvík, og Benedikt Björgvinsson, eigandi Farfuglaheimilisins á Kópaskeri.

Íslensk farfuglaheimili:

Í hópi þeirra bestu

Þeim sem bóka gistingu á farfuglaheimilum gegnum bókunarvél alþjóðasamtaka farfugla – Hosting International – gefst tækifæri til þess að gefa heimilunum sem þeir hafa dvalið á einkunn. Alls eru tæplega 3.000 heimili um allan heim bókunleg á bókunarvélinni, þar af 28 íslensk. Árangur íslensku heimilanna í þessari einkunnagjöf hefur verið frábær og sem dæmi um það er að eftir fyrstu 10 mánuði ársins voru

íslensk heimili í fyrsta, fimmta og sjötta sæti listans og 11 heimili voru meðal 50 efstu.

Á árlegum fundi rekstraraðila Farfuglaheimilanna sem haldinn var á dögunum fengu þrjú heimili viðurkenningu fyrir frábæran árangur. Voru þetta Farfuglaheimilið á Dalvík sem er í efsta sæti listans, Farfuglaheimilið Loft í Reykjavík sem er í fimmta sæti og Farfuglaheimilið á Kópaskeri sem er í því sjötta.

/MPB

Ekkert erlent kjúklingakjöt lengur hjá Ísfugli

Vegna umræðu í fjölmiðlum síðustu daga um sölu á erlendu kjúklingakjöti hérlandis vill Ísfugl árétta þá stefnu fyrir-tækisins að bjóða við-skiptavinum sínum eingöngu íslenskt ali-fuglakjöt. Þetta á bæði við um unnar afurðir fyrirtækisins og óunnið kjöt af kjúklingum og kalkúnum.

Eigendur Reykjabúsins, sem í áratugi hefur ræktað alifugla fyrir íslenskan markað, eignuðust Ísfugl fyrir um ári. Nýir eigendur tóku þá ákvörðun að hverfa algerlega frá sölu á erlendu kjúklingakjöti. Fyrirtækið



náði þessu markmiði sínu í sumarlok.

Eigendur Ísfugls hvetja stjórnvöld til þess að flýta gildistöku nýrra reglna um upprunamerkingar á kjöti sem áætlað er að taka upp hérlandis í desember á næsta ári. Merkingarnar eru sjálfsögð og eðlileg þjónusta við neytendur sem eiga skýlausan rétt á að vita hvort kjötið sem þeim stendur til boða er íslenskt eða erlent.

Fyrir hönd Ísfugls,
Kristín Sverrisdóttir
Jón Magnús Jónsson



Hrútarnir í Vopnafirði sem töldu sig vera að stilla sér upp til myndatöku fyrir Bændablaðið fyrir margt löngu. Þeir eru nú loks komnir á síðu í rétta miðlinum, eftir að myndin hafði birst í fjölmiðlum og á sýningarspjöldum vegna textílsýninga Sigrúnar Láru Shanko um allan heim.

Vopnfirskir hrútar orðnir heimsfrægir
Hafa prýtt sýningarspjöld Sigrúnar Láru Shanko textílkonu víðar um heim


Íslenskt sauðfé er frægt víðar en á Íslandi. Afurðir sauðkindarinnar eru víða eftirsóttar og þá ekki síst ullin fyrir sína einstöku eiginleika. Sigrún Lára Shanko textílkona er ein þeirra fjölmörgu sem hafa nýtt sér íslenska ull við hönnun sína á teppum og hefur hún á ferðum sínum um heiminn sýnt fólki myndir af skepnunum sem gefa af sér ullina góðu.

Sigrún var á heimleið eftir að hafa verið að sýna í London á sýningu fyrir lúxushótel í Evrópu þegar Bændablaðið sló á þráðinn til hennar á mánudag.

Hún var áður búin að vera með sýningu í London en þaðan fór hún til Peking. Hún sýndi einnig í Helsinki. Annars hafa verk hennar verið á sýningarferðalagi frá maí 2012 þar til í mars á þessu ári og svo aftur nú í haust.

Sigrún sendi Bændablaðinu myndir af vopnfirsku hrútunum sem hafa fylgt henni á sýningunum víða um heiminn og með myndunum fylgdi eftirfarandi frásögn:

„Þetta byrjaði allt saman fyrir þrem árum að við Finnbogi [Finnbogi R. Þormóðsson taugalífirfræðingur]



Auglýsingaspjald fyrir textílsýningu Sigrúnar Láru í Peking þar sem hrútarnir eru í aðalhlutverki.

vorum í heimsókn á Leiðarhöfn og Gunnar frændi minn var að keyra okkur um og sýna okkur rekaviðinn. Rákumst við þá á þessa tvo hrúta sem tilheyrta Leiðarhöfn. Við stoppuðum bilinn og þá var eins og við manninn mælt að þeir stilltu sér upp og voru teknar nokkrar myndir

af þeim. Frændi minn hafði á orði að trúlega héldu þeir að það væri verið að mynda þá fyrir Bændablaðið því ekki mundi hann eftir því að þeir væru svo pollrólegir við myndatöku.

Tveim árum síðar tók blaðamaður Bændablaðsins viðtal við Siggú Ólafs vöruhönnuð og mig vegna gólfteppa sem við erum að vinna úr íslenskri ull. Ég sendi Bændablaðinu myndir af hrútunum góðu frá Leiðarhöfn því myndir af þeim hafa fylgt öllu kynningarefni okkar, hvort sem er innlendu eða erlendu. En þeir komust ekki í Bændablaðið því það skall á þetta hræðilega haust í fyrra og ekkert pláss var fyrir hrútana góðu.

Eigi að síður hafa borist myndir af þeim út um allan heim og voru þeir á veggspjaldi sem hékk uppi á hönnunarsýningunni í Peking sem við tókum þátt í sem fulltrúar Íslands. Einnig voru þeir á veggspjaldi á hönnunarsýningunni 100% Design í London. Þeir hafa vakið verðskuldaða athygli sem fulltrúar íslensku sauðkindarinnar og erum við afar stolt af þeim.“

Með kærri kveðju
Sigrún og Finnbogi

Kristján Sveinsson er sannkallaður þúsundþjalasmiður:

Smíðar kjötgálga sem ætlað er að létta fólki eldhússtörf

Njarðvíkingurinn Kristján Sveinsson er smiður og umsjónar-maður fasteigna hjá Samtökum líknarfélaga í Reykjavík. Fyrir sjö árum fékk hann bráðsnjalla hugmynd að nýju eldhúshaldi, kjötgálganum svokallaða. Kristján hefur smíðað kjötgálga síðan þá og selt í allnokkru upplagi og án efa létt mörgum lífið við að skera lambalæri í eldhúsinu.

„Kristján var að dytta að íbúð þegar hugmyndin kviknaði. „Ég var að spjalla við eigandann þegar tal okkar barst að jólnum. Ég spurði manninn, sem misst hafði hægri höndina í umferðarslysi, hvað honum þætti best að borða á aðfangadagskvöldi. Viðmælandinn kvað lambalærið ávallt hafa verið hátíðarmálsverð á jólnum, svo ómótstæðilegt og gómsætt sem það nú væri. Hins vegar ætti hann ekki gott með að bjóða upp á ofnbakað lambalæri að hætti mömmu um jólin þar það væri nánast ógerningur að skera lambalæri á sleipu fati með annarri hendinni. Þetta svar mannsins



Lærið komið í gálgan.

sótti á huga minn næstu daga og mig langaði til að létta líf hans. Það er auðvitað erfitt að ímynda sér hversu mikið veruleikinn breytist við það að missa hönd. Ýmsar daglegar athafnir sem áður voru sjálfsagðar verða allt í einu flóknar og erfiðar,” segir Kristján.

Þá brá fyrir hugskotssjónir Kristjáns mynd sem kunningi hans hafði einhverju sinni sýnt honum mynd sem hann hafði tekið á ferðalagi í Evrópu af kjötlæri sem skorðað var upp við einhvers konar statíf.

„Ég tók til við smíðina inni í skúr heima hjá mér í Njarðvík, þar sem ég hef komið upp vel útbúnni smíðaaðstöðu. Eftir nokkrar þælingar um hönnun og útfærslu stóð ég aðeins tveimur dögum seinna með fullbúnn kjötgálga í höndunum. Þetta var þó eingöngu frumgerðin en ég hef smíðað þá allmarga í viðbót um leið og ég hef fundið betri lausnir á smíðinni og fullkomnari útfærslur,” segir Kristján, en hann færði einhenta manninum fyrsta gálgan að gjöf.

Hægt er að fá nafn brennt í kjötgálgann og er það mjög vinsælt að sögn Kristjáns. Verð á kjötgálganum er 15.000 kr. og er þá merking innifalin. Kristján selur kjötgálgana sjálfur en nánari upplýsingar má finna á skogarholl.com.

Nýtt fréttabréf í næstu viku

Glæsileg afmælistilboð á vélum og tækjum



Austurvegur 69 - 800 Selfoss

Lónsbakki - 601 Akureyri

www.jotunn.is

VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610

Sími 480 0400

jotunn@jotunn.is



ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir fjórhjóla og vélsleða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:



PRAMAC RAFSTÖÐVAR

PRAMAC varaafstöðvar frá 4 – 110 kW. Opnar eða í hljóðeinangruðu húsi. Vélarnar eru ýmist knúnar Perkins eða Yanmar dieselvélum
Dráttarvélatengdar-rafstöðvar frá 6 – 25 kW
Framúrskarandi viðhaldsþjónusta og þjónustuumboð um allt land
Klettur er einnig umboðsaðili fyrir CATERPILLAR rafstöðvar



KLETTUR



Leitið upplýsinga hjá sölumönnum í síma 590 5100 eða sala@klettur.is

Klettagörðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími: 590-5100 | www.klettur.is

Vitfoss

Yea-Mix Iceland og Ko-Mix Iceland Bæti- og steinefnablöndur – framleiddar fyrir íslenskar aðstæður

Innihalda lífrænt selen

- Lífrænt selen binst próteinum og því er ríkt selenmagn í broddi, mjólk og kjötafurðum.
- Dregur úr jógurbólgu og föstum hildum. Lækkar frumutölu í mjólk. Eykur frjósemi og styrkir ónæmiskerfið.
- Eykur selenstuðul í blóði við burð 20–100%, því sterkari og lífvænlegri kálfar.

Innihalda náttúrulegt E-Vítamín

- Náttúrulegt E-Vítamín hefur mun meiri virkni en tilbúið E-Vítamín

Innihalda bíótín

- Bíótín styrkir heilbrigði klaufa og feld gripa

Í Yea-Mix Iceland er Yea-Sacc

Yea-Sacc er lifandi ger sem eykur virkni vambarinnar.

Yea-Sacc eykur myndun örvera og örverupróteins, raunhærra AAT, meltanleiki trénis (NDF) eykst, hækkar sýrustig og dregur úr hættu á súrri vömb við mikla kolvetnisgjöf þar með meiri átgeta.

Rannsóknir sýna allt að:

- 15% aukningu á örverupróteins
- 10% betri meltanleiki trénis (NDF)
- 5% meiri átgeta
- Afurðaaukning 4–8%
- Þyngdaraukning við kjötsframleiðslu 6–9%

Fréttir

Listin að lifa – geðheilsa
Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur



Stöðumat

Það er einmitt í dag sem við lifum, ég og þú, núna er okkar tækifæri! Spurningin er hvernig gengur? Hvernig líður þér, á þessari stundu, þessa vikuna, mánuðinn eða árið? Einhvern veginn er það svo að tíminn líður hratt, hver dagur tekur við af öðrum og við fljótum með straumnum. Við mætum nýjum degi að morgni og leitumst við að gera okkar besta, en hvernig gengur og hvernig líður okkur sjálfum í raun og veru innst inni?

Það er dagleg áskorun að taka ábyrgð á sjálfum sér, sinni eigin líðan, líkamlegri, félagslegri og geðrænni heilsu, hamingju og lífsstíl. Munum að það er jú sannarlega okkar verkefni og engra annarra að vera við stýrið í okkar eigin lífi og stjórna því þannig að okkur takist að vera farsælar góðar manneskur sem njóta lífsins. Höfum í huga að líf okkar og líðan snýr ekki aðeins að okkur sjálfum heldur höfum við áhrif á alla þá sem deila dögnum með okkur. Líðan er smitandi, hvort sem hún er góð eða slæm þannig að þegar þér líður vel líður þeim sem þú nýtur daganna með betur, bæði fjölskyldu þinni og öllum öðrum sem þú mætir í hversdeginum.

Til að ná því að stýra eigin lífi eins vel og okkur er unnt getur verið snjallt að staldra við, einmitt núna, og velta því fyrir sér af alvöru hvernig staðan er. Gera heiðarlegt og skýrt mat á eigin lífi og líðan. Í hugrænni atferlismeðferð, sem er ein af árangursríkustu og þekktustu sálfræðimeðferðum nútímans, er svo nefnd virknitafla eitt af verkfærunum sem grípa má til. Sé það gert er ánægja einstaklingsins og færni skráð klukkustund eftir klukkustund. Þannig er unnið stöðumat til að byggja á leiðina til betra lífs.

Stöðumat gefur, eins og orðið endurspeglar, upplýsingar um stöðuna, hvort sem það er gert á lífi einstaklings, stöðu fyrirtækis eða starfsgreinar svo dæmi séu tekin. Bændur kunna vel að taka stöðuna, til dæmis þegar þeir eru að meta eigin heffing og tón til að byggja á áburðaráætlanir og kaup. Já, einmitt, stöðumat er grunnurinn til að byggja á frekari ákvarðanir, stefnu og viðfangsefni.

Núna er upplagt fyrir þig að

byrja að vinna stöðumat fyrir sjálfan þig. Það er þægilegt að nota dagbókarform eða stundaskrá og svo er bara að skrá niður klukkustund eftir klukkustund hvað þú ert að gera, hvað þú ert ánægður með og hve fær þú er í því sem þú ert að fást við hvort sem það er að horfa á sjónvarpið, mjólka, rýja eða tala við bankann. Skráðu tölu á bilinu 0-10 fyrir hverja klukkustund fyrir báða þættina, ánægju og færni. Notaðu tölurnar og vertu heiðarlegur við sjálfan þig, ekki skrifa bara aftur og aftur sjö eða átta.

Þegar vikunni er lokið, skoðaðu þá líf þitt svart á hvítu. Hvenær gafstu þér háar tölur fyrir færni, var það að morgni, síðdegis eða um miðjan dag eða var það þegar þú varst að vinna ákveðin störf? Hvar varstu þegar ánægjan var mest, varstu einn eða með hverjum varstu, hvað varstu að gera? Já, einmitt, skoðaðu líka vel hvernig vikan þín litur út, lífið þitt. Er það góð blanda af svefni, hvíldarstundum, vinnu, fjölskyldulífi og ánægjulegum stundum og áhugamálum? Eru bæði á dagskránni verkefni sem þú vinnur með öðrum og einn? Ánægjustundir sem þú átt með sjálfum þér og með öðrum, eins og til dæmis lestur og söngæfing eða spil og spjall á næsta bæ? Fæstu eingöngu við verkefni sem eru vanabundin og einsleit eða koma líka inn á dagskrána nýjar áskoranir, félagskapur eða staðir?

Það er engin ein teikning rétt af farsælu heilsusamlegu og hamingjuríku lífi enda erum við hvert með sínu móti og eigum að vera það. Samt er gott að hafa í huga að einhæfni getur boðið leiða heim. Við erum félagsverur og þurfum á samskiptum að halda. Ef vinnan yfirtekur of mikið af dögnum okkar er næsta víst að við erum að missa af tækifærum til að njóta ánægjustunda.

Galdurinn er að þekkja sjálfan sig og sína daga eins og þeir eru í raun og veru. Nýta svo upplýsingarnar til að breyta því sem þarf að breyta og gleðjast yfir því sem gott er og gera því herra undir höfði. Núna er þitt tækifæri!

Heimildir:
M. Yapko og J.S. Beck.

Skagaleikflokkurinn:

Sagnakonnan – móðir Snorra

Leikfélagið Skagaleikflokkurinn sýnir um þessar mundir Sagnakonuna – móður Snorra. Þar er varpað fram spurningunni hver var hún – sagnakonnan Guðný Böðvarsdóttir, móðir Snorra Sturlusonar, lögsögumannsins, sagnaritarans, höfðingjans. Verða slíkir menn ekki líka fyrir áhrifum af mæðrum sínum?

Óskar Guðmundsson, sagnfræðingur og rithöfundur, hefur skrifað um lífshlaup þessarar merku konu fyrir Leikfélagið Skagaleikflokkinn, Jakob S. Jónsson leikstýrir og hefur ásamt leikhópnum gert leikgerð fyrir sýninguna. Fjórar leikkonur úr hópi leikflokksins stíga hér á svið

– Guðbjörg Árnadóttir, Lilja Rut Bjarnadóttir, Erla Gunnarsdóttir og Þórdís Ingibjartsdóttir. Lýsing er hönnuð af Ingþóri Bergmann Þórhallssyni en leikmynd og búningar eru í umsjá leikstjórans og leikhópsins.

Lífshlaup Guðnýjar Böðvarsdóttur frá Görðum á Akranesi er um margar sakir merkilegt. Sagnakonnan er sýnd í Safnaskálanum að Görðum á Akranesi. Miðasala er í síma 897 4125. Unnt er að panta veitingar í tengslum við sýningu í Garðakaffi. Fjórða sýning á verkinu er í kvöld, 28. nóvember, klukkan 20.00 og síðan eru sýningar laugardaginn 30. nóvember og mánudaginn 2. desember.



Guðfaðir Límtrésverksmiðjunnar á Flúðum, Guðmundur Magnússon (t.h.), og Stefán Logi Haraldsson, framkvæmdastjóri Límtrés Vírnets, á 30 ára afmælishátíðinni. Myndir / MHH

30 ára afmælishátíð límtrésverksmiðjunnar á Flúðum

Þrjátíu ár eru nú frá því að framleiðsla á límtré hófst á Flúðum og af því tilefni bauð Límtré Vírnet til afmælisfagnaðar á Flúðum laugardaginn 16. nóvember í verksmiðju fyrirtækisins. Hægt var að fræðast um starfsemi og njóta veitinga og skemmtiatriða auk þess sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir, flutti ávarp, svo eitthvað sé nefnt.

Guðmundur Magnússon

Framleiðslu límtrés hér á landi má rekja til frumkvöðla, með Guðmund Magnússon trésmið á Flúðum í broddi fylkingar, sem brugðust við bagalegu atvinnuástandi. Hinn 18. júní 1983 hófst svo framleiðsla á límtré í nýrri verksmiðju sem reist var í Torfðal á Flúðum, eftir að tæki og töl voru keypt frá Danmörku. Fyrsta verk límtrésverksmiðjunnar á Flúðum var framleiðsla á skeifu sem var gjöf frá fyrirtækinu til hestamanna í uppsveitum og var sú skeifa reist við Murneyri.

Þrjár verksmiðjur

Sem dæmi um límtrésbyggingar



Tveir góðir, Loftur Þorsteinsson (t.v.), fyrrverandi oddviti Hrunamannahrepps og einn þeirra sem tók fyrstu skóflustunguna af Límtrésverksmiðjunni, hér með Svavari Sveinssyni, fyrrverandi bónda á Drumboddsstöðum í Biskups-tungum.



Ásgeir á Kaldbak í Hrunamannahreppi, nú búsettur á Flúðum, mætti að sjálfsögðu í afmælisveisluna.

má nefna Kringluna, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Ráðhúsið í Reykjavík, Borgarleikhúsið, Íþróttahúsið á Höfn í Hornafirði, Báruna og reiðhallirnar á Kjóavöllum og Lækjarmótum í Viðidal, sem nú eru í byggingu.

Límtré Vírnet rekur þrjár verksmiðjur eða í Borgarnesi, Reykholti og á Flúðum. Starfsmenn fyrirtækisins eru nú um 80 talsins og þar af starfa 10 við límtrésverksmiðjuna á Flúðum. Magnús Hlynur Hreiðarsson tók meðfylgjandi myndir á afmælishátíðinni. /MHH

Óskynsamlegt að kasta fjárfestingum fyrir róða

„Bæjarráð Fljótshálsbæjarðs lýsir yfir fullum stuðningi við Seyðfirðinga og telur að ferjan Norræna eigi áfram að sigla til Seyðisfjarðar eins og verið hefur um árabil,“ segir í ályktun sem samþykkt var á fundi bæjarráðs Fljótshálsbæjarðs fyrr í þessum mánuði.

Fram kemur í ályktun að bæjarráð telji, með vísan til margitrekadra samþykktar SSA um samgöngumál og samgönguöxlana þrjá á Austurlandi, að full samstaða sé innan fjórðungsins um að ferjuhöfn svæðisins hafi verið og verði áfram á Seyðisfirði.

Bæjarráð hvetur til þess að sveitarfélögin á Austurlandi gefi út afdráttarlausar yfirlýsingar í þá veru

að þau muni standa saman um að tryggja áframhaldandi siglingar ferju til Íslands frá Evrópu, um Færeysjar til Seyðisfjarðar.

Bæjarráð bendir á að á Seyðisfirði hafi af hálfu ríkis og sveitarfélagsins verið ráðist í umfangsmiklar fjárfestingar til að taka á móti slíkum ferjusiglingum og að mjög óskynsamlegt sé að kasta þeim fjárfestingum fyrir róða.

Af hálfu Fljótshálsbæjarðs og annarra sveitarfélaga á Austurlandi hefur margitrekad verið bent á nauðsyn þess að bæta samgöngur við Seyðisfjörð til að nýta betur þá möguleika sem þar er að finna til atvinnusköpunar og samfélagsþróunar Austurlandi öllu til góða.

Að mati bæjarráðs er nauðsynlegt að ríkisvaldið úthluti nú þegar auknu fjármagni til vetrarþjónustu á Fjarðarheiði, og þá með vísan til sérstöðu vegarins sem einu tengingar byggðarlagsins við þjóðvegakerfið, og við einu millilandaferju sem siglir hingað til lands.

Til lengri tíma er nauðsynlegt að ráðist verði í gerð jarðganga undir Fjarðarheiði í beinu framhaldi af gerð nýrra Norðfjarðarganga. Til að svo geti orðið þarf að ráðstafa fjármunum til rannsókna þegar á næsta ári og bæjarráð beinir því til fjárveitingarvaldsins að tryggja að svo megi verða. “

/MPB

Sjónvarp Símans nú loksins fáanlegt á bókasafninu

Ná í
appið!



Sjónvarp Símans hvar og hvenær sem er með nýja appinu

Nú getur þú horft á RÚV, Stöð 2, Skjáinn og fleiri stöðvar inni á baði, farið á Frelsið heima hjá tengdó og spólað útsendinguna tvo klukkutíma til baka í strætó. Þú gætir jafnvel horft á Meistaradeildina í beinni á bókasafninu og valið úr þúsundum mynda í SkjáBíói hjá tannlækninum.

Það kostar ekkert að nota appið fyrstu þrjá mánuðina en þjónustan kostar 490 kr. á mánuði eftir það.

Vertu í sterkara sambandi við Sjónvarp Símans með snjalltækjunum þínum!

STEEKUR

Pítsa eða barn?

Það ríkir mikil spenna á heimili mínu þessa dagana. Ég og sambýliskona mín erum óþreyjufull og spenn, börnin okkar tvö sömuleiðis. Það eru ekki jólin sem valda spennunni þó að við hlökkum vissulega öll til þeirra. Nei, ástæðan er önnur, við biðum nefnilega eftir barni.

Börnin mín fjögurra og átta ára spyrja mikið um nýja systkinið sem þau munu fá að kynnast á næstu dögum. Hvernig það muni verða, hvort það verði stelpa eða strákur, hvenær við fáum að sjá það og svo fram eftir götunum. Frá því við sögðum þeim að von væri á barni hefur óþolinmæðin aukist dag frá degi og er nú svo komið að þau biðja um að kíkt sé í póstkassann oft á dag.

Já, barnið okkar kemur með póstinum. Við biðum eftir því að eignast lítið fösturbarn í SOS þorpi einhvers staðar úti í heimi. Á næstu dögum fáum við sendan póst með upplýsingum um barnið okkar, hvað það heiti og hvar það eigi heima ásamt örlitilli baksögu um ástæður þess að það er búsett í SOS barnaþorpi. Við fáum líka mynd og nú standa yfir umræður á heimilinu um hvar sú mynd muni njóta sín best. Sumir vilja hafa hana á ísskápnum, aðrir benda á að hún færi vel í fálægum ramma ofan á píanóinu í stofunni.

Fjölskyldan er þegar farið að leggja drög að jólagjafakaupum og bréfaskriftum til nýja barnsins. Krakkarnir hafa háleitar hugmyndir um stórar dúkkur og Playmo-kastala. Við fullorðna fólkið erum raunsærri og áttum okkur á að það geta verið ýmis vandkvæði á að senda svo stórar gjafir um langa leið til fjarlæggra landa svo að pakkinn nái nú fyrir jólin. Við ætlum saman að finna eitthvað fallett fyrir nýja fjölskyldumeðliminn og börnin ætla að teikna myndir og skrifa bréf. Við hlökkum öll mikið til.

Í SOS barnaþorpunum, sem eru um allan heim, búa um 80.000 umkomulaus börn. Þessi börn hafa fengið skjól í þorpunum vegna þess að þau eru munaðarlaus eða vegna þess að foreldrar þeirra hafa ekki getað alið önn fyrir þeim af einhverjum ástæðum. Börnin koma stundum af sundruðum heimilum eða hafa þurft að þola afleiðingar stríðsátaka eða náttúruhamfara. Þau eiga oft engan að. Þegar þau eru tekin upp á arma SOS barnaþorps eignast þau móður og systkin sem umvefja þau ást, umhyggju og kærleika. Þar er séð fyrir öllum þörfum þeirra, næringu, hreinu vatni, heilsugæslu og menntun og þeim gert kleift að njóta barnæsku sinnar.

Medikem Tamirat er tvítugur strákur sem ólst upp í SOS barnaþorpi í Eþíópíu. Hann var munaðarlaus og átti enga ættingja sem höfðu kost á að taka hann að sér. Hans beið framtíð full óöryggis þangað til hann eignaðist móður í SOS barnaþorpi og styrktarforeldra sem studdu hann með fjárframlögum. Medikem er nú við nám í Harvard á fullum skólastyrk og lærir þar stærðfræði. SOS barnaþorpin urðu til þess að hann fékk þetta tækifæri í lífinu.

Að gerast styrktarforeldri barns í SOS þorpi kostar á mánuði sem samsvarar einni pítsu ásamt brauðstöngum og sósu, svona til að setja það í samhengi. Fyrir sömu upphæð gætir þú stutt barn sem á enga að svo það njóti öryggis og mannsemandi lífs.

Það kostar sem sagt 3.750 krónur á mánuði að gerast styrktarforeldri. Það jafngildir 123 krónum á dag. Hvað getur þú gert fyrir 123 krónur á dag?

/fr



Fjölmenni var á uppskeruhátíð ferðapjónustubænda á Hótel Sögu í fyrri viku.

Mynd / HKr.

Uppskeruhátíð Ferðapjónustu bænda:

Á fljúgandi ferð inn í framtíðina

Hin árlega uppskeruhátíð Ferðapjónustu bænda var haldin á Hótel Sögu í fyrri viku undir yfirskriftinni „Á fljúgandi ferð inn í framtíðina“. Á hátíðinni voru ferðapjónustubændum veitt verðlaun í tveimur flokkum, Framúrskarandi ferðapjónustubær 2013 og Hvatningarverðlaun Ferðapjónustu bænda 2013.

Á uppskeruhátíðinni veitti skrifstofa Ferðapjónustu bænda sex bæjum innan samtakanna viðurkenningar. Er það í þriðja sinn sem skrifstofan veitir verðlaun sem þessi, en viðurkenningar voru veittar í tveimur flokkum. Í flokknum Framúrskarandi ferðapjónustubær 2013 fengu eftirfarandi viðurkenningu:

Verðlaun fyrir einstaka frammistöðu

Ólafur Laufdal Jónsson og Kristín Ketilsdóttir á Grímsborgum, Þórólfur Sigurjónsson og Guðný Vésteinsdóttir á Sveitasetrinu Hofsstöðum í Skagafirði og Vilborg Þórðardóttir á Ytra Laugalandi í Eyjafjarðarsveit. Þessi viðurkenning er veitt fyrir einstaka frammistöðu á árinu og byggist matið á umsögnum gesta auk þess sem leitað var umsagna erlendra ferðaskrifstofa. Þá var einnig horft til þeirra gæða sem staðurinn stendur fyrir að mati starfsfólks skrifstofunnar.

Mikil þjónustulund

Ólafur og Kristín í Grímsborgum reka gististað sem er að mörgu leyti frábrugðinn öðrum gististöðum þar sem byggingarnar standa við minnsta hringveg landsins og hefur tekist að halda fálægri heildarmynd á svæðinu. Mikil þjónustulund einkennir gestgjafana og njóta gestir þeirra einstaklega fallegs og hlýlegs umhverfis þar sem boðið er upp á ljúffengar veitingar og góða þjónustu.

Metnaðarfull uppbygging

Þórólfur og Guðný á Sveitasetrinu Hofsstöðum í Skagafirði hafa staðið í mikilli og metnaðarfullri uppbyggingu á ferðapjónustubæ sínum þar sem lagt er upp með að hámarka ánægju gestanna með góðum aðbúnaði, frumlegum og spennandi matseðli með áherslu á ferskt hráefni úr héraðinu og sölu ýmissa ætilegra minjagripa sem eru meðal annars úr smíðju Guðnýjar.

Táknmynd sannrar íslenskrar gestrisni

Vilborg á Ytra-Laugalandi í



Framúrskarandi ferðapjónustubændur, frá vinstri: Vilborg á Ytra-Laugalandi, Þórólfur og Guðný á Sveitasetrinu Hofsstöðum og María Brá fyrir hönd Ólafs og Kristínar á Grímsborgum.

Mynd / FB



Hvatningarverðlaun, frá vinstri: Björn Ingi í Kríunesi, Harald og Bergþóra á Hótel Rauðuskriðu og Arinbjörn á Brekkulæk.

Mynd / FB

Hvatningarverðlaun

Í flokknum Hvatningarverðlaun Ferðapjónustu bænda 2013 fengu eftirfarandi viðurkenningu: Arinbjörn á Brekkulæk í Miðfirði, Harald og Bergþóra á Hótel Rauðuskriðu í Aðaldal og Björn Ingi í Gistihúsinu Kríunesi við Ellidavatn. Hvatningarverðlaunin eru veitt félagsmönnum fyrir einstaka og vel útfærða hugmynd og frumkvæði að uppbyggingu í ferðapjónustu sem miðar að skemmtilegri og innihaldsríkri upplifun fyrir gestina.

Brekkulækur

Arinbjörn á Brekkulæk hefur í fjöldamörg ár boðið innlendum og erlendum ferðamönnum upp á fjölbreyttar hestaferðir þar sem gestirnir upplifa ekki einungis einstaka náttúru landsins, heldur er lagt upp úr því að þeir kynnist heimamönnum og fái góða innsýn í sveitalífið, íslenska menningu og siði.

Hótel Rauðuskriðu

Harald og Bergþóra á Hótel Rauðuskriðu tóku tiltölulega nýlega við rekstri hótelsins úr höndum foreldra Haralds. Þau hafa haldið ótraud áfram og er enn verið að bæta svansvottuðum gistieiningum við Hótel Rauðuskriðu auk þess sem góð vinna hefur verið unnin í vörubróun á sviði fuglaskoðunar og hjóltreida.

Kríunes

Þegar Björn Ingi í Kríunesi hóf rekstur gistihúss þar, þá stóð bærinn einn og sér við vatnið. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og nær byggðin nú nánast að bæjardyrnum. Björn Ingi og fjölskylda létu ekki deigan síga og héldu áfram starfsemi sinni. Kríunes hefur skipað sér ákveðna sérstöðu sem „sveit í borg“ þar sem er lögð áhersla á fundar- og veisluhöld auk fjölbreyttrar afþreyingar í nærumhverfinu.

Lækkaðu kólesterólið á náttúrulegan hátt

Ateronon fæðubótarefni markar tímamót þegar kemur að því að viðhalda góðri heilsu hjarta og æðakerfis.

Ateronon er fyrsta og eina fæðubótarefnið sem inniheldur líffræðilega virkt Lycopene. Eitt hylki af Ateronon á dag getur hamlað oxun LDL-kólesteróls í blóði, allt að 90% á átta vikum. Virka efnið í Ateronon er Lycopene, öflugt andoxunarefni sem Miðjarðarhafsmataræði er ríkt af og hefur löngum verið tengt við gott ástand æðakerfis hjartans. Lycopene er náttúrulegt andoxunarefni sem finnst í tómötum og öðrum rauðum ávöxtum. Ateronon var þróað með það að markmiði að gera náttúrulega vöru sem hefur skýran, vísindalegan ávinning og jákvæð langtímaáhrif á líf fólks.

Vísindamenn í Cambridge hafa í samstarfi við matvælafyrirtækið Nestle uppgötvað nýja leið til að gera Lycopene líffræðilega virkt svo líkaminn geti nýtt það betur en áður hefur þekkst. Ateronon er einstakt efni og er einkaleyfisráð uppgötvun á náttúrulegu efni.

Hömlun oxunar á LDL-kólesteról er lykillinn að því að hindra að fyrirstaða myndist í slagæðum. Ateronon bætir að auki blóðflæði um allan líkamann. Fyrirstaða í æðum gerir það að verkum að blóð hefur ekki eins greiða leið út í líkamann og getur valdið heilsutjóni. Ateronon er auk þess eina fæðubótarefnið sem með góðum árangri hamlar oxun LDL-kólesteróls og er staðfest með rannsóknum. Ateronon má taka með lyfsseðilskyldum lyfjum. Það er unnið á náttúrulegan hátt og hefur engar þekktar aukaverkanir.

Fólk sem þolir ekki soja, tómat eða mysuprótein getur ekki notað vöruna. Hylkin innihalda ekki erfðabreytt efni (GMO free).

Umsagnir sérfræðinga:

„Ateronon virðist hafa áhrif á efnaskipti og LDL-kólesteról á allt annan hátt en hefðbundin andoxunarefni. Það er vegna þessarar virkni sem Ateronon



lofar góðu í baráttunni við að minnka hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum til langs tíma.“

Dr. Howard Sesso

Aðstoðarprófessor í læknisfræði við Harvardháskóla í Boston

„Algjörlega ný leið í meðferð á háu kólesteróli í blóði.“

Prófessor Anthony Leeds

Stjórnarmaður í HEART UK



Femarelle er algjört undraefni fyrir mig



Soffía Káradóttir

Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaöldri. Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrra- vetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægu sinni með vöruna.

Ég var að byrja á breytinga- aldrinum en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum, segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun voru öll einkennin horfin.

Eftir að ég byrjaði á Femarelle sef ég samfelldan svefn, finn ekki fyrir hitakófum eða fótaóeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamanum.

Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna fyrir breytingaöldrinum. Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst Femarelle, þvílíkt undraefni.

Kærar þakkir, Soffía Káradóttir



Frábærar töflur sem ég mæli hiklaust með



Margrét Viðarsdóttir

Ég fór í aðgerð og þurfti að nota lyf í kjölfarið, sem varð til þess að hárið á mér varð líflaust og rytjulegt. Einnig var ég líka með töluvert hárlas vegna lyfjanna og þurfti ég t.d. alltaf að tæma niðurfallið í sturtunni eftir hvert skipti í sturtu, svo mikið var hárlasið.

Í ágúst sl. byrjaði ég að nota Hair Volume og hef ég og hárgreiðslukonan mín tekið eftir því hve miklu líflegra hárið er, það glansar meira og hárvöxturinn hefur líka aukist mikið. En samt hefur annar hárvöxtur á líkamanum ekki aukist og finnst mér það mikill munur. Ég tók líka eftir því að neglurnar eru sterkari og húðin mun betri, þannig að það er svo margt gott við að nota Hair Volume töflurnar. Frábærar töflur sem ég mæli hiklaust með.

Með kveðju, Margrét Viðarsdóttir



Þvílíkur léttir, nú get ég verið ég sjálf með Femarelle



Bryndís Jóhannsdóttir

Ég hef alla mína ævi verið mjög heitfeng en þegar ég fór inn á breytingaskeiðið þá var eins og það væri ólýsanlegur hiti innra með mér. Mér leið eins ég væri í bakarofni, ég logaði að innan. Fólkíð í kringum mig fékk að finna fyrir því, ég opnaði alla glugga upp á gátt, var með viftu og blöð fyrir blævæng og öllum var kalt

nema mér! Þessi hitaköst voru farin að kosta óþægindi á næturnar líka.

Ég varð að finna lausn á þessu, þetta gat ekki gengið svona áfram. Ég fékk hormóna hjá lækni, sem neyðarúrræði og mér leið ekki vel að taka þá inn. Þá sá ég umfjöllun í blaði um Femarelle, það er náttúruleg lausn, án hormóna og ákvað að prófa það. Ég fann fljótlega, eftir upb 2-3 vikur að mér leið strax mun betur og þessi óbærilegi hiti innra með

mér, hvarf. Þvílíkur léttir, nú gat ég verið ég sjálf, og mér líður mjög vel á breytingaskeiðinu og ég veit hreinlega ekki hvar ég væri stödd ef ég hefði ekki kynnst Femarelle.

Takk fyrir, Bryndís Jóhannsdóttir

IceCare
þín heilsa

Þú finnur okkur á:



Grípa þarf til róttækra aðgerða svo að mjólkurframleiðslan nái að fullnægja innanlandsmarkaði

– Jóhann Nikulásson, kúabóndi í Stóru Hildisey II í Austur-Landeyjum, vill flytja inn nýtt kúakyn til landsins

Jóhann Nikulásson og fjölskylda eru með stórt og myndarlegt kúabú á Stóru Hildisey II í Austur-Landeyjum. Þau hafa búið á bænum í bráðum þrettán ár en bjuggu áður í Akurey í Vestur-Landeyjum í níu ár. Í dag búa þau með um 80 mjólkurkúr og er mjólkurkvóti búsins tæpir 450.000 lítrar en framleiðslan nokkru meiri, um 500.000 lítrar á ári. Jóhann hefur látið málefni kúabænda til sín taka og er virkur og góður félagsmálamaður. Hann liggur ekki á skoðunum sínum eins og lesa má úr þessu viðtali, sem var tekið í tilefni af hvatningu til kúabænda um að auka afurðir sínar til að standa undir mikilli eftirspurn eftir mjólkurafurðum hér heima og erlendis. Hann segir tíðindin ánægjuleg en þau komi sér ekki á óvart eftir að hafa rýnt í þau gögn sem komið hafa fram um innvigtun og sölu mjólkurafurða undanfarin misseri.

– Hvað er hægt að gera til að auka mjólkurframleiðsluna sem fyrst og heldur þú að bændur séu almennt klárir í það?

„Til skemmri tíma lítið er ég þess fullviss að við getum náð að sinna þessari auknu þörf, bændur geta seinkað slátrun kúa og aukið kjarnfóðurgjöf. En hins vegar ef framleiðsluspár og spár um söluþróun til lengri tíma ganga eftir þarf að mínu mati að grípa til róttækari aðgerða, svo sem með innflutningi erfðæfnis, ef ekki á að skapast hætta á að mjólkurframleiðslan nái ekki að fullnægja innanlandsmarkaði.“

Nýtt kúakyn

– Eigum við að flytja inn nýtt kúakyn til landsins og hvernig eigum við þá að standa að því?

„Já, mín skoðun er sú að við eigum að gera það, af fjölmörgum ástæðum. Skynsamlegasta leiðin er að flytja inn sæði til almennrar dreifingar hjá þeim sem hafa áhuga á að nota það líkt og þekkist nánast alls staðar í veröldinni þar sem nautgriparækt er stunduð af einhverri alvöru. Það er langskilvirkasta og ódýrasta leiðin, sem skilar árangri á fáeinum árum. Með því að flytja inn kyngreint sæði væri einnig mögulegt að fjölga verulega kvigukálfum, sem er einmitt það sem við þurfum á að halda til að sinna ört vaxandi markaði.“

Vill flytja inn NRF-kynið frá Noregi

– Hvaða erfðæfni (af hvaða kyni) væri skynsamlegast að flytja inn og af hverju?

„Skynsamlegast væri að flytja inn NRF-kynið frá Noregi. Meðal ástæðanna fyrir því er að ræktunaráherslur þeirra eru að stærstum



Jóhann Nikulásson, kúabóndi í Stóru Hildisey II. Hann vill flytja inn nýtt kúakyn til landsins. Hann segir að með því að flytja inn kyngreint sæði væri einnig mögulegt að fjölga verulega kvigukálfum, sem er einmitt það sem við þurfum á að halda til að sinna ört vaxandi markaði. Myndir / MHH



Jóhann situr í stjórn Landssambands kúabænda. Þessi mynd var tekin á aðalfundi á Hótel Selfossi í mars 2012.



Loftmynd af Hildiseyjarbæjunum í Austur-Landeyjum, kostjarðir. Mynd / Jón Karl Snorrason

hluta á heilbrigði og frjósemi, sem eru þeir þættir sem við höfum sáralitla möguleika á að ná árangri með vegna þess hve stofninn okkar er lítill. Innflutningur á erfðæfni af þessu tagi myndi einnig hafa bylt-ingarkennd áhrif á vinnuþáttinn.

Það vita flestir sem komið hafa nálægt mjóltum erlendis að jógur- og spenagerðin er miklu betri og jafnari, kýrnar eru mun háfættari og rólegri í skapi og eru að jafnaði mun fljóttari að mjólkast. Innflutningur á erfðæfni myndi einnig gerbylta möguleikum íslenskra kúabænda á að stunda hagkvæmari kjótfra- leiðslu; naut af NRF-kyni ná 300 kg fallþunga að meðaltali á 17-18 mánuðum, sem er fjórðungi meira kjöt á þriðjungi styttri eldistíma en hér gerist. Nyttin myndi einnig yaxa, enda verður hún að gera það. Í nágrannalöndunum er t.d. talið að hver legubás þurfi að skila 9.500 kg mjólkur árlega, svo unnt sé að standa undir þeim kostnaði sem bygging á nýju fjósi hefur í för með sér. Hér á landi er nauðsynlegt að halda áfram að endurnýja framleiðsluáðstöðuna;

til þess að það sé mögulegt verða ný fjós að skila miklu meiri afurðum en þau gera í dag.“

Jóhann segir að hér séu ótaldar þær stórstígu framfarir sem eru að eiga sér stað í kynbótastarfinu sjálfu á Norðurlöndunum.

„Skandinaviskir kollegar okkar hafa, eins og að framan greinir, aðgang að kyngreindu sæði í mjólkur- og holdakynin. Þannig geta þeir nánast ákveðið að fá kvígur undan bestu kúnum og efnilegustu kvígum. Svigrúmið sem þar myndast nýta þeir í auknum mæli til að sæða lókustu kýrnar með holdasæði, nokkuð sem íslenskir kúabændur hafa nánast ekkert svigrúm haft til að gera í meira en áratug. Nautin eru í auknum mæli valin með úrvali á grunni erfðamarka (genomisk selektion), þ.e. um leið og nautkálfur fæðist er hægt að segja fyrir um hvernig kynbótagripur hann muni reynast og með þessari nýju tækni minnkar ætliðabilið um allt að helming. Þessi nýja tækni er talin ámóta byltning í kynbótum og notkun sæðinga hafði í för með sér á sínum tíma. Énn fremur verður mun auðveldara að hafa hemil á skyld-leikaaukningu stofnanna. Þá hafa þessir félagar okkar einnig aðgang að langlifara sæði, sem eykur hagkvæmni sæðingastarfseminnar og eykur frjósemi.“

Meðalnyt hér svipuð og í Svíþjóð fyrir rúmlega 35 árum

– Eru íslenskar kýr ekki nógu góðar og hvað veldur þá því?

„Á undanförmum árum hefur náðst talsverður árangur í að auka nyt íslensku kúnnna. Sá árangur er þó ekki meiri en svo að meðalnyt hér á landi í dag er svipuð og hún var t.d. í Svíþjóð fyrir rúmlega 35 árum. Jógurgerðin hefur lagast nokkuð. Það er hins vegar staðreynd að í nánast öllum þáttum sem hugað er að í kynbótastarfi standa íslensku kýrnar skandinavískum stallsysturum sínum óralangt að baki, eins og getið var um hér að framan.

Á meðan kollegar okkar eru tveir við mjaltir í mjaltabás með 24 tækjum verða jafn margir að vera við mjaltir í helmingi minni mjaltabásam hér á landi. Líkast til kemur þessi gríðarlegi munur á vinnuframlagi við mjaltir þó gleggst fram ef notaður er mjaltabjónn til að mjólka kýrnar, en hér á landi þykir það harla gott ef hægt er að leggja inn 350 þús- und lítra eftir mjaltabjóninn á meðan svipað viðmið í nágrannalöndunum er á bilinu 6-700 þúsund lítrar.

Vanhöld á kálfum eru viðvarandi 12-14%, á meðan þau eru 3% í Noregi. Það sem veldur þessu er fyrst og fremst þær takmarkanir sem lítill stofnstærð setur okkur hvað varðar möguleika á erfðafarmörum.

Því miður eru reyndar allt of margir kúabændur sem sinna ræktunarstarfinu með hangandi hendi. Það hefur nýlega verið staðfest með rannsóknum, þar sem niðurstöðurnar sýna að árangurinn af kynbótastarfinu er bara 65% af því sem hann gæti verið ef allir bændur tækju fullan þátt í starfinu.

Þrátt fyrir mikinn áróður svo árum skiptir breytist það ástand ekkert. Hinar nýju aðferðir í kynbótastarfinu sem ég gat um að framan valda því síðan að bilið milli okkar og kolleganna í grannlöndunum mun vaxa hraðar á næstu árum en nokkru sinni.“

– Heldur þú að það sé almenn stemning á meðal kúabænda að blanda við íslenska kúastofninn nýjum erlendum stofnum, norskum kúm eða einhverju slíku?

„Ein af athyglisverðari niðurstöðum viðhorfskönnunar Lands- sambands kúabænda sem gerð var sl. vetur var að verulegur hluti þeirra bænda sem ekki kærir sig

um innflutning á erfðæfni sinnir ræktunarstarfinu jafnframt af hvað minnstri alúð. Þeir nota t.d. heimanaut í stórum stíl, bæði á kýr og kvígur, sem dregur verulega úr heildarmöguleikum kúabænda til að ná framförum í ræktunarstarfinu. Það er vitanlega dapurleg niðurstaða en sýnir jafnframt að kynbætur með innflutningi á erfðæfni verða ekki unnar í fyrirsjáanlegri framtíð á félagslegum vettvangi bænda.“

– Nú seljast allar mjólkurafurðir, eigum við að einbeita okkur fyrst og fremst að innanlandsmarkaði eða á allur heimurinn að vera undir?

„Heimamarkaðurinn er okkar lifibrauð og honum þarf að sinna af alúð og kostgæfni. Öllu máli skiptir að hann hafi á hverjum tíma aðgang að nægjanlegu hráefni frá íslenskum kúabændum, enda er sá stuðningur sem greinin fær úr sameiginlegum sjóðum ætlaður til lækkunar á vöruverði á innanlandsmarkaði. Eftirspurn eftir mjólkurafurðum eykst á heimsvísu ár hvert um sem nemur allri ársframleiðslu Nýsjálendinga eru í dag ráðandi aðili í viðskiptum með mjólkurafurðir á útflutningsmörkuðum.

Ísland er ríkasta land í heimi af ferskvatni, sem nefnt hefur verið olía 21. aldarinnar, og á vannýtt graslandi í talsverðum mæli. Til þess að það geti gert sig gildandi á erlendum mörkuðum með mjólkurafurðir þarf að lækka framleiðslukostnaðinn talsvert, m.a. með innflutningi á erfðæfni. Greinin á tvímælalaust að nýta möguleika sem í því felast til að þróast og sækja fram.“

Bjart fram undan og hugsanlega að skapast möguleikar á að komast út úr kvótakerfinu

– Er þessi tími sem núna er að ganga í garð sá hjartasti í sögu íslenskra kúabænda?

„Í hartnær þrjá áratugi hefur haldið aftur af mjólkurframleiðslunni með kvótakerfi sem vísast til var nauðsynleg ráðstöfun á sínum tíma. Ekki verður þó framhjá því lítið að á þessu tímabili hafa tugir milljarða farið í að kaupa mjólkurkvóta þeirra framleiðenda sem hafa hætt. Það að nota jafn mikla fjármuni til þess arna og raun ber vitni er auðvitað eitthvað sem getur ekki gengið til lengdar. En ef fram fer sem horfir og áætlanir um söluþróun ganga eftir er hugsanlega að skapast einstakt tækifæri til þess að greinin hafi raunverulega möguleika á að komast út úr þessum ógöngum, með afnámi kvótakerfisins, niðurlagningu á opinberri verðlagningu á lágmarks- verði til bænda og síðast en ekki síst með stórsókn í útflutningi mjólkurvara. Því er það svo að í þau rösklega tuttugu ár sem ég hef staðið í þessum rekstri hefur að mínu áliti aldrei verið jafn bjart fram undan fyrir greinina.“

– Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri?

„Já, í stefnuýfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er þess sérstaklega getið að ríkisstjórnin muni gera landbúnaðinum kleift að nýta þau söknarfæri sem aukin eftirspurn eftir matvælum á heimsvísu kann að skapa. Þá hefur ráðherra málaflokksins á fundi meðal bænda nýverið ítrekað þetta sjónarmið. Í ljósi þess sem ég hef nefnt hér að ofan um kynbætur og ef hugur fylgir máli hjá stjórnvöldum er ég þess fullviss að ef rétt er á málum haldið eru hér verulega vanýttir möguleikar til stóraukinnar framleiðslu nautgripaafurða. Mér er til efs að nokkur frumframleiðsluatvinnugrein í landinu búi yfir jafn miklum möguleikum til framleiðniaukningar og nautgriparæktin gerir,“ segir Jóhann að lokum. /MHH

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónavilgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tæknipplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.

KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Tjónaskoðun
Mössun / snyrting á lakki

Rétting og málning
Innréttingar / áklæði

Framrauðskipti
Dekkþjónusta

Bílaþvottur / djúphreinsun
Smavilgerðir

Drághals 6-8 • 110 Reykjavík, sími 567 0690 • netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is

ÁRAMÓTA TILBOÐ

www.buvis.is
Verið velkomin á vefsíðu okkar

TRAUST OG GÆÐI
VELDU BÆÐI



BÚVÍS - SÖLUAÐILI



RAUCH Á ÍSLANDI
wir nehmen's genau

RAUCH
wir nehmen's genau



MDS19.1K Verð: 625.000.-
TILBOÐSVERÐ: 531.250.-
Verð m.v. gengi evru 164,-. Verð án vsk.

ÁBURÐARREIFARI

MDS 19.1K

900 lítra stækkanlegur upp í 1800 lítra
Diskar og dreifibúnaður úr krómuðu nickel stáli
Dreifibreidd 10 til 18 metrar.
Einföld kúpling til að smella diskum af, til stillingar og viðhalds.
Drifskafi fylgir.
Prófunarsett fyrir áburðarflæði fylgir.
Fáanlegur með jaðarbúnaði (skurðbakkabúnaði).

Einnig MDS 19.1Q

Útbúinn fyrir sjálfvirka magnskömmun án tillits til aksturshraða



AXIS 30.1K Verð: 1.095.000.-
TILBOÐSVERÐ: 930.750.-
Verð m.v. gengi evru 164,-. Verð án vsk.

ÁBURÐARDREIFARI

AXIS 30.1K

1200 lítra stækkanlegur upp í 3000 lítra
Diskar og dreifibúnaður úr krómuðu nickel stáli
Tveggja hólfar
2 gluggar til að fylgjast með áburðarmagni.
Dreifibreidd: Fáanlegur 12 til 42 metrar
Drifskafi með kúplingu
Prófunarsett fyrir áburðarflæði fylgir.
Fáanlegur með jaðarbúnaði (skurðbakkabúnaði).

Einnig AXIS 30.1Q

Útbúinn fyrir sjálfvirka magnskömmun án tillits til aksturshraða



AXEO 6.1 Verð: 660.000.-
TILBOÐSVERÐ: 561.000.-
Verð m.v. gengi evru 164,-. Verð án vsk.

SAND- OG SALTDRIFARI

AXEO 6,1

Fyrir allt að 1000 kg af sandi / salti.
Mikil dreifinákvæmni (getur sparað allt að 30% af sandi eða salti)
Dreifibreidd 1 til 8 metrar
Drifskafi fylgir Fáanlegur með vökvamótor
Áfylling endist 10 til 11 km, miðað við 2 m dreifibreidd og 30 gr.
á fermetra af salti

Einnig AXEO 6.1Q

Útbúinn fyrir sjálfvirka magnskömmun án tillits til aksturshraða

Búvís
Akureyri

Búvís ehf. | Akureyri | Sími 465 1332 | www.buvis.is



SAUÐFJÁRRÆKT Á ÍSLANDI

ALHLIÐA FRÆÐSLURIT UM ÍSLENSKT SAUÐFÉ OG SAUÐFJÁRRÆKT


Frá hestum til hestafla

ÞRIÐJA BÓK BJARNA GUÐMUNDSSONAR UM VÉLVÆÐINGU LANDBÚNAÐARINS



★★★★★
Morgunblaðið

Tvö ómissandi rit fyrir alla sem áhuga hafa á landbúnaði: Þriðja bók Bjarna Guðmundssonar á Hvanneyri um vélvæðingu landbúnaðarins og fyrsta fræðirit sem komið hefur út um sauðfjárrækt á Íslandi.
Glæsilegar bækur!





Gunnar Aðalsteinn Thorsteinsson í forlata peysu með rennilás sem er ein af yfir hundrað peysum sem þessi fyrrverandi bóndi í Eyjafjarðarsveit hefur prjónað síðan 2004.

Myndir /HKr

Gunnar Aðalsteinn Thorsteinsson, fyrrum bóndi á Arnarstöðum í Eyjafjarðarsveit:

Lærði að prjóna sem barn og prjónar nú lopapeysur af mikilli snilld

Gunnar Aðalsteinn Thorsteinsson er Reykvíkingur að uppruna, fæddur 27. apríl 1944, en að hluta alinn upp vestur á Mýrum í Borgarfirði. Hann var í fjölda ára bóndi á Arnarstöðum í Eyjafjarðarsveit en eftir að hann hætti búskap hefur hann prjónað lopapeysur af miklum móð.

Gunnar prjónar peysur, ýmist heilar, hneptar eða með rennilás. Tölur og rennilása setur hann á sjálfur. Þá prjónar hann líka hettupeysur, húfur og vesti. Allt er þetta afar vandað og eru peysurnar orðnar á annað hundraðið heldur Gunnar, þó að hann hafi ekki yfir það nákvæmt yfirlit.

„Mamma mín kenndi mér að prjóna þegar ég var strákur,“ sagði Gunnar þegar hann kom í heimsókn á ritstjórn Bændablaðsins síðastliðinn föstudag. „Ég er fæddur hér í bænum en alinn upp að hálfu leyti vestur á Mýrum. Þegar ég var um tvítugt fór ég að myndast við að prjóna mér eina peysu. Svo snerti ég ekkert á þessu neitt meira í fjölmörg ár. Enda fór ég að búa fyrir norðan, á Arnarstöðum í Eyjafjarðarsveit.“

Gunnar bjó á Arnarstöðum í Eyjafjarðarsveit ásamt konu sinni, Valgerði Kristínu Eiríksdóttur, frá árinu 1982. Samkvæmt síðara bindi Byggðir Eyjafjarðar sem kom út 1993 voru þar þá 13 kyr og 16 aðrir nautgripir. Þá voru 142 kindur, 35 hross, 30 hænur og 10 aðrir alifuglar. Bærin stendur austan Hólavegar við rætur Hólafjalls. Túnin við bæinn ná niður að Eyjafjarðará og beitoland er í



Gunnar íklæddur sýnishornum af prjónverki sínu.

hliðinni ofan við bæinn og eyðibýlið Nýibær tilheyrði Arnarstöðum.

Byrjaði aftur að prjóna eftir að hann hætti búskap

„Ég hætti búskap um árið 2000 og flutti svo suður. Það var svo eftir 2004 sem mér datt í hug að fara að rifja aftur upp prjónamennskuna, til að hafa eitthvað á milli handanna þegar



Starfsfólki Bændasamtakanna þótti mikið til prjónaskapar Gunnars koma.

maður væri ekki að vinna. Svo vatt þetta bara upp á sig.“

–Ertu þá að prjóna fyrir hvern sem er eða bara ættingja, vini og kunningja?

„Ja, það hafa alltaf annað slagið komið pantanir.“

Gunnars segist hafa fengið uppskriftabók hjá Handprjóna-sambandinu en þar fyrir utan hefur hann hannað inn í það mynstur, texta, rúnatákn og dýramyndir af mikilli snilld.

Snýst aðallega um að hafa eitthvað á milli handanna

–Það er örugglega handtak og mikill tími sem fer í eina svona peysu?

„Þetta eru svona 30 til 35 tímar.“

–Varla er tímakaupið sérlega hátt þegar búið er að draga kostnaðinn frá?

„Nei, tímakaupið er ekki hátt. Ég hef selt svona peysur eins og ég er í á sextán þúsund krónur. Ef þær eru með hettu, rennilás eða hneptar hef ég verið að selja þær á átján þúsund. Efnið í eins svona peysu kostar hátt í sex þúsund, svo að tímakaupið er ekki hátt. Enda snýst þetta aðallega um að hafa eitthvað á milli handanna.“

Miðað við þetta er tímakaupið hjá Gunnari, eftir að búið er að draga efniskostnaðinn frá, á bilinu 280 til 330 krónur. Það er trúlega eitthvað lægra en sést hefur á launaseðlum skiptastjóra í þrotabúum banka og stórfyrirtækja á síðustu misserum.

/HKr:

VÉLBODI

Íslensk hönnun & framleiðsla

Sérhannað fyrir íslenskar aðstæður
Góð viðgerðar- og varahlutapjónusta
Áratuga reynsla

**Veljum
Íslenskt!**



Miðflótttaafisdæludreifari
Fyrir kúamykju. Líttbyggður á flotdekkjum.



Snekkjudæludreifari
Fyrir fjárhúskjallara, lausagöngu og kúamykju. Hrærir upp í haughúsum, tekur upp í sig og dreifir mjög vel.



Keðjudreifari
Mjög sterkbyggður og léttur dreifari fyrir tað.



Snigil- og snekkjudæludreifari
Sérhannaður fyrir minkaskit.



Skádæla/Brunndæla
Fyrir allar stærðir og gerðir haughúsa.



Haughræra
Fyrir allar stærðir og gerðir haughúsa.



Valtari
Vatnsfylltur valtari í mörgum stærðum.



Flatvagn
Sterkbyggður og léttur, á veltihásingu með flotdekkjum. Margar stærðir í boði.




Mykjudreifari á krókheysi
Ótal útfærslur í boði eftir séróskum.

Nánari upplýsingar í síma: 565-1800

www.velbodi.is

Allir lesa
Bændablaðið



Smáauglýsingar
56-30-300

**Dreift í 31 þúsund eintökum
á 385 dreifingarstaði
og 4.000 býli á Íslandi**



**Bók sem
hlýjar og gleður**

Aðgengileg bók með uppskriftum að yfir 50 fjölbreyttum vettlingum. Hentar bæði byrjendum og vönu þrjóna fólki.

Leiðbeinandi verð
3.990,-

Stórvirki

Safnvörðurinn Þórður í Skógum veitir lesandanum hlutdeild í heim sem er í senn heillandi og brotgjarn. Listasaga fátækrar þjóðar birtist hér í máli og myndum.

Leiðbeinandi verð
4.990,-




**Sunnlenska
bókakaffið**
Opíð alla daga í des.
frá 12-18
netbokabud.is



Kjarni málsins Ekkert viðhald



Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða gluggar@kjarnagluggar.is



Kjarnagluggar

Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

ÁUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN



Mest seldu jarðvarmadælurnar á Íslandi

Thermia varmadælur loft í vatn og vatn í vatn (jarðvarmadælur).

Hafðu samband og kynntu þér mögulegan orkusparnað með varmadælu. Þjóðum frjá ráðgjöf og útreikninga um mögulegan orkusparnað.

Vertu velkominn í hóp ánægðra viðskiptavina, við bjóðum þér að hafa samband við okkar viðskiptavini til þess að kynna þér gæði og þjónustu okkar.

Thermia fagnar 90 ára afmæli í ár og er í eigu Danfoss.



Sími: 517 0270
VERKLAGNIR.IS

Sérfræðingar í varmadælum!
Smíðjuvegur 70 - 200 Kópavogur
www.verklagnir.is - info@verklagnir.is

BÍLSKÚRA- OG IÐNADARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum.



Þær eru léttar og auðveldar í notkun. Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótardrifi.

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, Fax: 567-5192

Að kunna að temja hjálpar við járningar

– segir Gunnar Halldórsson, nýkrýndur Íslandsmeistari í greininni, sem í tvígang hefur hlotið alla þrjá bikara í gæðingamóti Skugga

Mýramaðurinn Gunnar Halldórsson, tamningamaður á Arnbjörgum, varð nú í nóvember Íslandsmeistari í járningum á móti sem haldið var í Hveragerði. Þar keppti Gunnar ásamt sjö öðrum og bar sigur úr býtum. En hvenær vaknaði áhugi hans á hestum?

„Ég man ekki eftir mér öðruvísi en með áhuga á dýrum og þá sérstaklega hestum og hundum. Þegar ég var fjögurra ára, árið 1982, flutti fjölskyldan úr Reykjavík að Þverholtum á Mýrum. Í framhaldi af því komu hingað nokkrir hestar frá frændfólki okkar í Bakkakoti í Landeyjum. Við bræðurnir fengum að velja sinn hestinn hvor og þá eignaðist ég hana Lísu mína. Hún var ljósaskjött, frekar lítill, ekki sérlega falleg en reyndist mjög vel sem ræktunarhryssa. Hún var þó aldrei tamin neitt sérstaklega.“

Sígursæll á hestamótum

Ekki varð aftur snúið, hestabakterían var komin til að vera. Gunnar hefur keppt á öllum landsmótum hestamanna frá árinu 2002 og einnig á nokkrum fjórðungsmótum. Hann hefur unnið A-flokk gæðinga hjá hestamannafélaginu Skugga í Mýrasýslu síðastliðin átta ár og einnig unnið í B-flokki. Þá hefur hann átt glæsilegasta hest mótsins nokkrum sinnum og tvisvar verið valinn knapi ársins hjá Skugga.

„Ég hef líka keppt á Íslandsmótum og að sjálfsögðu á minni mótum innan héraðs og utan. Tvisvar sinnum hafa mér hlotnast allir þrír bikararnir á gæðingamóti Skugga.“



Gunnar járnar með dyggri aðstoð Öglu dóttur sinnar.

Gunnar er sjálfmenntaður í járningum en hefur tekið próf Félags tamningamanna í tamningum og segist þess vegna vera titlaður tamningamaður í símaskránni. Segist hann þó að mestu hættur tamningum

nema á sínum eigin hestum. Járningar starfar hann mikið við, að mestu í næsta nágrenni í Borgarfirði og á Snæfellsnesi en fer þó stundum lengra. Hann segir galdurinn við góðan járningamann vera að geta



Gunnar keppir á gæðingnum Eskli frá Leirulæk sem er hans helsti keppnishestur. Mynd / Dagur Brynjólfsson

skilið hestinn. – „Að hafa lært að temja hjálpar mér til dæmis mjög mikið við járningar, hvernig á að nálgast hestinn og hafa skilning á eðli hans.“

Ræktunin skilar árangri

Arnbjörg er einnig nafn á ræktunarbúi fjölskyldunnar og einn hestur úr búinu lék til dæmis hlutverk í nýlegri mynd Benedikts Erlingssonar, Hross í oss. Hvernig kom það til?

„Ég var ásamt mörgum öðrum aðstoðarmaður með hesta í myndinni og merin okkar, hún Brák, var í einu af burðarhlutverkunum. Hún hlaut þar hræðileg örlög en er sprellumfandi í dag. Það sýnir hvað galdur kvikmyndalistarinnar er mikill.“

Arnbjörg eru nýbýli út úr Þverholtajörðinni þar sem Gunnar býr nú með fjölskyldu sinni.

Eins og fyrr segir flutti Gunnar í Þverholt með foreldrum sínum Ragnheiði Guðnadóttur og Halldóri Gunnarssyni og eldri bróður Guðna. Síðar bættust við systurnar Heiðrún og Guðrún og í Þverholtum bjó fjölskyldan í rúma tvo áratugi og rak stórt kúabú. Halldór lést árið 2006 og þá var jörðin seld.

– *En kom það aldrei til greina að þú yrðir kúabóndi í Þverholtum?*

„Nei, áhugasviðið lá meira í hestunum. Maður getur ekki verið kúabóndi með hálfum huga.“

Arnbjörg eru í um 25 km fjarlægð frá Borgarnesi en Gunnar og kona hans Guðríður Ringsted, hjúkrunarfræðingur og tónlistarkona, fluttu þangað í nýbyggt hús árið 2010. Guðríður starfar í Borgarnesi og þar eru börnin þrjú líka í skóla og leikskóla. Gunnar segir þau ekkert finna fyrir fjarlægðinni, þetta sé örstutt. /A.G.

Orkumál

Reynt að beisla orkutækni sólarinnar:

Kínverjar stíga stórt skref í kjarnasamrunatækni


Tækni við að framkalla kjarnasamrunaorku, líkt og á sólinni, hefur tekið risastökk fram á við á undanförunum misserum þó að enn virðist mjög langt í að hægt verði að byggja raunverulega notahæfan kjarnasamrunaofn til orkuframleiðslu. Virðast Kínverjar vera að ná forskotinu í þessum efnum af Bandaríkjamönnum, því þeir sem greindu frá því 27. október að tekist hafi í fyrsta sinn að framleiða sjálfbæra kjarnasamrunaorku. Það þýðir að meiri orka náðist út úr kjarnasamrunanum en notuð var til að búa hann til.

Í ritinu Nature Physics var greint frá því hinn 18. nóvember sl. að tekist hefði að tífalda eða jafnvel tuttugufalda þann tíma sem hægt var að halda yfir 100 milljóna gráðu heitu plasmagasi stöðugu í segulsviði, eða í 30 sekúndur. Þó að þetta sé afar skammur tími er þetta samt risastökk frá því sem áður hefur tekist að gera á þessu sviði. Menn glíma því ekki lengur við að sanna að þetta sé mögulegt, heldur hvort hægt sé að framkvæma kjarnasamrunann í þeim skala að hitinn verði beislaður á hagkvæman hátt til raforkuframleiðslu.

Varla til heimabruks

Þess má geta að 100 milljóna gráða hiti er þokkaleg velgja. Er það vart til heimabruks ef tekið er tillit til þess að yfirborðshiti sólar er um 5-6.000 gráður á Celsius og hitinn í kjarna sólarinnar er talinn vera nálægt 15 milljón gráðum.

Ekkert efni, hvorki málmar, steinefni né annað sem notað er í kjarnaofna í dag, getur haldið 100 milljóna gráða hita, hvað þá 150



Með kjarnasamruna ætla menn sér að lýkja eftir því ferli sem gerist á sólinni. með slíkri tækni má ná fram ótrúlegri orku úr vatni, eða ollu heldur vetnis-sameindum vatnsins.

eða 200 milljóna gráða hita eins og menn eru að gæla við að ná.

Ofurheitum plasma stýrt í segulsviði

Eina ráðið til þess er að framkalla kjarnasamrunabrunann er að stýra honum í afar sterku segulsviði þar sem plasmagasið er látið fljóta án snertingar við efnið í kring. Vísindamenn hjá Experimental Advanced Superconducting Tokamak (EAST) framkvæmdu kjarnasamrunatilaun sína á dögnum í kleinuhringslaga

segulsviðsöfni í Hefei í Kína. Vandinn við að hemja þann ofurhita sem myndast við kjarnasamrunann verður trúlega erfiðasta þautin að yfirstíga við smíði kjarnasamrunaofna í framtíðinni.

Erfiður biti fyrir heimilisbókhaldið

Tilaun vísindamanna hjá EAST er talin geta rutt brautina fyrir stærri alþjóðlega tilraun sem nefnd hefur verið International Thermonuclear Experimental Reactor (ITER). Áætlað var að hefja starfsemi þess



Kleinuhringslaga segulsviðs-kjarnasamrunaofninn EAST.

Kjarnasamrunaorka

Kjarnasamruni verður þegar tveir eða fleiri atómkjarnar rekast saman á mjög miklum hraða og sameinast og mynda nýja gerð atómkjarna. Við þennan áreksstur og samruna atómkjarnanna myndast mikil orka. Þetta er sama ferlið og gerist á sólinni. Það er einmitt slík orka sem menn hafa á undanförunum 60 árum reynt að beisla í stýrðu ferli. Vatn eða öllu heldur vetni er eldsneytið sem til þarf í kjarnasamruna á meðan úraníum er notað sem eldsneyti til að framkalla þá keðjuverkun sem nauðsynleg er við framleiðslu á kjarnorku og í kjarnorkusprengjum.

tilraunaofns árið 2020 og að fyrsta kjarnasamrunatilaunin í honum yrði framkvæmd árið 2028.

Hætt er við að kjarnasamrunatilaunirnar geti reynst erfiðar fyrir heimilisbókhaldið. Talið er að not-hæfur kjarnasamrunaofn geti kostað 20 milljarða dollara.

Samdráttur í fjárveitingum til vísindastarfsemi um allan heim gæti tafið þessar tilraunir, en þar hafa Bandaríkjamenn t.d. nýverið

dregið til baka framlag sitt til ITER. Eigi að síður telja menn eftir miklu að slægjast því kjarnasamrunaorkan gæti leyst orkuvanda mannkyns í að minnsta einhverja tugi milljóna ára og það án þess að valda loftmengun. Spurningar hljóta þó hin svegar að vakna eftir einhverjar milljónir ára um áhrifin ef um of verður gengið á vatnsbirgðir jarðarinnar, en uppspretta kjarnasamrunaorkunnar er vetni. /HKR:

kemi – þekking og þjónusta í 20 ár



**Persónuleg og góð
þjónusta við landbúnað,
sjávarútveg, íslenskan
iðnað og einstaklinga**



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

kemi

Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • www.kemi.is • Sími: 544 5466
Opíð: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00-17.30. Föstudaga: Frá kl. 8.00-17.00.

Mjúkt, safaríkt og bragðmilt

Jólin eru tími elskulegrar íhaldssemi þegar við viljum vera viss um að allt sé eins og það á að vera. Þess vegna velja tugþúsundir Íslendinga SS birkireykta hangikjötið á jólaborðið, því það er mjúkt, safaríkt og bragðmilt.

Gleðileg jól!



www.ss.is



Við útgáfukynningu á Landbúnaðarsögu Íslands og afhendingu fyrstu eintaka verksins. Talið frá vinstri; Haraldur Benediktsson, alþingismaður og formaður ritnefndar, Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, Óskar Á. Gunnarsson, Niels Árni Lund, skrifstofustjóri landbúnaðarráðuneytisins, Steingrímur J. Sigfússon, alþingismaður og fyrrverandi landbúnaðarráðherra, Einar Kristinn Guðfinnsson, forseti Alþingis og fyrrverandi landbúnaðarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Árni Daniel Júlíusson, annar höfunda verksins, og Steingrímur Steinþórsson, forstjóri Skruddu bókaforlags. Á myndirna vantar tvo landbúnaðarráðherra sem tengdust þessu verkefni, þá Guðna Ágústsson og Jón Bjarnason. Myndir / HKr.

Bókaútgáfan Skrudda gefur út Landbúnaðarsögu Íslands í fjórum bindum:

Stórvirki sem notið hefur liðsinnis fimm landbúnaðarráðherra

– Höfundar eru Árni Daniel Júlíusson sagnfræðingur og Jónas Jónsson, fyrrverandi búnaðarmálastjóri

Á fimmtudag í síðustu viku var kynnt í landbúnaðarráðuneytinu útgáfa á Landbúnaðarsögu Íslands. Þar er um að ræða stórvirki í fjórum bindum. Höfundar verksins eru dr. Árni Daniel Júlíusson sagnfræðingur og Jónas Jónsson, fyrrverandi búnaðarmálastjóri. Hann lést árið 2007 en hafði þá lokið sínum skrifum. Dr. Helgi Skúli Kjartansson sagnfræði-prófessor tók að sér að búa verk hans undir útgáfu. Það er bókaútgáfan Skrudda sem gefur verkið út, en landbúnaðarráðuneytið, Bændasamtök Íslands og fjölmargir aðrir hafa komið að fjármögnun þessa verkefnis.

Frá landnámi til síðustu aldamóta

Landbúnaðarsaga Íslands er mikið rit um stóran þátt í atvinnu- og menningarsögu Íslendinga. Sem dæmi um mikilvægi landbúnaðar má geta þess að um aldamótin 1800 voru Íslendingar 47 þúsund, og töldust 39 þúsund hafa framfæri sitt af landbúnaði.

Í þessu mikla verki er rakin saga landbúnaðar á Íslandi frá landnámi til síðustu aldamóta á samtals 1.357 blaðsíðum. Verkið skiptist í fjögur bindi. Fyrsta bindið rekur þróun landbúnaðar frá upphafi byggðar fram til 1800. Í öðru bindi er fjallað um bændasamfélagið á 19. og 20. öld og þær miklu breytingar sem orðið hafa á þessu tímabili. Þriðja og fjórða bindi fjalla um búgreinarnar. Í þriðja bindi er sauðfjárrækt, nautgriparækt og hrossarækt til umfjöllunar. Í fjórða bindi er fjallað um aðrar greinar landbúnaðarins, jarðrækt, garðrækt, skógrækt, fiskeldi og veiði í ám og vötnum, svína- og alifuglarækt, og loks loðdyrækt.

Nú ár í vinnslu

Vinnsla þessa fjögurra binda ritverks hefur staðið yfir í níu ár og hafði Niels Árni Lund, skrifstofustjóri landbúnaðarráðuneytisins, það verkefni fyrir höndum að fylgja verkinu eftir á vegum ráðuneytisins. Sagði hann að það hafi verið á árunum 2003 eða 2004 að Jónas heitinn Jónsson hafi nefnt það við Guðna Ágústsson, þáverandi landbúnaðarráðherra, að fá stuðning við ritun landbúnaðarsögu sem hann var þá þegar búinn að vinna mikið að í sínum frístundum. Skömmu



Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, tekur við fyrsta eintaki af fjögurra binda Landbúnaðarsögu Íslands úr hendi Árna Daniels Júlíussonar, sagnfræðings og annars tveggja höfunda verksins.

seinna hafi Árni Daniel Júlíusson komið með svipað erindi. Var Niels þá falið að leiða þessa menn saman um að vinna eitt heildarritverk um landbúnaðarsögu Íslands. Sagði Niels Árni að það hefði gengið mjög vel upp og þeir hefðu tekið höndum saman um verkefnið.

Til að fylgja málinu eftir var stofnuð ritnefnd sem Sigurgeir Þorgeirsson, þáverandi framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, var þar í forystu og með honum sátu í nefndinni þeir Niels Árni



Lund, Benedikt Sigurðarsyni frá Arnarvatni, Jónas Jónsson og Árni Daniel Júlíusson. Þá kom Bjarni Harðarson einnig að starfi ritnefndarinnar um tíma. Jónas lést sumarið 2007 en við verkefni hans við ritverkið tók Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur, en Haraldur Benediktsson, fyrrverandi formaður Bændasamtakanna, tók við hlutverki Jónasar í ritnefndinni. Hlutverk ritnefndarinnar var einkum að tryggja fjármagn og semja á endanum við útgáfufyrirtækið Skrudda um útgáfu verksins.

Lund, Benedikt Sigurðarsyni frá Arnarvatni, Jónas Jónsson og Árni Daniel Júlíusson. Þá kom Bjarni Harðarson einnig að starfi ritnefndarinnar um tíma. Jónas lést sumarið 2007 en við verkefni hans við ritverkið tók Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur, en Haraldur Benediktsson, fyrrverandi formaður Bændasamtakanna, tók við hlutverki Jónasar í ritnefndinni. Hlutverk ritnefndarinnar var einkum að tryggja fjármagn og semja á endanum við útgáfufyrirtækið Skrudda um útgáfu verksins.

Hér hefur verið unnið stórvirki í íslenski sagnfræði

Steingrímur Steinþórsson, forstjóri Skruddu bókaforlags, sagði við þetta tækifæri að hann vonaðist til að verkið ætti eftir að auka skilning á þýðingu landbúnaðarins fyrir Íslendinga í fortíð og nútíð.

„Eftir að hafa lesið mestan hluta verksins fæ ég ekki betur séð en að hér hafi verið unnið stórvirki í íslenski sagnfræði, sem höfundarnir og aðstandendur þeirra megi vera stoltir af.“

Tileinkað Ingólfi Júlíussyni

Annar höfunda, Árni Daniel Júlíusson, tileinkar verkið bróður sínum, Ingólfi heitnum Júlíussyni, grafiskum hönnuði og ljósmyndara, en hann lést úr hvítblæði á síðastliðnu vori rúmlega fertugur að aldri. Ingólfur lagði hönd á plóg við verkefnið meðan honum entist aldur til og tók m.a. fjölda mynda, lagði

til hugmyndir og vann að umbroti. Við umbrotinu og skráargerð tók þá Hörður Sigurðarson. Um prófarkalestur sáu Bragi Halldórsson íslenskufræðingur, Hallgrímur Helgi Helgason og Sonja B. Jónsdóttir.

Frú Sigurveig Erlingsdóttir, ekkja Jónasar, kom til boðsins í landbúnaðarráðuneytinu ásamt dætrum sínum og fagnaði útgáfunni.

Á könnu fimm landbúnaðarráðherra

Auk Guðna Ágústssonar hafa fjórir landbúnaðarráðherrar komið að fjármögnun verkefnisins, þeir Einar K. Guðfinnsson, Steingrímur J. Sigfússon, Jón Bjarnason og Sigurður Ingi Jóhannsson. Þakkaði Niels Árni þeim sérstaklega fyrir þeirra hlut og áhuga á framgöngu málsins. Taldi hann að um tímamóta-verk væri að ræða.

Ekki rituð án þátttöku þjóðarinnar allrar

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sagði m.a. við þetta tækifæri:

„Það er ekkert launungarmál að ritun og útgáfa Landbúnaðarsögunnar sem hér er að líta dagsljósið hefur verið studd af ýmsum aðilum og þá fyrst og fremst hinu opinbera og þá á einn eða annan máta í gegnum landbúnaðarráðuneytið fyrir forgöngu þeirra ráðherra sem þar hafa farið með völd á ritunartíma sögunnar, þeim Guðna Ágústssyni, Einari K. Guðfinnssyni, Jóni Bjarnasyni og Steingrími J. Sigfússyni.

Sú leið hefur áður verið farin og má nefna þar lönsögu Íslendinga og Sögu íslensks sjávarútvegs en hvoru tveggja voru einnig meginstoðir íslensks athafnalífs og efnahags. Einnig má nefna Kristnisögu Íslands og Sögu stjórnnarráðsins svo eitthvað sé nefnt. Með öðrum orðum, ráðherrar og Alþingi hafa gert sér ljóst að saga sem þessi er ekki rituð án þátttöku þjóðarinnar allrar og talið einsýnt að það fjármagn sem í hana er lögð skili sér með aukinni þekkingu nemenda og annarra lesenda – um Ísland og sögu þess viðfangsefnis sem um ræðir. Megi Landbúnaðarsaga Íslands vera sá þekkingarbrunnur sem að var stefnt og verða enn einn steinninn í þeim grunni sem heldur uppi Íslandi sem sagnþjóð.“

/HKr.

KAUPI BER

Vantar krækiber

Íslensk hollusta ehf

islenskhollusta@islenskhollusta.is - sími 864-4755

Bændablaðið

Kemur næst út

12.

desember

CLAAS Arion 550 comfort



Vélin er mjög vel búin og má þar nefna fjögurra hraða aflúrtak, rafmagns stjórnun á vökvaspólum/ámoksturstækjum í armhvílu (electropilot) alfjaðrandi stórglæsilegt stýrishús sem hannað er í samvinnu við bændur, 10 vinnuljós, loftkæling, vökvaskotkrókur, vökvavendigir, vökvaskiptur girkassi 4x6, öryggisbelt í báðum sætum, útvarp/Mp3, afturrúðupurrka, nestisbox, drykkjarkælir o.m.fl.

Dekk: 600/65R38 480/65R28 Continental

Til viðbótar fylgir veglegur aukahlutapakki til áramóta að andvirði 750.000 kr. Hann inniheldur fjaðrandi framhásingu, upphitaða afturrúðu og hliðarspegla og eitt albasta Grammer ökumannssæti sem fánlegt er.

Ps. Trima + 4.1 með sveiflu-jöfnun, þriðja sviði, vökvaskóflulás og 2,2 m skóflu ásett á traktorinn kosta kr. 1.750.000+vsk.

Verð: kr. 12.600.000+vsk

Gengi € kr. 162

165 hestafla 4 cyl. mótór án Ad-Blue búnaðar



VÉLFANG

VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 2 • 600 Akureyri

Íslensk framleiðsla og hönnun

Fyrir heimili, fundarherbergi, mötuneyti, kaffihús og skóla



Afsláttur fyrir lesendur Bændablaðsins



Sólóhúsgögn

Gylfaflöt 16-18 • 112 Reykjavík
S: 553 5200 • solo@solo.is
www.solo.is

GOTT TÆKIFÆRI - TILBOÐ ÓSKAST



Fallegt 178 fm einsbýlishús á góðum stað á Patreksfirði til sölu. Þrjú svefnherbergi, rúmgóður bílskúr, laust við kaupsamning. Lýsing eignar og myndir á vefsíðu <http://www.as.is/soluskra/eign/283677>.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Eiríki Svani Sigfússyni löggiltum fasteignasala í síma 862-3377.

Plastgluggar eru framtíðin

Nú er hægt að fá ódýra og viðhaldsfría plastglugga sem líta út eins og hefðbundnir timburgluggar. „Ég mæli hiklaust með þessu við aðra bændur,“ segir bóndinn í Efstadal.

„Þetta er besta lausnin sem ég rakst á í öllum mínum framkvæmdum og það sem í raun kom mér mest ánægjulega á óvart,“ segir Snæbjörn Sigurðsson, bóndi á bænum Efstadal á Suðurlandi. „Ég gerði fjárhags- og byggingaráætlun fyrir allan pakkann og þetta var það sem kom best út að mínu mati.“

Snæbjörn er kúa- og ferðaþjónustubóndi með umfangsmikinn rekstur sem felur m.a. í sér veitingastað, ísbúð, fjós og sýningarfjós. Í kringum síðustu áramót lagðist hann í viðamiklar framkvæmdir og skipti meðal annars um alla glugga hjá sér, um 80 talsins, í íbúðarhúsi, fjósum o.fl. Eftir að hafa kynnt sér þær lausnir sem voru í boði ákvað hann að leita til Glerborgar. „Ég sá að þarna myndi ég gera bestu kaupin og fá vandaða vöru á góðu verði. Nú er komin dálítil reynsla á þetta og ég sé svo sannarlega ekki eftir þessari ákvörðun,“ segir Snæbjörn.

Henta vel í gripahús

Glerborg býður upp á plastglugga sem eru hagkvæmir af ýmsum ástæðum. Á veitingastaðinn valdi Snæbjörn hvíta PVC glugga úr 120 mm prófil með galvaniseruðum stálkjarna en einn helsti kosturinn við þá er að þeir líta út eins og hefðbundnir timburgluggar. Í fjósin keypti hann glugga úr 70 mm prófil og hann finnur mikinn mun eftir að hann skipti út þeim gömlu. Þessir opnast inn á við að ofan og er læsingin efst

á faginu svo engin hætta er á að gripirnir nagi húnana. „Timbrið verður oft svo ljótt ef dýrin ná til þess svo það er engin spurning að þessir gluggar henta einstaklega vel í gripahús. Svo vill maður auðvitað hafa öndun í fjósinu sem mesta og með svona glugga þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af því að þeir fjúki upp,“ segir Snæbjörn, en þetta þýðir að hægt er að hafa gluggana opna í hvernig veðri sem er. „Þeir þetta líka vel og eru einangrandi.“

Ódýrt og viðhaldsfrítt

Snæbjörn segir plastgluggana afar hagkvæma, þeir séu ódýrari en hefðbundnir timburgluggar og eigi auk þess að endast vel þar sem plastið veiti góða vörn. „Þetta er líka viðhaldsfrí vara og það munar heldur betur um það, ekki síst þegar maður er með svona stór og mikil hús. Hefðbundna glugga þarf reglulega að mála og það vill nú dragast hjá mönnum að sinna slíku. Þess vegna er auðvitað frábært að þurfa ekki að standa í viðhaldi,“ segir hann.

Snæbjörn hyggur jafnvel á enn meiri framkvæmdir og segir að þá muni hann leita aftur til Glerborgar. „Ef ég væri t.d. að fara út í endurbætur á hesthúsinu myndi ég kaupa þessar vörur aftur og ég mæli hiklaust með þeim við aðra bændur. Þetta kemur mjög snyrtilega út, það var einfalt og gott að setja gluggana í og öll umgengni við þá er mjög þægileg,“ segir hann að lokum.



Snæbjörn Sigurðsson er kúa- og ferðaþjónustubóndi með umfangsmikinn rekstur. Hann kaus að skipta við Glerborg eftir að hafa kynnt sér þær lausnir sem í boði voru.



Gluggarnir sem opnast inn á við að ofan hafa læsingu efst á faginu svo dýrin ná ekki til þeirra. Þeir henta því afar vel í gripahús.




Snæbjörn lét skipta um 80 glugga hjá sér svo það var áriðandi að finna hagkvæma og endingargóða lausn.

„Þetta er besta lausnin sem ég rakst á í öllum mínum framkvæmdum.“

„Það er engin spurning að þessir gluggar henta einstaklega vel í gripahús.“

„Þetta er líka viðhaldsfrí vara og það munar heldur betur um það.“



Einn helsti kosturinn við plastgluggana er að þeir líta út eins og hefðbundnir timburgluggar.



Stjörnublikk í Kópavogi hefur verið öflugt í verktakastarfsemi fyrir stórfyrirtæki og bændur og einnig í innflutningi á málm og ýmsum vörum fyrir iðnafyrirtæki.

Myndir/HK.

Fyrirtækinu Stjörnublikki á Smiðjuveginum í Kópavogi vex stöðugt fiskur um hrygg:

Eigendurnir komu úr sveitinni og hafa unnið mikið fyrir íslenska bændur

– Nú starfa um 60 manns hjá félaginu og öll starfsemin er rekin á eigin fé fyrirtækisins

Finnbogi Geirsson forstjóri stofnaði fyrirtækið Stjörnublikk í Vesturvörinni í Kópavogi árið 1990. Fyrirtækið byrjaði smátt en hefur stækkað jafnt og þétt og flutt nokkrum sinnum í stærra húsnæði. Nú er það á Smiðjuvegi 2 og er eitt öflugasta fyrirtæki á sínu sviði á landinu.

Finnbogi segir að þegar hann stofnaði fyrirtækið hafi hann verið í 90 fermetra húsnæði í Vesturvörinni í Kópavogi með einn strák sér til aðstoðar. „Í byrjun var þetta hrein blikksmiðja og nær öll verkefni fengust á tilboðsmarkaði. Síðan hefur fyrirtækið stækkað og Magnús bróðir minn kom inn í það nokkrum árum seinna. Úr Vesturvörinni fluttum við í 150 fermetra húsnæði að Smiðjuvegi 1. Þaðan fórum við á Smiðjuveg 11 í 200 fermetra húsnæði. Árið 1994 komum við svo hér á Smiðjuveg 2 í 400 fermetra húsnæði. Hér hefur fyrirtækið stækkað mjög mikið og í dag eigum við 7.200 fermetra í þessari húsasamstæðu og eins í húsum hér í kring. Af þessu húsnæði leigjum við út frá okkur nærri 3.000 fermetra.

Lengi vel komu 95% tekna okkar af verktakastarfsemi. Fyrir nokkrum árum ákváðum við að reyna að breyta þessu þannig að verktakastarfsemin hefði ekki svona mikið vægi í restrinum. Hef ég því unnið að því að að stækka framleiðslu- og sölupáttinn í starfseminni. Nú koma um 60% af tekjunum úr verktakastarfsemi og um 40% af vörusölu.“

–Þið eruð þá væntanlega með eitthvað af erlendum umboðum?

„Já, við erum með fjölmörg umboð og flytjum inn frá flestum löndum Evrópu. Þar erum við að flytja inn stál og ál, vatnskassa, steypustyrktarmottur, steypustyrktarjárn og ýmsar vörur sem við leggjum með á lager. Einnig framleiðum við bárujárn, klæðningar og fleira.“

Upprunnir á Steinum undir Eyjafjöllum

Bræðurnir í Stjörnublikki hafa alla tíð unnið mikið fyrir bændur landsins, enda sjálfir fæddir og uppaldir í sveit, á bænum Steinum undir Eyjafjöllum. Auk fyrirtækisins eiga þeir nú jörðina Fornusanda sem þeir keyptu árið 1995, þar sem rekin er hrossarækt og fjárbúskapur. Margir af starfsmönnum þeirra eru líka úr sveit.

Mikil uppbygging fyrirtækja í blikk- og annarri málmsmiði er þekkt á uppgangstímum í gegnum tíðina. Oftar en ekki hafa menn þá reist sér hurðarás um öxl og fyrirtækin fallið með tilheyrandi gjaldþrotum. Það lá því beinast að spyrja Finnboga af hverju sömu lögmál giltu ekki um Stjörnublikk.

„Við höfum verið mjög heppnir.



Finnbogi Geirsson forstjóri stofnaði fyrirtækið Stjörnublikk í 90 fermetra húsnæði í Vesturvör í Kópavogi árið 1990. Nú er fyrirtækið orðið eitt það stærsta í greininni, með um 60 manns í vinnu og á 7.200 fermetra húsnæði við Smiðjuveg í Kópavogi.



Blikksmiðnum Finnboga hefur líka gengið vel í hrossaræktinni. Hann er ekki síðri knapi og hefur unnið til margra verðlauna. Hér er hann að keppa á Villimey frá Fornusöndum.

Við höfum byggt þetta rólega upp og haft þá stöðu að geta stækkað inni í þessu húsi, sem hefur verið mikið hagræði. Eftir því sem fyrirtækið

hefur vaxið höfum við keypt meira af þessari húsasamstæðu. Við byrjuðum hér í 400 fermetrum og höfum síðan smám saman bætt við okkur.“

Gott uppeldi í sveitinni skilaði sér

Finnbogi segir að uppeldið í sveitinni hafi komið sér vel. Þar hafi menn

lært að vinna og haga fjármálum af skynsemi. Þar hafi hann lært mikið af föður sínum Geir Tryggvasyni sem sá m.a. um að safna ull af bæjunum í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu fyrir Alafossverksmiðjuna og einnig var hann í fjárflutningum í sláturhús fyrir bændur á haustin. Oftar en ekki var Finnbogi með honum og kynntist þá bændum á fjölmörgum bæjum og þekkir því vel til.

„Ég lærði mikið af honum. Svo flutti ég í bæinn 19 ára gamall og fór þá að læra blikksmiði. Fyrirtækið stofnaði ég svo um leið og ég fékk meistarabréfið 1990.

Reynslan úr sveitinni kenndi manni að fara varlega og ég hef því ekki tekið í þátt í áhættusæknum verkefnum. Stjörnublikk er því eitt af fáum fyrirtækjum sem ekki hafa þurft á aðstoð að halda eftir hrún og eftir það höfum farið í mjög miklar fjárfestingar og að mestu leyti fyrir eigið fé.

Ég var reyndar handviss um að illa færi fyrir hrún. Ég var búinn að sjá að á þeim tíma voru menn að kaupa fyrirtæki og fasteignir á óraunhæfu verði sem útilokað var að menn gætu nokkurn tíma staðið undir. Þessi bóla hlaut því að springa og gat ekki farið öðruvísi, þó að ég vissi ekki á þeim tíma að menn voru líka búnir að ræna bankana innan frá. Staðan í dag er þannig að ég tel að það sé ekki búið að afskrifa nóg hjá fyrirtækjum til að þetta geti staðist. Starfshættir bankanna hafa líka mjög lítið breyst frá því fyrir hrún.“

Finnbogi segist ekki skilja af hverju hlutafélagalögin hafi ekki

verið látin gilda og ógjaldfær fyrirtæki sett í gjaldþrotameðferð.

Í mikilli uppbyggingu í og eftir hrún

Uppbygging Stjörnublikks hefur ekki verið framkvæmd með gríðarlegum lántökum eins og algengt var fyrir hrún, heldur að mestu fyrir eigið fé úr rekstri. Finnbogi segir því að efnahagshrunið hafi í raun ekki valdið þeim neinum skakkaföllum, heldur þvert á móti. Það vakti því verulega athygli að á sama tíma og allt íslenska bankakerfið var að hrynja haustið 2008 stóðu þeir bræður í fyrirtækjakaupum. Keyptu þeir hið gamalgróna fyrirtæki Timbur og stál í Kópavogi sem fyrirtækið Mest hafði keypt árið 2007 en það dæmi endaði í gjaldþroti í júlí 2008.

„Við gátum sameinað Timbur og stál hér undir okkar þaki og náðum þar fram miklum samlegðaráhrifum og hagræðingu.

Frá því við höfum starfsemi í Stjörnublikki var fyrirtækið í stöðugum vexti fram að hrúni. Þegar mest var 2007 störfuðu hér um 120 manns en við förum að draga saman fyrir hrún og í dag starfa hér um 60 manns. Við töpuðum litlu sem engu í útistandandi kröfum við hrúnið og fyrirtækið stóð þá mjög vel. Þá hafa gjaldeyrishöft heldur ekki verið að plaga okkur neitt.“

Mjög góð verkefnastaða

„Nú er verkefnastaða okkar mjög góð og við höfum mikið af góðum viðskiptavinum. Þá höfum við verið að vinna mikið fyrir stór fyrirtæki eins og Alcoa og orkufyrirtækin á Hellisheiði, Reykjanesi og víðar. Þá eru bændur líka góðir viðskiptavinir hjá okkur. Við höfum t.d. mikið verið að vinna fyrir hestamenn og sjálfur er maður talsvert í hestamennskunni. Ég hafði alltaf verið í hestamannafélaginu Sindra í sveitinni og Andvara og nú erum við komnir í Sprett, þetta nýja félag á Heimsenda í Kópavogi. Það félag varð til 2012 við sameiningu á hestamannafélögunum Gusti og Andvara. Ég er einmitt núna að hanna loftræstingu sem setja á upp í nýju reiðhöllinni á Heimsenda sem á að verða tilbúin 1. febrúar 2014. Þessi reiðhöll er að mig minnir 70 metra löng og um 40 metrar að breidd. Ég held að þetta verði stærsta og flottasta reiðhöllin á landinu. Þarna uppfrá er mikil uppbygging en þó heldur hægari en maður vonaðist til.“

Verðlaunahafi í hestamennskunni

Finnbogi er samt ekki bara að smíða fyrir félaga sína í hestamennskunni, því hann tekur einnig virkan þátt í ræktun og reiðmennsku.

„Ég hef verið að leika mér að taka þátt í mótum á innanfélagsmótum.



Ásgeir Ólafsson sölustjóri við sannkallaða gullgæs sem er eina vél sinnar tegundar í heiminum. „Hún hefur sannarlega staðið fyrir sínu þessi. Sjálfsagt eru búnir að fara í gegnum hana mörg þúsund kílómetrar af efni en í henni hafa verið framleiddar allar kápur utan um hitaveiturör Orkuveitu Reykjavíkur.“



Kristján Guðmundsson var að vinna við tölvustýrðu kambstálvélina. Þar er hægt að beygja stál af mikilli nákvæmni og flóknum útfærslum en vélin getur líka afkastað einfaldari lykkjum úr tveim til þrem tonnum á dag.



Örn Óskarsson sem var að logsjóða kæli element. Hann þykir mikill listasmiður og er með mikla reynslu að baki. Hann hefur líka víða starfað í gegnum tíðina, meðal annars sem sprengjusérfræðingur hjá sænska hernum. Örn vilar til dæmis ekki fyrir sér að redda vatnskössum í fornar dráttarvélar sem hvergi er hægt að finna varahluti í lengur.



xxxx

Það hefur gengið vel og ég er kominn með nokkur verðlaun í hús.“

Þörf á að grisja hrossastofninn

– Ertu með mörg hross?
„Nei, ég held ég sé með fæst hross af okkur bræðrum, um 18. Það er samt eiginlega allt of mörg hross þó að við höfum verið duglegir við að grisja. Það er sama að gerast hjá mér og öðrum hestaræktendum, hestarnir hlaðast upp. Þeir eru ekki að seljast og menn verða bara að fara í að grisja stofninn. Þetta er dýrt sport og of margir hestar safna bara auknum kostnaði. Hrossaútflutningurinn er líka alveg hrinninn og meðan kreppan

ríkir í Evrópu verðum við að finna nýja markaði. Það eina sem selst eru allra bestu hestarnir.

Annars sýnist mér líka að það sé að gerast það sama hér og erlendis að hestamennskan er að verða æ meira kvennasport. Það eru til dæmis að koma upp hörku konur sem knapar í greininni,“ segir Finnbogi.

Fjölþætt fyrirtæki

Tíðindamaður Bændablaðsins fór og skoðaði starfsemi Stjörnublikks fyrir skömmu og komst að því að fyrirtækið er miklu meira en bara blíkksmiðja eins og það var í upphafi. Ásgeir Ólafsson, sölustjóri þak- og veggklæðinga, tók á móti blaðamanni. Hann segir bræðurna halda mjög vel utan um reksturinn.

Hafa staðgreitt öll tæki og búnað

„Fyrirtækið hefur alltaf átt fyrir kaupum á öllum vélum, staðgreitt allt og ekki þurft að taka lán. Það hefur gert gæfumuninn,“ segir Ásgeir.

„Fyrirtækið flytur inn mörg hundruð tonna af áli, stáli og öðrum málmtegundum á ári. Í raun veitir okkur þó ekkert af þessu húsnæði sem við erum í núna því starfsemin hefur verið að vaxa það mikið að hún er búin að sprengja utan af sér. Við kaupin á Timbri og stáli árið 2008 tókum við hér inn fleiri þætti sem tengdust byggingariðnaðinum eins og bárujárnsframleiðslu, þjónustu við inni- og útiklæðingar og framleiðslu á lykkjum og beygjum og fleiru úr steypustáli.

Eina tölvustýrða vélin fyrir slíka framleiðslu er hér hjá okkur. Þessi vél hefur gengið stanslaust þó að ástandið í byggingariðnaðinum hafi verið eins og það er. Við erum búnir að festa kaup á annarri vél í þá framleiðslu til að anna aukinni eftirspurn. Ef iðnaðarmenn fara að koma til baka frá Noregi er ljóst að þeir munu ekki líta við öðruvísi framleiðslu en unnin er af nákvæmni í svona vél, þar sem allar lykkjur og annað er fyrir fram merkt.“

Ásgeir segir að steypustyrktar-stálið sem notað er í Stjörnublikki sé í hæsta gæðaflokki og allt keypt frá Hollandi. Gæði stálsins séu lykillinn að því að hægt sé að búa til stállykkjur og annað sem standi út úr veggjum eftir að steyp er. Þær þurfi að rétta upp þegar næstu veggeiningar séu steiptar og þá sé mikilvægt að stálið brotni ekki.

„Svo erum við í framleiðslu á margs konar klæðningum eins og úr kopar og sinkhúðuðu stáli sem við tókum hér inn 2008.“

Einn viðskiptamannahópurinn er bændur

Megnið af starfsemi Stjörnublikks er í Kópavogi en fyrirtækið er einnig með mannskap úti um allar sveitir í uppsetningum á kerfum og klæðningum. Bændur eru góðir viðskiptavinir enda hefur talsverð uppbygging verið í sveitum landsins við gripahús og í sambandi við ferðaþjónustuna.

„Við erum mikið að smíða innréttingar í hesthús, fjárhús, klæðningar á fjós og eitthvað lítilsháttar af burðarvirki í byggingar hjá bændum. Þá erum við mikið að smíða úr ryðfríu efni og galvaníseruðu í innréttingar og nóg að gera,“ segir Ásgeir.

Hönnuðu einu vél sinnar tegundar í heiminum

Hann segir að einnig séu mikil verkefni fyrir stórfyrirtæki eins og álver, verslanir og orkufyrirtæki. Sem dæmi hönnuðu Stjörnublikksmenn sérstaka vél til að framleiða klæðningar utan um hitaveitulagnir eins og sjá má leiðinni til Nesjavalla og í Svartsengi. Þessa vél létu þeir síðan sérsníða fyrir sig í Svíþjóð og er hún sú eina sínar tegundar í heiminum.

„Hún hefur sannarlega staðið fyrir sínu þessi. Sjálfsagt eru búnir að fara í gegnum hana mörg þúsund kílómetrar af efni en í henni hafa verið framleiddar allar kápur utan um hitaveiturör Orkuveitu Reykjavíkur.“

-frh.▷



Útsýnið frá Fornusöndum. Í suðri blasa Vestmannaeyjarnar við í allri sinni dýrð og í norðri eru Eyjafjöllin og hinn heimsfrægi Eyjafjallajökull.

Myndir / HKr.

Magnús Geirsson, annar eigenda Stjörnublikks, er með búmennskuna í blóðinu:

Sinnir búskap Stjörnublikksbræðra á Fornusöndum undir Eyjafjöllum

Bræðurnir Magnús og Finnbogi Geirssynir í Stjörnublikki í Kópavogi keyptu Fornusanda árið 1995, en það var þá um 100 hektara jörð. Síðan bættu þeir við sig um 80 hektara beitarlandi vestan við Fornusanda. Þarna hefur verið töluverð uppbygging; bræðurnir hafa byggt sér þar tvö íveruhús og eru líka að endurbyggja íbúðarhús sem þar var fyrir. Þá eru á staðnum skemmur sem hýsa allan vélakost þeirra.

Þegar tíðindamaður Bændablaðsins heimsótti Magnús að Fornusöndum fyrir skömmu var hann að vinna við að koma vélum í hús fyrir veturinn. Sagðist hann alltaf furða sig á því hversu margir bændur trössuðu að hugsa um rándýran vélbúnað sinn og létu dráttarvélar oft standa úti í öllum veðrum yfir vetrartímann.

Byggðu nýtt hesthús

Magnús segir að á Fornusöndum hafi verið fjós sem þeir hafi verið að spá í að nýta fyrir hross og endurnýja þakið á þegar gosið varð í Eyjafjallajökli. Ekki varð þó af því fyrir gos og fengu þeir að hýsa hestana í ónýttum húsum á Nýjabæ. Þegar fjósið var skoðað betur kom í ljós að timburverkið var ónýtt og vart um annað a ræða en að byggja nýtt hesthús, sem þeir bræður gerðu árið 2011.

Hann segir að nauðsynlegt sé að hafa gott hús fyrir hestana því alltaf geti komið upp þær aðstæður að nauðsynlegt sé að taka hrossin í hús. Þá komi nýja hesthúsið að góðum notum við sauðburðinn á vorin.

– Hvernig var í gosinu, var ekki mökkurinn hér yfir bænum?

„Nei, hann var bara hér yfir í einn dag. Annars lá hann yfir hér rétt fyrir austan við Lambhúshól og Nýjabæ.“

Með 100 hross og 90 kindur

Magnús segir að á jörðinni séu um 100 hross en ekki öll í eigu þeirra bræðra.

„Þá erum við með um 90 rollur. Bóndinn á Nýjabæ kemur hér á hverjum degi og gefur kindunum fyrir okkur og annar maður gefur hrossunum tvisvar í viku ef við komumst ekki. Maður gefur svo bara sjálfur þegar maður kemur um helgar.“



Magnús Geirsson og sonur hans Þorgeir Magnússon, sem finnst gott að geta skroppið í frjálsræðið í sveitinni.



Reynslan úr sveitinni nýttist vel

„Við erum fæddir og uppaldir á Steinum undir Eyjafjöllum. Við vorum tólf systkinin og eru níu lifandi í dag. Við erum nú búnir að vera með fyrirtækið í 23 ár. Ég held því fram að mesta gæfa okkar í lífinu sé hversu heppnir við höfum verið með að vinna með góðu fólki. Hjá okkur starfa líka margir sem eiga rætur sínar í sveitinni,“ segir Magnús.

/HKr.



Magnús Geirsson í nýlegu hesthúsi á Fornusöndum.



Varaaflgjafar

Verndaðu viðkvæman búnað fyrir rafmagnsleysi og spennuflökti.

Þegar rafmagn fer skyndilega af eða spennan er óstöðug getur það valdið skemmdum á viðkvæmum búnaði eins og tölvum, vinnustöðvum, búðarkössum, posum, skjáum, tölvukerfum, samskiptabúnaði og símkerfum.

Við bjóðum vandaða varaaflgjafa frá **Socomec**. **Socomec** hefur áratuga reynslu af framleiðslu varaaflgjafa og úrvalið er fjölbreytt.

Hafðu samband og fáðu ráðgjöf hjá sölumönnum okkar.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Jólagjöfin fæst í Líflandi



Majesty kápa
Falleg og hlý dúnkápa

Verð 45.990



Verð 34.990

Windsor úlpa
Flott úlpa fyrir veturinn



Verð 29.990

Modesty úlpa
Létt og hlý úlpa



Verð 54.990

Heritage úlpa
Alhliða úlpa í útivistina



Verð 9.990

Energy Tech Top bolur
Frábær sem innsta lag í útivistina



Verð 28.990

Majesty vesti
Fallegt dúnvesti á dömuna

Jóhann Gísli Jóhannsson á Breiðavaði nýr formaður Landssamtaka skógareigenda:

Niðurskurður til skógræktar bitnar hart á atvinnulífi landsbyggðarinnar

„Það eru mörg aðkallandi verkefni sem brýnt er að vinna að á vegum samtakanna,“ segir Jóhann Gísli Jóhannsson skógarbóndi á Breiðavaði á Héraði, en hann var kjörinn formaður Landssamtaka skógareigenda á síðasta aðalfundi. Tók hann við formennsku af Eddu Björnsdóttur í Miðhúsum, sem verið hefur formaður samtakanna allt frá því þau voru stofnuð fyrir 16 árum. „Það leggst vel í mig að taka við keflinu af Eddu. Hún hefur sinnt þessu starfi með miklum sóma allt frá upphafi og má segja að hún hafi búið samtökin til og haldið þeim gangandi. Það er auðvitað ekki auðvelt að taka við af henni en ég mun reyna mitt besta,“ segir Jóhann Gísli.

Hann segir að eitt af fyrstu stóru verkefnum nýrrar stjórnar verði að tryggja fjárhag samtakanna til lengri tíma. Ljóst væri þó að á meðan sala á afurðum úr skógum félagsmanna væri lítil sem engin yrði ekki um neinar tekjur að ræða af afurðasölu.

„Við höfum ekki úr miklu að spila, félagsgjöld skila einhverju í kassann og svo fáum við örlítinn styrk frá ríkinu en erum ekki á föstum fjárlögum eða neitt slíkt. Það er því verðugt verkefni fyrir nýja stjórn að leita eftir auknu fjármagni svo efla megi starf samtakanna og vinna með auknum krafti að hagsmunamálum félagsmanna,“ segir Jóhann Gísli.

Botn þarf að finnast í kolefnismálin

Að mörgu er að hyggja en nokkur mál er varða skógarbændur eru brýnni en önnur að sögn nýkjörins formanns.



Við höfum líka bent á að skógrækt gegni mikilvægu hlutverki þegar kemur að fæðuöryggi landsmanna, skógarnir eiga stóran þátt í að bæta skilyrði til ræktunar og búfjárhalds og í kjölfarið næst betri árangur,“ segir Jóhann Gísli.

Félagsafl sem skiptir máli

Við skógarbændur gegnum lykilhlutverki í skógrækt á Íslandi. Það er því mikilvægt að LSE sé leiðandi í faglegu starfi, taki virkan þátt í að móta áherslur í skógrækt, allt frá skipulagi og undirbúningi skógræktar til nýtingar skóga og úrvinnslu. Því eigum við að vera sterkt félagslegt afl sem skiptir miklu fyrir framgang skógræktar í landinu.

Nauðsyn á aðstoð frá ríkinu

Til að LSE geti sinnt forystuhlutverki í úrvinnsluþætti skógarafurða verður að koma til aðstoð frá ríkinu í einhverri mynd til að við getum náð tökum á þeim verkefnum sem við þurfum að vinna og eru nú þegar orðin mjög aðkallandi. Í mínum huga er ekki nokkur vafi á að sá peningur sem lagður er í að skapa betri yfirsýn yfir þessi verkefni mun skila sér til baka.

Þar nefnir hann sem dæmi að botn þurfi að finnast í kolefnismálunum. Þau hafa verið að velkjast fyrir mönnum í á annað ár eða frá því ný lög um loftslagsmál tóku gildi hér á landi í fyrrasumar. Menn eru ekki á eitt sáttir um túlkun á kafla sem fjallar um meðferð losunarheimilda sem tengist bindingu kolefnis. Fram kemur í lögnum að þær losunarheimildir sem verði til við bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi eða vegna endurheimtar votlendis í samræmi við alþjóðlega skuldbindingar Íslands á því sviði skulu bókfærðar á reikning íslenska ríkisins.

Viljum að Alþingi standi vörð um eignarrétt okkar

Skógarbændur telja sig eiga þá kolefnisbindingu sem bundin er í trjám og jarðvegi og segir Jóhann Gísli að á aðalfundi samtakanna hafa verið samþykkt að óska eftir því að Alþingi viðurkenni þá staðreynd.

„Við herfum upp á Alþingi að standa vörð um eignarrétt okkar,“ segir hann. „Og við teljum skynsamlegast að nýta þær tekjur sem geta skapast af kolefnisgjaldi til skógræktar.“

Áfram verður á vegum samtakanna unnið að því að finna farsæla lausn á kolefnismálinu að sögn formannsins, en á aðalfundinum var stjórn falið að skipa nefnd til að halda áfram vinnu við málaflokkinn.

„Þetta er viðkvæmt mál, en afar brýnt að á því finnst lausn, sem stendur hefur það verið að velkjast um án þess að nokkur botn hafi fengist. Það er okkur mikilvægt að málið verði tekið föstum tökum og við munum að sjálfsögðu berjast fyrir því að niðurstaðan verði hagstæð fyrir okkar félagsmenn.“

Nauðsynlegt að vinna heildarskipulag

Jóhann Gísli segir einnig nauðsynlegt að vinna að heildarskipulagi skógræktar á Íslandi og að uppbyggingu hennar sem atvinnugreinar.

„Það er orðið mjög aðkallandi að fyrir liggi heildarskipulag í skógrækt hér á landi. Við þurfum í þeim efnum að taka mið af markvissri uppbyggingu greinarinnar, að fagmennska ráði ríkjum við skipulag skógræktar og úrvinnslu með það að markmiði að tryggja stöðugt og öruggt framboð af timbri og öðrum afurðum skógarins,“ segir hann.

Jóhann Gísli segir að vissulega valdi sá mikli niðurskurður sem verið hefur mörg undanfarin ár til skógræktar áhyggjum og samtökin mótmælt frekari niðurskurði. „Framlög ríkisins til skógræktar hafa lækkað mikið og það hefur alvarleg áhrif á atvinnugreinina sem og tengdar atvinnugreinar. Það er til að mynda alveg ljóst að ekki verður hægt að hafa jafnt framboð af timbri úr íslenskum skógum á komandi árum svo sem að var stefnt. Gróðursetningar hafa eðlilega verið minni, í takt við skert framlög og því munum við á ákveðnu tímabili ekki geta boðið upp á jafnt magn af timbri og öðrum afurðum úr íslenskum skógum.“

Mun setja úrvinnsluinaðinn í vanda

Nefnir Jóhann Gísli að heildarfjárveiting ríkisins til landshluta-verkefnanna fimm hafi á árinu 2009 verið 447,5 milljónir króna, en var fyrir yfirstandandi ár, 2014 rétt um 387 milljónir. Lækkunin nemur því ríflega 60 milljónum króna, eða 13,5% og við það bætist að vísitala



„Við herfum upp á Alþingi að standa vörð um eignarrétt okkar,“ segir nýr formaður LSE. „Og við teljum skynsamlegast að nýta þær tekjur sem geta skapast af kolefnisgjaldi til skógræktar.“ Frá hægri: Pétur, Hlynur, Jói.



Í góðum hópi, talið frá vinstri: Hlynur, Pétur, Bjarki, Þorsteinn, Lóa og Jói.

neysluverðs hefur hækkað um rúm 22% á sama tímabili. Raunlækkun milli ára 2009 til 2013 sé því yfir 30%.

„Þessi niðurskurður bitnar hart á atvinnulífi landsbyggðarinnar, hann bitnar líka á allri uppbyggingu þeirrar auðlindar sem skógar eru, en áætlanir sem fyrir liggja gerðu ráð fyrir að skógarnir gætu í fyllingu tímans staðið undir öflugum úrvinnsluiðnaði. Þegar er ljóst að ekki verður hægt að hafa jafnt framboð á timbri vegna þess að á þessum árum eftir hrun hefur ekki verið nægilega mikið um gróðursetningar. Það mun setja úrvinnsluiðnaðinn í vanda rétt eins og gróðrarstöðvarnar sem voru búnar að byggja sig upp í takt við loford stjórnvalda um fjármagn til landshlutaverkefnanna í skógrækt, en ég get nefnt að margar gróðrarstöðvar hafa á undanförnum árum keypt sérhæfðan búnað og aflað sér þekkingar og reynslu á framleiðslu skógarplantna. Þessar stöðvar berjast nú margar í bökkum, eða hafa hætt starfsemi,“ segir Jóhann Gíslí.

Hagur alls samfélagsins

Í kjölfar niðurskurðar framlaga til



Jóhann Gíslí Jóhannsson, nýr formaður Landssamtaka skógarbænda, með eiginkonu sinni Ólöfu Ólafsdóttir á góðum degi í skóginum.

skógræktar hafa að sögn Jóhanns Gísla tapast fjölmörg störf á landsbyggðinni. Bendir hann á nýja rannsókn sem sýni að ársverkum í skógrækt hafi fækkað úr 98 árið 2007 niður í 67 árið 2010. „Það er ekki bara hagur okkar skógarbænda að framlög til skógræktar aukist á ný, heldur alls samfélagsins,“ segir hann. Skógrækt sé ung atvinnugrein innan landbúnaðarins, hliðargreinar

hennar séu margar. Afurðir skóganna komi í stað innfluttrar vöru, þannig flytjist vinnan heim og gjaldeyrir sparast. „Við höfum líka bent á að skógrækt gegni mikilvægu hlutverki þegar kemur að fæðuöryggi landsmanna, skógarnir eiga stórar þátt í að bæta skilyrði til ræktunar og búfjárhalds og í kjölfarið næst betri árangur,“ segir Jóhann Gíslí. /MPÞ



Hólminn hefur verið skógi vaxinn frá fornu fari og voru það einu leifar Eiðaskógar hins forna um 1940.

Eiðahólmi: Elsti „náttúrugarður“ á Austurlandi

Eiðahólmi er utantil í Eiðavatni, við endann á Stórahaga. Hólminn hefur verið skógi vaxinn frá fornu fari og voru það einu leifar Eiðaskógar hins forna um 1940. Þar eru nokkur myndarleg tré af bergfuru, allt að 7 m að hæð og 70 cm að þvermáli, sem gróðursett voru á árunum 1910–12, nokkur grenitré af svipuðum aldri og hæð og eitt þintré. Auk þess er reynir víða í skóginum en ekki stórvaxinn, hluti hans líklega plantaður. Gulvíðir, loðvíðir og einir eru einnig áberandi og víða er mikill blómgróður. Ýmsir hafa skoðað gróður í hólmanum og skráð plöntur, en alls hafa fundist þar 75 tegundir háplantna. Eiðahólmi er elsti „náttúrugarður“ á Austurlandi. Um 1910 fór Ungmennafélagið Þór í Eiðahóla að halda samkomur í hólmanum og byggði upp samkomustað í rjóðri vestan

á honum, með upphlöðnum grasbekkjum og „ræðustól“. Einnig var lagður stígur eftir endilöngum hólmanum. Á árunum 1921–1935 hélt Eiðasambandið þarna sumarsamkomur, sem kallaðar voru Eiðamót. Stephan G. Stephansson kom í hólmann 1917 og orti um hann langt kvæði, Að Eiðum. Má segja að Eiðahólmi hafi orðið tákn þeirra hugsjóna er ungmennafélögin og Alþýðuskólinn stóðu fyrir á öndverðri 20. öld og var í hugum margra nánast heilagur staður. Hólminn skertist mikið þegar hækkað var í vatninu 1935 og fór þá hluti af samkomustaðnum á kaf. Einnig sukku nálægir smáhólmar að mestu. Nú er vanalega róið í hólmann úr Prestavík við Kirkjumiðstöðina. Um 1910 voru áætlanir um að lækka vatnsborð Eiðavatns verulega til að auka engjar á staðnum.

Bændablaðið
Kemur næst út
12.
desember

STEYPUSTYRKJARJÄRN,
LYKKJUR OG JÄRNAMOTTUR

STJÖRNUBLIKK

Smíðuvægi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201

BÁRUJÄRN
ALUSINK OG LITAD ALUSINK
FLÖTU KLÆÐA 107 CM

NÝJUNG
VATNSRÁS

VEGGKLÆDNINGAR
OG FLASNINGAR

STJÖRNUBLIKK

Smíðuvægi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

Áramótatilboð á Fella hevvinnuvélum

FELLA

Þjóðum í samvinnu við Fella frábært tilboðsverð á hevvinnuvélum í lok 50 ára afmælis Fella á Íslandi.
Gerið verðsamanburð áður en verslað er.

KRAFTVÉLAR

Dalvegi 6-8
201 Kópavogur
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is
kraftvelar@kraftvelar.is

SOS barnaþorpin veita þúsundum barna heimili

– Íbúar Langaness hlutfallslega langflestir í hópi styrktarforeldra – að gerast styrktarforeldri barns kostar 123 krónur á dag

„Barn dettur úr hreiðri sínu. Við sjáum því fyrir móður, systkinum og heimili. Gæti ekki verið einfaldara.“ Þetta eru orð Austurríkismannsins Hermanns Gmeiner, stofnandi SOS barnaþorpanna.

Neyð munaðarlausra barna eftir Síðari heimsstyrjöldina rann Gmeiner til rifja og stofnaði hann samtökin SOS barnaþorp árið 1949 til aðstoðar börnunum. Framkvæmdir við fyrsta SOS barnaþorpið hófust sama ár í Imst í Austurríki. Í dag reka samtökin á sjötta hundrad barnaþorp víðs vegar um heim auk þess að sinna margs konar öðru hjálparstarfi. Um 80.000 umkomulaus börn búa í SOS barnaþorpunum og yfir ein og hálf milljón manns njóta ýmiss konar stuðnings samtakanna ár hvert.

Styðja bæði börn og foreldra

SOS barnaþorpin starfa í 133 löndum eða landsvæðum. Þekktasta starfsemi samtakanna er barnaþorpin sjálf, en í þeim er börnum sem ýmist eru munaðarlaus eða geta af einhverjum ástæðum ekki dvalið hjá foreldrum sínum búið heimili. Auk þess reka samtökin unglingaheimili, leikskóla, grunnskóla, verknámsskóla og heilsugæslustöðvar, oftast í samhengi við barnaþorpin sjálf. Þá sinna samtökin verkefni sem nefnist fjölskylduefning, en með því er stutt við fjölskyldur til að foreldrar geti alið önn fyrir börnum sínum. Oftast eru slík verkefni rekin á svæðum í næsta nágrenni við barnaþorp. Börn sem búa í nágrenni þorpanna og njóta fjölskylduefninga samtakanna eru á milli 300 og 400 þúsund talsins. Þau börn njóta skólagöngu, heilsugæslu og annarar þjónustu í barnaþorpunum en auk þess styðja samtökin við foreldra barnanna, ýmist með því að bjóða þeim fræðslu eða aðra aðstoð. Í samhengi við slík verkefni reka samtökin samfélagsmiðstöðvar þar sem fjölskyldum er veitt margvíslegur stuðningur. Þá veita samtökin neyðar-aðstoð þegar hamfarir skella á þeim landsvæðum þar sem samtökin hafa starfsstöðvar.

6.000 styrktarforeldrar á Íslandi

Styrktarforeldrar á Íslandi eru um 6.000 en auk þess eru aðrir 6.000 einstaklingar sem styrkja ekki með reglulegum hætti heldur af og til. Langalgengast er að fólk taki að sér



Barnaþorpin taka við börnum til tólf til fjórtán ára aldurs en missi börn foreldra sína eftir þann aldur er reynt að leita annarra úrræða fyrir þau.

einstök börn sem styrktarforeldrar þó að hægt sé að styrkja barnaþorpin sem einingu. Margir tengjast föstur-börnum sínum sterkum böndum, oft eru myndir af þeim uppi við í híbýlum fólks og börn fjölskyldna líta á föstur-börnin sem systkini sín í útlöndum.

„Fólk gerir þetta persónulegt, fylgist með börnunum, sendir þeim bréf og gjafir og heimsækir þau jafnvel ef efni og aðstæður leyfa,“ segir Sunna Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi SOS barnaþorpanna á Íslandi.

Kvenfélagið fékk boltann til að rúlla

Starfsemi SOS hjálparinnar hér á landi hófst 1989. „Íslendingar hafa frá upphafi tekið okkur mjög vel. Margir þekktu starfið frá Danmörku, ýmist eftir að hafa dvalist þar eða hreinlega úr dönsku blöðunum,“ segir Ragnar Schram, framkvæmdastjóri samtakanna. Ragnar segir jafnframt að áberandi sé hversu mikils velvilja samtökin njóti á landsbyggðinni.

„Við tókum saman fyrr á árinu í hvaða póstnúmeri flestir styrktaraðilar

okkar eru, miðað við höfðatölu. Þá kom í ljós að Langanes kom best út, langbest. Mjög margir styrktaraðilar okkar eru fólk á landsbyggðinni. Við höfum svo sem ekki skýringu á því hvernig þetta dreifist en líklegast er nú að þetta berist á milli fólks. Ég held reyndar í því tilfelli hafi upphafið verið að kvenfélagið á staðnum hafi tekið að sér að styrkja barn hjá okkur og svo hafi boltinn bara byrjað að rúlla.“

Uppbygging háð innviðum samfélaga

Ragnar segir að misjafnt sé hvaða skref þurfi að stíga til að byggja upp barnaþorp og fer það mjög eftir svæðum og innviðum samfélaga.

„Ef það er til að mynda góður skóli á staðnum vinnum við með honum og okkar börn ganga í hann. Sé enginn skóli eða leikskóli á staðnum er það okkar hlutverk að byggja þá upp. Slíkir skólar eru síðan einnig opnir fyrir önnur börn sem búsett eru á svæðinu í kring. Það veltur sem sagt mjög mikið á því

hvað er fyrir hendi þegar við hefjum starfsemi. Við byggjum upp þær einingar sem þarf til að geta boðið börnunum upp á gott líf og bjarta framtíð, og auðvitað einnig fólkinu í nágrenninu. Þetta á líka við um vatn, hreinlætis- og salernisaðstöðu og svo framvegis. Til að mynda er það oftast þannig að þegar grafa þarf brunn í barnaþorpunum grófum við annan utan við þorpið fyrir fólk sem þar býr. Með því nýtum við vinnuafli, þekkingu og tækni til að auka lífsgæði íbúa.“

Ekki hættulaust

Barnaþorpum SOS er víðast hvar mjög vel tekið en hins vegar eru dæmi um lönd þar sem samtökin hafa ekki, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, fengið að hefja starfsemi sína. Það á meðal annars við um Norður-Kóreu, Lýðveldið Kongó, Afganistan, Íran, Írak, Kúvæt og Sáði-Arabíu.

„Það hefur reynst erfitt að komast inn í ýmis stríðshrjáð lönd og lönd þar sem stjórnmálaástand er óstöðugt. Þar hafa yfirvöld verið treg til. Það

er þó ekki algilt, við erum til dæmis með barnaþorp í löndum eins og Líbanon, Jórdaníu, Egyptalandi og Túnis. Við höfum líka lent í því að barnaþorpin okkar hafa orðið fyrir árásum. Til að mynda hefur flugskeytum verið skotið á þorp. Við rekum barnaþorp og sjúkrahús í Mogadishu í Sómalíu og það hefur ítrekað orðið fyrir árásum, við höfum þurft að tæma það oftast en einu sinni. Sama gerðist í Suður-Súdan, í borginni Malakal. Við neyddumst til að tæma þorpið okkar þar því að það var tekið yfir af uppreisnarmönnum. Við neyddumst einnig til að tæma barnaþorp í Sýrlandi fyrir ekki svo löngu. Svona hlutir gerast en við höfum aldrei misst börn eða orðið fyrir manntjóni. Auðvitað er þetta hins vegar gríðarlegt álag á börnin, sem sum hver eru komin til okkar vegna stríðsástands,“ segir Ragnar.

Dvelja í þorpunum til fullorðinsára

Að sögn Sunnu koma börnin sem dvelja í barnaþorpunum þangað á öllum aldri, ýmist vegna þess að þau hafa misst foreldra sína eða þeir eru ófærir um að ala önn fyrir þeim. Algengast er að börn komi í barnaþorpin á aldrinum þriggja til fjögurra ára. Barnaþorpin taka við börnum til tólf til fjórtán ára aldurs en missi börn foreldra sína eftir þann aldur er reynt að leita annarra úrræða fyrir þau. Almennt dvelja börnin í þorpinu til fullorðinsára, til 18 ára eða jafnvel 23 ára en það er hámarksaldur. Dæmi eru um að börn yfirgefi þorpin fyrr, einkum ef efnahagur og aðstæður foreldra þeirra batnar og þau geta dvalið hjá þeim.

Standa og falla með stuðningi

Starf barnaþorpanna stendur og fellur með því að fólk, einkum Vesturlandabúar, styðji við starfið. „Eftir því sem fleiri styrkja samtökin er hægt að reisa fleiri barnaþorp og hjálpa fleiri börnum. Stuðningur hefur vaxið nokkuð jafnt í gegnum tíðina en mesta stökkið var árin 2007



Starfsemi SOS barnaþorpanna er í 133 löndum um allan heim.

og 2008. Það hefur orðið aukning öll árin nema árið 2009 en þá fór stuðningur eilítið niður á við,“ segir Ragnar.

Algengast er að foreldrar sem einu sinni hafa tekið að sér barn styðji það á meðan það býr í barnaþorpinu og jafnvel lengur. Það er þó ekki alveg einhlítt að sögn Ragnars.

„Auðvitað getur fólk lent í áföllum, veikindum eða atvinnumissi til að mynda. Þá hafa sumir gripið til þess ráðs að segja upp stuðningi við barnið. Oftast er það gert með miklum trega og af illri nauðsyn. Við spyrjum ekki um ástæður þegar fólk ákveður að hætta stuðningi. Þegar við hins vegar tökum að okkur barn er það komið undir okkar verndarvæng og fer ekki frá okkur fyrr en það er fullorðið eða því bjóðast aðrar betri aðstæður. Svo eru dæmi um að þegar staða fólks hefur lagast hefur það aftur tekið til við að styðja sama barn.“

Einnig hægt að styðja barnaþorp

Að gerast styrktarforeldri barns kostar 3.750 krónur á mánuði, eða 123 krónur á dag. Slík upphæð dugir þó ekki til og standa því fleiri en einir styrktarforeldrar að baki hverju barni. Þó er aðeins ein íslensk styrktarfjölskylda að baki hverju barni.

„Mörg þessara barna þurfa á miklum stuðningi að halda, sér í lagi fyrsta kastíð. Þau eru að koma úr aðstæðum sem krefjast kannski áfallahjálpar eða sálfræðiaðstoðar. Þau geta hafa horft upp á heimilis- ofbeldi eða verið fórnarlömb stríðsátaka. Við þurfum því að græða sárin og sjá til þess að börnin komist yfir þessi áföll. Kostnaðurinn getur því verið mun meiri, en við fjármögnum það með öðrum fram- lögum,“ segir Sunna. Einnig er hægt að gerast barnaþorpsvinur, en þá styður fólk ákveðið barnaþorp með mánaðarlegu framlagi að upphæð 3.250 krónur.

Rekstur samtakanna hér á landi er alfarið fjármagnaður með framlögum og stuðningi. Stuðningur styrktarforeldra fer eingöngu í að styðja við fósturbarn þeirra í



Ung stúlka í SOS barnaþorpi á leið í skólann.

barnaþorpunum. Styrktarforeldrum er sömuleiðis frjálst að skrifa börnunum, senda þeim gjafir og styðja þau frekar.

Hamfarir og hátíðir ýta við fólki

Þau Sunna og Ragnar játa því að þegar fréttir berist af hamförum erlendis aukist vitund fólks varðandi hjálparstarf.

„Til dæmis núna eftir að fellibylur gekk yfir Filippseyjar höfum við orðið vör við mikinn stuðning. Fólk hefur haft samband við okkur og stutt við uppbyggingarstarfið þar. Fyrir fellibylinn vantaði fjölda barna á Filippseyjum styrktarforeldra. Nú hafa nálega öll börn þar fengið styrktarforeldra. Svona atburðir hafa mikil áhrif á fólk. Við verðum líka mikið vör við áhuga og aukningu í kringum hátíðir eins og jól.“ //fr

SOS barnaþorpin

- SOS barnaþorpin hafa starfsemi í 133 löndum eða landsvæðum.
- Samtökin reka 545 barnaþorp víðs vegar um heiminn.
- Um 80.000 börn og ungmennti búa í þorpunum.
- Yfir ein og hálf milljón manns njóta stuðnings samtakanna.
- Á Íslandi eru um 6.000 styrktarforeldrar barna í SOS barnaþorpunum.
- Það kostar 3.750 krónur á mánuði að gerast styrktarforeldri barns.
- Það jafngildir 123 krónum á dag.

30%

SPEGLADAGAR Í NÓVEMBER

30% afsláttur af öllum speglum út nóvember. Sérfræðingar okkar veita þér faglega ráðgjöf við val á bestu lausninni fyrir þig. Við bjóðum einnig sandblástur og LED baklýsingu.

Íspan
GLER OG SPEGLAR

54 54 300 • SMÍÐJUVEGUR 7 • KÓPAVOGUR

Eina glerverksmiðjan á landinu með CE vottaða framleiðslu

Menntaskólinn á Ísafirði

Húsasmíðanám með vinnu – lokaönn 2014

Á vorönn mun nám á lokaönn í húsasmíði verða í boði við skólann ef næg þátttaka fæst. Kennslan mun fara fram um helgar og í fjarnámi. Eftirfarandi áfangar verða kenndir: ÁGS102, HÚB102, SVH102 og TEH303 sem eru fagbóklegir áfangar og TRS102, TST101 og LHÚ104 sem eru verklegir áfangar. Sveinspróf verður í maí og útskrift þann 24. maí. Námið er lánshæft hjá LÍN.

Nánari upplýsingar um skipulag námsins má finna á misa.is. Við skólann er heimavist með 20 nýuppgerðum herbergjum með sturtu og snyrtingu. Nokkur herbergjanna henta vel fyrir pör. Við skólann er mjög gott mótuneyti sem er vel nýtt af nemendum og starfsmönnum skólans. Skráning fer fram í gegnum menntagátt eða heimasíðu skólans.

KORNAX
- í allar sortir -

KORNAX HVEITI



Sylvíu Dagbjörtu Schonberg þykir afar vænt um íslensku hestana sína sem virðast hafa það gott á jarðarskika hennar á Point Roberts í Bandaríkjunum.

Myndir / HKr.

Vestur-Íslendingur á Point Roberts í Bandaríkjunum, ættingi Jóns Sigurðssonar forseta og áhugamanneskja um íslenska hestinn:

Konurnar elska þessa hesta

— segir Sylvía Dagbjört Schonberg, en afi hennar gaf Theodore Roosevelt Bandaríkjaforseta sauðargæru í svefnherbergið sitt árið 1908

Hróður íslenska hestsins hefur borist víða og Bandaríkin eru þar engin undantekning. Á Point Roberts-skaga, sem eiginlega er hluti af Vancouver-svæðinu í Kanada en fellur sunnan við reglustikudregna landamæralínu Bandaríkjanna, býr öldruð kona á níræðisaldri, sem á ættir að rekja til Íslands. Hún heitir Sylvía Dagbjört Schonberg, áður Thorsteinson, en því ættarnafni var reyndar breytt í Thorstenson. Hefur hún alla tíð haft mikið dálæti á íslenska hestinum og hefur enn.

Erfði áhugann á íslenska hestinum frá afa sínum

Sylvía segir áhugann á hestum hafa komið frá afa sínum sem settist að á Point Roberts. Í dag búa að sögn hennar um þúsund manns á skaganum yfir vetrartímann en fjölmargir eiga þar sumarhús og fjólgar íbúum því upp í allt að 6.000 á sumrin. Fólkið sem þangað fluttist 1894, þar á meðal afi hennar og fleiri Íslendingar, fékk viðurkenndan sinn rétt til landnáms á Point Roberts frá yfirvöldum í Washington-borg árið 1908.

„Mennirnir voru búnir að leggja mikla vinnu í að ryðja landið og byggja hús. Þeir urðu því mjög hræddir þegar upp kom orðrómur um að þeir yrðu að skila landinu aftur eða borga fyrir það. Þessir menn áttu enga peninga svo þeir urðu mjög þakklátir þegar þeir fengu að halda sínu landi. Helgi afi minn var þá með um 40 ekrur (um 16 hektara) sem hann deildi að hluta til með Paul fösturbroður sínum. Parna var afi minn með kindur eins og hann var vanur í Vík. Þá veiddu menn fisk eins og þeir voru vanir á Íslandi, þurrkuðu hann, eða söltuðu og reyktu. Einnig suðu þeir niður fisk til að geyma hann,“ segir Sylvía.

Frá Vík til vesturstrandar Ameríku

Föðurafi Sylvíu á ættir að rekja til Víkur í Mýrdal. Hann hét Helgi Þorsteinsson (Thorsteinson) en hann fluttist vestur um haf frá Vík í Mýrdal og mun fljótlega hafa sest að í Viktoríu á Vancouver-eyju.

Kínverji hélt lífinu í Íslendingunum

Á Vancouver-eyju bjó Helgi um hrið ásamt fösturbroður sínum Páli (Paul)



Sylvía með gömlu merina sína sem orðin er 24 ára.

Thorsteinson. Þegar bóluótt herjaði á íbúa þar upp úr 1890 einangruðust Íslendingarnir á svæðinu og voru þeim flestar bjargir bannaðar. Það mun svo hafa verið fyrir tilstilli efnaðs Kínverja að þeir gátu hreinlega haldið lífi, en sá mun síðar hafa tapað öllum sínum eigum. Samkvæmt kanadískum gögnum keyptu Helgi og fleiri Íslendingar sér sér landtökurétt á Point Roberts ásamt Bent Sivertz, Árna Sigurðssyni (Arnie) Mýrdal og föður hans 1884.

Íslendingar við Kyrrahaf

Jónas Þór sagnfræðingur hlaut styrk frá landafundanefnd til að rannsaka og skrifa landnáms sögu Íslendinga í Vesturheimi 1856-1914. Hann er menntaður á Íslandi (BA) og í Kanada (MA). Í grein sem hann ritaði í Morgunblaðið árið 2000 er sagt að fyrsti Íslendingurinn, sem vítað er með vissu að sest hafi að vestur við Kyrrahaf var Ólafur Jónsson (seinna Oliver Johnson). Hann kom frá Íslandi 1882 og eftir að hafa skoðað sig um í Manitoba og Norður-Dakóta flutti hann ári síðar vestur að hafi. Hann settist að í smáþorpi á Viktoríu. Þá segir Jónas Þór:

„Um 1890 voru fæinar íslenskar fjölskyldur komnar til Bresku Kólumbíu en á næsta áratug fjölgaði þeim talsvert. Atvinna var stopul í fylkinu og þvældust heimilisfeður um fylkið vítt og breitt í atvinnuleit. Sunnan landamæra, í Washington-ríki, voru sömuleiðis fæinir Íslendingar í Seattle, Blaine og Bellingham.

Það var snemma árs, 1893, að Kristján nokkur Benediktsson (seinna Benson) heyrði fyrst á Point Roberts minnst. Franskur maður, Disotel að nafni, sem kvæntur var íslenskri konu, Guðlaugu Jónsdóttur, hafði ferðast um tangann og leist vel á landkosti. Kristján tók manninn trúanlegan og reifaði landkönnunarferð við landa sína í Bellingham. Þá var snemma árs, 1893, að Kristján tók manninn trúanlegan og reifaði landkönnunarferð við landa sína í Bellingham. Þá var snemma árs, 1893, að Kristján tók manninn trúanlegan og reifaði landkönnunarferð við landa sína í Bellingham.

Næsta vetur, líklega í febrúar eða

mars, 1894, átti Kristján erindi til Viktoría og var Guðrún kona hans með í för. Dvöldu þau í Kanada um hrið. Hann greindi löndum sínum í eynni frá landnáminu á tangannum. Í endurminningum sínum, sem Árni Sigurðsson Mýrdal skráði 1953, segist hann hafa hitt Kristján í fyrsta sinn þá um vorið (apríl 1894). Ræddu þeir landnámið á tangannum drykklanga stund og lagði Kristján hart að Árna að setjast þar að. Kvaðst Árni í fyrstu hafa sýnt því lítinn áhuga. Hann hefði viljað vinna við vélar og taldi litlar líkur á slíku starfi í dreifbýlinu á Point Roberts. Kristján gafst hins vegar ekki upp og minntist á fiskiverksmiðjurnar, bæði á tangannum sjálfum svo og í Bellingham.

Á næstu vikum og mánuðum ræddi fólkið í Viktoría framtíðarhorfur, sem ekki þóttu góðar. Þegar foreldrar Árna, Sigurður Sigurðsson Mýrdal og Valgerður Jónsdóttir, tóku sig upp og fluttu á tangann 16. júní 1894, þá var Árni með. Hjónin tóku land og reistu hús. En sökum heilsuleysis Valgerðar sneru þau aftur til Viktoría en þar fékk hún betri læknishjálp. Voru þau á næstu árum eða allt til dauða Valgerðar 1912 ýmist í Viktoría eða á Point Roberts.

Árni varð hins vegar um kyrrt og fékk fljótlega vinnu hjá stærstu niðursuðuverksmiðjunni á tangannum, Alaska Packers Association. Á næstu árum fjölgaði Íslendingum á Point Roberts og upp úr aldamótum (1904) voru þeir 93 eða líðlega helmingur íbúa.

Samkvæmt manntali Point Roberts frá 1910 sem Bændablaðið hefur undir höndum var þá 81 íbúi þar af íslenskum uppruna, þar af 14 með eftirnafnið Thorsteinson. Margir Íslendinganna sem þangað fluttust höfðu lifibrauð sitt af búskap, garðrækt, fiskveiðum. Margir Íslendinganna sem þangað fluttust höfðu lifibrauð sitt af búskap, garðrækt, fiskveiðum. Íslendingarnir fengu líka margir vinnu í niðursuðuverksmiðjunum sem þar höfðu verið reistar, m.a. af fyrirtækinu George & Barker Salmon Packing Co. og Alaska Packers Association. Þar gátu stúlkur unnið sér inn 5-10 dali á dag.

Sérstaklega þægileg veðrátta

Jónas Þór í grein sinni í Morgunblaðinu að Helgi Þorsteinsson (afi Sylvíu) hafi komið á tangann með fjölskyldu sína 1894 og hafi unað sér þar vel frá upphafi. Síðan segir í grein Jónasar:

„Í greinargóðu bréfi til foreldra sinna 22. desember, 1895 lýsti hann fyrsta árinu á Point Roberts. Hann sagði veðráttna hafa verið sérstaklega þægilega, - vetur mildan en sumar þurt og hlýtt. Reyndar helst til of hlýtt því hagi hafi skrælnað en jarðrækt hins vegar gengið vel. Sagðist hann hafa náð sextíu pundum bauna, öðrum fimmtíu af lauk, sæmilegu korni (maís), níu stórum sekkjum af kartöflum og fjórum af sykurrófum. Þar sem enginn var markaður fyrir þessar afurðir fengu svínin það sem fjölskylda og vinir toruguð ekki. Sagðist Helgi hafa náð um fimm tonnum af heyi en hann reiknaði með meiru að ári því hann hafi hreinsað og sáð í tvær ekrur til viðbótar.

Helgi og Páll, uppeldisbróðir hans, áttu saman 30 hænur og sjö svín en að auki sagðist Helgi eiga tvær kýr og tvo kálfa. Hlöðu höfðu þeir reist sem var 30x16 fet og skemmu 16x12. Þá byggðu þeir hænsnahús, svínastíu og reykhus en reykt kjöt um jól var jafn spennandi í Vesturheimi og heima í Vík í Mýrdal. Þeir helguðu sig að mestu

búskapnum en þáðu þó vinnu þegar hún bauðst. Sagði Helgi svo frá að þeir bræður hefðu þénað nítján dali hvor í einni af niðursuðuverksmiðjunum á tanganum og verið greitt hálf tónn af heyi fyrir vinnu hjá amerískum bónda í grenndinni. Loks gat hann þess að þeir væru komnir með net og ætluðu að reyna við laxinn en verksmiðjurnar borguðu allt að 16 sent fyrir fiskinn.

En þótt tónninn í bréfi Helga væri jákvæður fór fjarri að íslenskum landnemum á tanganum væri rótt.“

Barátta við bandarísk stjórnvöld

Jónas greinir einnig frá lagalegri stöðu Point Roberts:

„Hinn 5. júlí 1884 samþykkti Bandaríkjaþing lög er vörðuðu jarðir hersins í landinu. Eitt megin ákvæði þessara laga var réttur forseta Bandaríkjanna til að ráðstafa þeim löndum hersins sem hann var hættur að nota. Viða hafði slíkt land verið numið í óleyfi en lögin gerðu ráð fyrir því að þeim sem svo höfðu gert fyrir 1. janúar 1884 væri veittur forkaupsréttur. Allir, sem tekið höfðu land seinna, áttu með þessu ekkert tilkall til þess. Á Point Roberts hafði reyndar aldrei komið her og engin herstöð. Þess vegna var staða landnema þar óljós því landið hafði verið ætlað hernum en varð það aldrei. Lögin tilgreindu hins vegar einungis lönd þau sem herinn hafði yfirgefið. Þessi munur átti eftir að vega þungt síðar.

Helgi Þorsteinsson lýsti áhyggjum sínum og annarra Íslendinga á tanganum yfir þessu. Segir hann að dagblað nokkurt í fylkinu hafi getið þess að allir ólöglegir landnemar á Point Roberts megi búast við því að verða reknir úr húsum og af jörðum sínum. Þessi frétt olli miklu uppnámi. Landnemar funduðu um málið og flestir undirrituðu bænaskrá sem send var til yfirvalda í höfuðborginni, Washington. Meginósk íbúanna var að allt land á tanganum yrði gefið frjálst til landnáms og að þeir sem þegar hefðu tekið sér bolfestu fengju forgang. Í bænaskránni var skýrt tekið fram að allir væru landnemarnir fátækir og gætu með engu móti keypt hús sín og lönd, sem þeir höfðu lagt allt sitt í ef til uppboðs kæmi.“

Keyptu kofa og jarðskika af bandarískum landnemum

„Fjölmargir Íslendinganna keyptu kofahreysi og jarðskika af bandarískum landnemum í þeirri trú að fyrr en seinna fengju þeir full yfirráð yfir þessum eignum sínum. Seljendurnir reyndu ekkert að blekkja Íslendingana því öllum var ljós lagaleg staða landnema á tanganum. Yfirleitt voru það fiskimenn sem seldu Íslendingum kofa sína og jarðskika umhverfis þá en þeir lögðu litla eða enga áherslu á búskap og því var um lítið ræktað land að ræða. En Íslendingarnir ætluðu sér meira og betra og tóku til óspilltra málanna við að ryðja land og rækta. Margir lögðu gífurlega hart að sér og líkt og Helgi og Páll, sáu fram á bjarta framtíð. Óvissan um hana var hins vegar óbærileg eins og fram kemur í öðru bréfi Helga til foreldra sinna á Íslandi.

Hann skrifaði það 22. mars 1898 og segir að þriggja manna nefnd hafi komið á tangann til að verðleggja þar öll hús og ræktað lönd. Allt eigi að fara á uppboð og seljast hæstbjóðendum. Í von um lausn mála sinna réðu landnemarnir á Point Roberts sér lögfræðing sem flutti mál þeirra fyrir fylkisþinginu. Átti hann að reyna að fá það samþykkt að sérhver landnemi fengi hús sín og jörð keypt á matsvirði. Þessi tilraun bar ekki árangur frekar en bænaskráin forðum.

Það var loksins árið 1903 að fulltrúi Bandaríkjaþjórnar í Seattle kom til Point Roberts. Hét sá Ed. C. Ellet og var hann þangað sendur einungis til að kanna ólöglegt skógarhögg en sá orðrómur hafði borist þvert yfir öll Bandaríkin, alla leið til Washingtonborgar að landnemar stundu ólöglegt skógarhögg í svo miklum mæli



Sylvia fyrir framan húsið sem afi hennar byggði, en það stendur við götu sem heitir Sylvia Drive. Næsta gata er nefnd eftir bróður hennar og heitir Robert Drive.



Jóhannes Schonberg, sonarsonur Sylvíu, að gauka fóðurbæti að einu hrossinu. Sylvia fylgist með ásamt Indriða A. Kristjánssyni, sem býr Kanadamegin við landamærin.

að grípa yrði í taumana. Ellet fór til Arna Mýrdal sem gerðist síðan leiðsögumaður gestsins á tanganum.“


Friðsamt og duglegt fólk

„Ellet sá fljótlega að mannlífið á Point Roberts var allt annað en almannarómur taldi; hér bjó friðsamt og duglegt fólk en engir morðingar, ræningjar eða smyglarar. Í stað þess að rannsaka skógarhögg gerði hann nákvæma skýrslu um hús öll og hýbýli svo og atvinnuvegi. Félst hann á að reyna að sannfæra yfirvöld um kosti þess að leyfa ábúendum tangans að eignast lönd sín. Hann sendi stjórninni í Washington skýrslu sína 31. desember 1904. Viðbrögð við henn voru misjöfn. Sumum þótti sjálfsagt að veita núverandi landnemum forkaupsrétt en aðrir töldu eðlilegt að allt land yrði boðið upp og selt á hæsta fánlegu verði. Skýrslan fór víða en að endingu kom það í hlut Fred nokkurs Dennett að bregðast við henni. Sá var yfirmaður deildar þeirrar í Washington sem annaðist sölu og úthlutun landnámsjarða. Hann óskaði nánari upplýsinga frá Ellet, einkum um skógarhöggið sem enn virtist órannsakað.

Í bréfi dagsettu 26. ágúst 1905 svaraði hann fyrirspurn Dennetts og taldi með öllu rangt að ætla að lögsækja landnámsmenn á Point Roberts fyrir ólöglegt skógarhögg. Það litla sem þeir höggva, skrifaði Ellet, er til að ryðja landið. Enginn stundaði skógarhögg í hagnaðarskyni því það var einfaldlega ekki ábatasamt. Þá vék hann að lagaákvæðinu frá 5. janúar 1884 og taldi það ekki eiga við Point Roberts vegna þess að þar hefði aldrei verið herstöð. Hann sagði landnám Íslendinga nokkuð sérstakt því allir tækju þeir sér 40 ekrur lands og seldu það síðan í smærri einingum, þetta 5-10 ekrur til landa sinna. Ellet vitnar

aftur í lagabálka og telur Íslendinga ekki þekkja til landnámslaga númer 2.291 en þau banna landnemum að selja skika úr sínu landi nema með sérstöku leyfi. Ef ný lög verði sett er brýnt að kaupendum þessara

smáskika verði veittur sami réttur og seljendum. Íslendingarnir væru fátækir landnámsmenn sem af stakri eljusemi höfðu byggt hús, rutt og ræktað land og gert litt árennilegan tanga að vistlegri nýlendu.“



Point Roberts

Við landamæri Kanada, vestast í Washington-ríki, er tangi sem heitir Point Roberts. Hann er í Whatcom-sýslu og er landfastur við Kanada en aðskilinn frá öllu landi Bandaríkjamegin. Point Roberts er ávalur hryggur, hæstur austast en hallar lítið eitt alla leið vestur að sjó. Tanginn er ekki stór, tæplega fimm kílómetrar að lengd og rúmir þrír að breidd. Láglandi er mest suðvestan til þar sem lægst er landið rétt yfir sjávarmáli. Austanmegin rís tanginn nokkuð yfir sjó og er þar fremur sæbratt. Þar þótti illt yfirferðar á landnámsstímum en engir voru þá vegir. Þess vegna völdu landnemar sér leið eftir fjörunni ef þeir áttu erindi um tangann. Skógur var þéttastur á þessu svæði á landnámsstímum og með öllu ófær þar til um hann var lagður vegur.

Af eystri hlið tangans er útsýni sérstaklega tilkomumikið til landsins. Þaðan sér yfir eyjar og sund en skipaleiðin liggur þar um og sjást skipaferðir ágætlega frá tanganum. Á björtum degi sést suðuroddi Vancouver-eyju ágætlega en til austurs og sauð austurs á meginlandinu blasa við stórbotnin Cascade-fjöll og rís Baker-fjall hæst. Í norðri gnæfa Vancouver-fjöll, há og hrikaleg, en í suðri, á sundunum, liggja svo eyjar, flestar smáar.

Bandaríkjaþing samþykkti landnámið á Point Roberts

Það var loks snemma um vorið 1908 að frumvarp til laga er varðaði Point Roberts var lagt fyrir Bandaríkjaþing. Í því sagði m.a. að allir sem tekið hefðu land á tanganum fyrir 1. janúar 1908 fengju sextíu daga frá og með þeim degi er lögin tækju gildi til að ganga frá eignarrétti sínum. Frumvarpið var samþykkt 1. apríl 1908. Íslenskir landnemar á tanganum fengu skömmu síðar til bréf frá Washington-borg þar sem lagalegur réttur þeirra var útskýrður.

Loks gátu íslensku landnemarnir á Point Roberts andað léttar. Sumir höfðu búið á tanganum í algerri óvissu í rúman áratug, rutt land og ræktað og byggt hús. Nú var tryggt að öll sú mikla vinna væri ekki lengur fyrir bí.

Landnemarnir völdu dag til að fara saman til Seattle og ganga endanlega frá landnámi sínu. Ákveðið var að um leið og þeir sneru aftur með póstbátnum seinna sama dag yrði hátið á tanganum. Konurnar á svæðinu komu saman og skiptu með sér verkum. Daga (Dagbjört Dagbjartsdóttir) kona Kristjáns Benediktssonar og dætur hennar sáu t.d. um bakstur og elduðu kjúklinga.

Forseti Bandaríkjanna með gæru í svefnherberginu frá afa Sylvíu

Allir sem vettlingi gátu valdið á tanganum komu þennan sólríka dag saman í Tinkham's Grove. Þar voru ræður fluttar og kom fram sú tillaga frá einum ræðumanna, Edward Tinkham að nafni, að við-eigandi væri að senda Roosevelt, forseta Bandaríkjanna, einhverja sérstaka gjöf í þakklætisskyni. Helgi Þorsteinsson tók sig þá til og slátraði vænum sauð daginn eftir og bauð gæruskinnið fram í þakkargjöfina. Það var síðan sútað og unnið af þýskum landnema, Elsnar að nafni, en hann hafði lært og unnið við sútun í Þýskalandi. Fullunnið var skinnið síðan sent til Washington, til Bandaríkjaforseta. Samfélagið á Point Roberts fékk nokkru seinna sent þakkarbréf frá forsetanum þar sem hann gat þess að gæran kæmi að góðum notum í svefnherbergi forsetans. Theodore Roosevelt var forseti Bandaríkjanna frá 14. september 1901 til 4. mars 1909.



Theodore Roosevelt

Lika ættuð úr Ísafjarðardjúpi og frænka Jóns Sigurðssonar forseta

Móðir Sylvíu hét Ella Magnúsdóttir. Hún var dóttir Magnúsar Þórðarsonar, sem var sonur Þórðar Magnússonar sem var alþingismaður Ísfirðinga á árunum 1880-1885. Þórður var fæddur á Eyri við Seyðisfjörð vestra hinn 26. desember 1829 og var sonur séra Magnúsar Þórðarsonar sem var m.a. prestur á Hrafnseyri við Arnarfjörð og konu hans Matthíldar Ásgeirsdóttur. Þórður var náfrændi Jóns Sigurðssonar forseta sem bjó á Hrafnseyri, en hann fæddist sem flestum Íslendingum ætti að vera kunnugt hinn 17. júní 1811.

Þórður Magnússon var tvígiftur en eignaðist 17 börn með 5 konum. Seinni kona hans hét Guðríður Hafliðadóttir og var móðir Magnúsar afa Sylvíu.

Þórður var bóndi í Hvítanesi og á Borg í Skötufirði um langt skeið, í Hattardal meiri í Álftafirði og loks á Skarðseyri í Skötufirði, sem ýmsir hafa síðan kallað Þórðareyri. Þórður fluttist 1893 til Vesturheims, væntanlega með Magnús og einhver fleiri börn með sér, og settist að í Manitoba, þar sem hann átti heima til æviloka.

Magnús móðurafi Sylvíu fluttist frá Manitoba og settist að sögn hennar að í Bellingham, sem er nú höfuðstaður Whatcom-sýslu í Washington-ríki í Bandaríkjunum. Sá staður liggur að sjó og er skammt austan við Point Roberts og fast við landamæri Kanada. Segir Sylvía hann hafa sest þar að því að staðurinn hafi minnt svo mikið á Ísland.

Sylvía býr í húsinu sem afi hennar reisti

Þegar Íslendingarnir komu til Point Roberts var landið var þá enn að mestu skógi vaxið. Þurftu þeir því að byrja á að ryðja sér land til ræktunar. Þar reisti Helgi Thorsteinson (f. 1860 d. 1945) og Dagbjört (f. 1862 d. 1941), afi og amma Sylvíu, bjálkahús árið 1900. Börnin þeirra hétu Elsa, Gróa, Rúna, Jónas og Gunnlaugur, eða Laugi eins og hann var síðar kallaður og var pabbi Sylvíu. Hann fæddist 1898. Gunnlaugur mun reyndar hafa verið skírður í höfuðið á bróður sínum sem hafði látist ungur.

Pau Gunnlaugur og Ella Magnúsdóttir eiginkona hans tóku síðan við húsinu af foreldrum Gunnlaugs árið 1932. Sylvía D. Schonberg, sem heitir að millinafni Dagbjört eftir föðurömmu sinni, tók síðan við húsinu af foreldrum sínum árið 1987 og gerðist organisti og píanisti við Trinity Community Lutheran Church á Point Roberts. Þar hafði hún reyndar byrjað að spila á orgelið 13 ára gömul og spilaði eftir það í kirkjum hvar sem hún kom.

Þess má geta að Gunnlaugur ritaði endurminningar sínar sem komu út á 63 síðum árið 1985 undir heitinu; A Short Story of a Long Life: Eight Decades of Memories. Bændablaðinu hefur þó ekki tekist að hafa upp á þessu riti.

Lærðu garðyrkju og ávaxtarækt

„Íslendingunum fannst þeir líka mjög lánsamir að koma á þetta svæði þar sem einnig var hægt að rækta grænmeti og ávexti,“ segir Sylvía. „Við eigum enn ávaxtatrén sem þeir plöntuðu fyrir meira en hundrað árum. Þeir höfðu áður verið í Victoriuborg á Vancouver-eyju þar sem þeir lærðu garðyrkju og ræktun ávaxtatrjáa. Þeir kunnu því að lifa á landinu til að komast af.

Faðir minn fæddist hér og tók svo við búskapnum þegar afi var orðinn of gamall til að sjá um þetta. Hann byggði svo þetta hús sem ég á nú fyrir fjölskyldu sína. Hann stækk-aði jörðina og keypti 100 ekrur til viðbótar (um 40 hektara) á svæði sem nú er búið að gera höfn. Svo



Jóhannes Schonberg fóðrar íslensku hestana hennar ömmu sinnar á Point Roberts.

keypti hann 20 ekrur til viðbótar hér í nágrenninu og fór út í ræktun á kartöflum, hvítkáli, höfrum og korni. Þessu hélt hann áfram frá á sjötta áratug síðustu aldar. Hann bjó hér þangað til hann dó á jörðinni sem hann fæddist á, 88 ára að aldri. Ég hafði þá áður flust aftur heim frá Seattle, eða litlum bæ sem kallaður er Stanford, til að sjá um aldraða foreldra mína. Og hér er ég enn á bænnum þar sem ég ólst upp.“

Afi hafði oft talað um hversu yndislegar skepnur íslensku hestarnir væru

„Þegar móðir mín dó vildi ég halda eftir einhverju af dýrunum. Við höfðum líka verið með hesta en ég

vildi kaupa mína eigin hesta. Pabbi hafði sagt mér frá því að afi hafði oft talað um hversu yndislegar skepnur íslensku hestarnir væru og hvað hann óskaði þess heitt að sonurinn eignað-ist slíka hesta. Það var þó engin leið að fá íslensk hesta á þeim tíma því þeir voru þá ekki fluttir inn. Þegar farið var að flytja íslenska hesta hingað vestur á áttunda áratugnum keypti ég hesta af hrossabónda í Bresku Kólumbíu í Kanada sem hafði flutt þá með flugi frá Íslandi. Það var svo 1994 sem ég fékk tvær merar og önnur var með sex mánaða folald með sér. Svo fékk ég líka stóðhest og innan fimm ára var ég komin með 11 íslenska hesta. Þetta voru mjög fallegir hestar en ég seldi flesta þeirra á endanum hér í nágrennið.

Sjálf á ég nú aðeins eftir einn hest. Það er meri sem var fædd á Íslandi.“

Konurnar elska íslensku hestana

„Við erum því með íslenska hesta hér um allt á Point Roberts. Konurnar elska þessa hesta og fólk sem hefur áður verið með hross af stærra kyni líkar mjög vel við íslensku hestana. Þeir eru svo þægilegir til útreiða og skapgóðir og gott að fara með þá á ströndina. Fólk fer því mjög vel með íslensku hestana sína og gætir þeirra vel.

Kona ein frá Pennsylvaníu hafði frétt af ágæti íslensku hestanna og fór meira að segja til Íslands og keypti svo einn hest. Svo frétti hún að það væru íslenskir hestar á Point Roberts og kom hingað í heimsókn til að skoða þá. Ég sýndi henni þá og umhverfið hérna. Þá ákvað hún að flytja hingað ásamt manni sínum og hesti. Hér finnst henni að hún sé komin til himnaríkis.“

Þessi kona er með hestinn sinn á jörðinni hjá Sylvíu og kemur jafnvel mörgum sinnum á dag til að tala við hestinn sinn og klappa honum.

Þriðja kynslóðin tapaði íslenskunni

Sylvía segir að eftir andlát afa hennar, foreldra og annarra sem höfðu íslensku sem sitt aðalmál, þá hafi verið fáir eftir sem kunnu að einhverju marki íslensku.

„Pau gátu bæði skrifað og lesið íslensku en ég lærði aldrei tungumálið. Sennilega hafa foreldrar mínir ekki talið það mikilvægt að kenna mér íslenskuna. Mér sýnist að með þriðju kynslóð innflytjenda hafi íslenskan farið að deyjja út.“

Systir Sylvíu sem einnig fæddist og ólst upp á Point Roberts lærði þó íslensku af foreldrum þeirra og forfeðrum. Hún flutti til Missouri í Bandaríkjunum en kom samt á hverju sumri í heimsókn á heimaslóðirnar. Þar hlustaði hún á íslenska tónlist og daðist að því hversu íslensku ljóðin við lögin voru falleg. Einnig þýddi hún gjarnan texta og annað sem hún las á íslensku fyrir systur sína og aðra ættingja.

Sum íslensk nöfn hafa lifað og önnur breyst

Íslenskan helst þó að einhverju leyti enn í nafngiftum eins og á Jóhannesi sonarsyni Sylvíu sem segist ekki vita um fleiri Bandaríkjamenn sem heiti þessu íslenska nafni. „Þegar ég var í bandaríska flotanum var ég eini

maðurinn með nafnið Jóhannes í gagnagrunni flotans sem saman-stendur af hundruðum þúsunda nafna,“ segir Jóhannes.

Hestarnir hennar Sylvíu hafa líka flestir verið nefndir íslenskum nöfnum samhliða enskum nöfnum. Fyrsti hesturinn var t.d. nefndur Dawn á ensku þar sem hann fæddist í dagrenningu og íslenska nafnið var Dagrún. Annar fékk nafnið Shadow á ensku og Skuggi á íslensku.

Enskumælandi íbúar á slóðum vesturfaranna áttu þó oft í millum erfiðleikum með framburð íslensku nafnanna. Þess vegna urðu oft til styttingar eins og á nafni á forföður Sylvíu sem hét Gunnlaugur og var stundum kallaður Gun-laugur í skóla, eða Byssu-laugur og síðar Laugi sem endaði svo í framburði sem Logi eða „Lógi“.

Upplifðu jól í landi forfeðranna

Sylvía segir að fyrir tæpum þrem árum eða, 2010, hafi hún farið ásamt Jóhannesi Schonberg, sonarsyni sínum, bróður hans og föður í heimsókn til Íslands um jól.

„Það var mjög sérstakt. Við dvöldum tvo eða þrjá daga í Vik í Mýrdal.“ Hún segir að þau hafi gist þau í húsi sem bróðir Helga Þorsteinssonar afa hennar hafi byggt. Það mun ekki allskostar rétt því það byggðu bræðurnir Jón og Loftur Þorsteinssynir. Sá Þorstein var Einarsson og bjó í Reynisdal og einnig í Suður-Hvammi. Jón seldi síðar enn öðrum Þorsteini hlut sinn í húsinu og flutti hann þann hluta nokkra metra í suður. Það er húsið sem Sylvía gisti í og heitir nú Sigurðarstaðir og er á Víkurbraut 30. Hinn hluti hússins heitir Lækjarmót og stendur enn á sínum upprunalega stað.

Bróðir Helga Þorsteinssonar, afa Sylvíu sem hún telur hafa byggt húsið í Vik, hét aftur á móti Jakob Þorsteinsson. Var hann gjarnan kenndur við Fagardal. Í minningargrein um Jakob í Tímanum frá desember 1960, kom fram að hann var ekki fæddur í Fagradal heldur að Skammadalshól í Mýrdal hinn 12. september 1867, og var fullra 93 ára er hann lést. Hann var sonur hjónanna Þorsteins Jónssonar og Guðrúnar Guðbrandsdóttur, bæði komin af bændaaættum úr Mýrdal. Þau hjónin áttu alls 12 börn. Jakob ólst upp í foreldrahúsum til 12 ára aldurs, en flutti þá að Suður-Vík.

Árið 1893 giftist Jakob Sólveigu Brynjólfsdóttur frá Hvammi í Mýrdal. Höfu þau búskap í Skammadal og bjuggu þar í 11

Fiskveiðar löðuðu fólk að Point Roberts

Elstu minjar um veru manna á Point Roberts eru nokkur þúsund ára gamlar. Fornleifafræðingar frá háskólum í Bresku Kólumbíu og Washington-ríki komust að þeirri niðurstöðu að þetta voru minjar um indíána af svokallaðri Salishan-ætt. Þeir voru fyrst og fremst fiskimenn sem höfðust við á Kyrrahafsströndinni norðanverðri.

Evrópskir sæfarar, bæði spænskir og enskir fundu tangann á 18. öld. Árið 1824 sigldi enski sægarpurinn James McMillan sigldi inn á flóann og lýsti tanganum í dagbókum skipsins. Þremur árum seinna, sumarið 1827, sigldi skútan Cadboro sömuleiðis að tanganum og gengu fáeinir skipverjar á land. Aðalerindi áhafnarinnar var hins vegar að kanna Fraser-ána og stofnsetja þar verslunarstað fyrir hið volduga breska félag, Hudson's Bay Company. Ekki er vitað með vissu hvenær evrópskir landnemar í Ameríku hófu fiskveiðar af tanganum en um miðja öldina (10. september, 1853) greinir The Columbian frá því að fáeinir menn stundi laxveiðar á Point Roberts. En þessar frásagnir af veiðum á Point Roberts leiddu til þess að menn tóku að gefa tanganum gaum en um þessar mundir, um miðja 19. öld, hófust deilur milli Bandaríkjanna og Bresku Ameríku (Kanada) um landamæri ríkjanna. Bandaríkin og Bretland gerðu landamærasamning 15. júní árið 1846. Þegar Breska Kólumbía varð hluti Kanada það ár var loks endanlegur samningur um landamæri undirritaður. Með honum urðu að engu tilraunir Bandaríkjanna til að ná yfirráðum á allri strandlengjunni frá Mexíkó norður til Alaska, sem þeir keyptu af Rússum árið 1867. Á árunum 1846-1871 voru deilur tíðar um Point Roberts og landamærin. Bandaríkjamenn ásökuðu íbúa Bresku Kólumbíu fyrir smygl á kjöti en norðanmenn gultu í sömu mynt og klöguðu áfengissmygl að sunnan. Tanginn þótti sérstaklega heppilegur smyglurum vegna þess að aðeins var að honum komist sjóleiðina Bandaríkjamegin.

Bandaríkjamenn gáfu úr yfirlýsingu árið 1859 sem bannaði búsetu og að stunda fiskveiðar frá tanganum. Öll umferð um hann var sömuleiðis bönnuð en stjórn Bandaríkjanna taldi hann hernaðarlega mikilvægan. Þar skyldi í framtíðinni rísa bæktistöð hersins. Aldrei kom herinn og þessi yfirlýsing gleymdist eða ekki var tekið mark á henni því ekki leið á löngu þar til menn settust að á tanganum í algjöru óleyfi. Upp úr 1870 fjölgaði fólki ört á Kyrrahafsströnd og þótt Point Roberts væri ekki í alfaraleið fjölgaði landnámsmönnum smátt og smátt.

Sumir þeirra áttu vafasama fortíð en tanginn þótti prýðilegur felustaður fyrir sakamenn á flótta undan réttvísinni. Þóttu árin 1878-1888 sérstaklega róstusöm en þá var engin löggæsla. Norðan við landamærin stóð íbúum Kanada stuggur af „ljóðnum“ á Point Roberts og gekk svo langt að málið var tekið fyrir af stjórninni í Ottawa. Talsvert var fjallað um málið í dagblöðum t.d. lagði The Ottawa Telegram til, 17. apríl, 1888 að tanginn yrði annaðhvort keyptur af Bandaríkjunum eða hann fenginn í skiptum fyrir annað land til þess að kanadísk lög næðu yfir hann. Ólíðinni þar yrði að linna.

En tanginn freistaði ekki aðeins sakamanna heldur renndu eigendur fiskverksmiðja til hans híru auga. Á síðasta áratug 19. aldar risu niðursuðuverksmiðjur á tanganum og atvinnulíf blómgaðist. Um þetta leyti kynnst Íslendingar á Kyrrahafs-strönd Point Roberts.



Niðursuðuverksmiðja Alaska Packers Association á Point Roberts þar sem íslensku landnemarnir gátu m.a. fengið vinnu.

ár. Eignuðust þau hjónin 12 börn, Fátækt var mikil og frumstæður aðbúnaður, svo sem víða var á þeim árum. Sex af börnum þeirra dóu í bernsku. Síðasta árið sem Jakob bjó í Skammadal missti hann konu sína og þrjú af börnunum úr barnaveiki á einum og hálfum mánuði. Leystist heimilið þá upp og fluttist Jakob á ný að Suður-Vík. Tvö af börnunum fluttu þangað með honum, Ólafur, síðar bóndi í Fagradal, og Agnes, síðar húsfreyja í Ameríku. Önnur börn hans dreifðust í ýmsar áttir.

Árið 1907 kvæntist Jakob í annað sinn og nú Guðrúnu Jónsdóttur í Fagradal, ekkju eftir Magnús Bjarnason er þar bjó. Fluttist hann þá að Fagradal og átti þar heimili síðan.

Jakob afhenti Ólafi syni sínum þriðjung af jörðinni er hann hóf búskap 1916 og nokkru síðar helming hennar. Höfðu þeir félagsvinnu og fór mjög vel á með þeim feðgum. 1940 hætti Jakob búskap og tók þá við hans hluta Jónas sonur hans, en hann var þá einkabarn þeirra Jakobs og Guðrúnar, annað barn, pilt, misstu þau á bernskuskeiði. Jakob og Guðrún keyptu síðar Sigurðarstaði og fluttu til Víkur.

Fengu vont veður

„Það voru allir að reyna að vara okkur við að fara þangað því það gæti verið svo slæmt veður í Vík á þessum árstíma. Við gætum hreinlega fokið út af veginum. Við vorum samt staðráðin í að fara og ætli þar hafi ekki spilað inn í gamla íslenska þrjóskan,“ sagði Sýlvía og hló.

„Jóhannes er skiðamaður og vanur því að keyra í snjó og ís á fjallvegum síðan hann var 16 ára gamall. Röddin hans var þó svolítið farin að titra þegar hann ók til Víkur á ísilögðum veginum og hvass vindurinn skók bílinn til á veginum.“ – „Já, það var ekki mikið grip á veginum,“ samsinnti Jóhannes.

Sýlvía segir að í Vík hafi þau eytt aðfangadagskvöldi og jóladag í húsi sem ættingjar hennar eiga og hafa gert upp í Vík og var upphaflega hús sem bróðir langafa hennar átti.

„Þetta er svo fallegur staður og loftið svo tært og það hreinasta í heimi,“ sagði Sýlvía, sem var greinilega mjög hrifin af landinu.

Restinni af jólnum vörðu þau svo í Reykjavík og dvöldu þar yfir áramótin. Hún segir að þau hafi þá upplifað „geðveikina“ við flugeldaskothrið Íslendinga á gamlárskvöld og haft gaman af. „Þetta var eins og að vera í stríðsátakasvæði,“ sagði Jóhannes. „Maður undrast hvernig fólk hefur efni á þessu,“ sagði Sýlvía, „...en það kemur þó björgunarsveitunum til góða.“

Í hjólaferð um Ísland

Jóhannes er duglegur að heimsækja ömmu sína og hjálpar henni að hirða um hestana. Hann er fæddur og uppallinn í Bandaríkjunum en hefur leitað upprunans á Íslandi. Fór hann meðal annars hjólandi hringinn í kringum landið með bróður sínum 27. júlí til 20. ágúst 2012.

„Það var gaman og við fengum sólskin mestallan tímann. Þá tvo



Jóhannes Schonberg

daga sem við vorum að hjóla frá Reykjavík til Víkur var meira að segja mjög heitt. Það var líka mjög þurr og vindur á þeirri leið svo að við fengum yfir okkur talsvert ryk. Maður var því orðinn ansi þreyttur þegar komið var í Vík,“ sagði Jóhannes. „Það tók okkur 20 daga að hjóla hringinn og við hjóluðum um 60 mílur á dag.“

Jóhannes segir það bæði gott og slæmt að hjóla á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Víða séu nær engar vegaxlir svo það geti verið erfitt þegar þung umferð er og mikið um stóra bíla, eins og flutningabíla og húsbíla. Þá sé of mikið um að menn stundi glæfralegan framúrakstur eða mæti bílum á mjóum vegi á ofsahraða. Ökumenn taki þá ekki alltaf tillit til hjólandi umferðar.

Afleit upplifun á sumum íslenskum ferðamannastöðum

„Við upplifðum því nokkur ógnvekjandi augnablik á leiðinni. Akureyri var einna verst fyrir hjóleiðamenn þó að þar sé fallett. Mér líkaði hins vegar einna best við Borgarnes og svæðið þar í kring.“

Þá er líka fallett á Mývatni en það er orðið svo mikilferðamannastaður að það var ekki sérlega gaman að koma þangað. Þar fórum við inn á veitingastað sem mér skildist að væri sá eini þar um slóðir en þjónustan var afleit. Við vorum staddir þar á afmælisdeginum mínum og ég pantaði mér salat til að halda upp á daginn. Ég fékk haug af icebergsalati á disk, enga dressingu og ekkert annað. Svo pöntuðum við „fish and chips“ og við fengum einhvers konar harða fiskstauta sem brögðuðust hreint ekki vel. Samt var þetta mjög, mjög dýrt og við vorum því fegnastir þegar við fórum þaðan. Á öðrum stöðum var maturinn yfirleitt mjög góður.“

Besti maturinn á Hannes Boy á Siglufirði

Besti maturinn sem ég fékk var á Siglufirði. Við fórum á Hannes Boy café og þar var hreint frábær matur. Á Siglufirði er líka fin sundlaug. Þá fórum við í kúrekabæinn Skagaströnd og þar er sennilega eini staðurinn þar sem manni eru færðar kaffiveitingar í heita pottinn.

Á Norðurlandi var loftið líka svo einstaklega tært, vatnið svo hreint og sjórinn blár. Þetta var sérlega fallett.

Þægilegra á ferðast um Ísland en mörg önnur lönd

„Það sem Ísland hefur fram yfir Bandaríkin og Kanada og önnur lönd sem ég þekki til er hversu stutt er á milli þéttbýlisstaða. Í hverju einasta þorpi eru líka fin tjaldstæði og sundlaugar sem ekki er sjálfsagt að finna í öðrum löndum og alls ekki í Bandaríkjunum. Þá eru tjaldstöðin á Íslandi yfirleitt vel staðsett og jafnvel í miðjum bæ, sem er mjög hentugt.“

Það er líka ánægjulegt hvað bændur og aðrir eru viljugir að leyfa manni að fara yfir landareign sína. Þetta er ekki hægt að gera í Bandaríkjunum, þar ferðu einfaldlega ekki yfir einkaland. Á Íslandi eru aftur á móti víða settar tröppur yfir girðingar til að auðvelda manni að komast áfram og það jafnvel inn á einkaland. Þetta líkar mér afskaplega vel.“

/HKr:

Helstu heimildir:

- Sýlvía D. Schonberg og ættingjar.
- Alþingi þingmannatal.
- Dermott McInnes June 2001
- U.S. Federal Census Collection 1910 Census Extractions for the Community of Point Roberts
- MBL 6. maí 2000.
- ÍSLENSKA LANDNÁMIÐ Á POINT ROBERTS eftir Jónas Þór sagnfræðing.
- Timinn desember 1960.
- Trinity Community Lutheran Church

Nýtt fréttabréf í næstu viku

Glæsileg afmælistilboð á vélum og tækjum



Austurvegur 69 - 800 Selfoss

Lónsbakki - 601 Akureyri

www.jotunn.is

Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610

Sími 480 0400

jotunn@jotunn.is



JÓLAGJÖF HESTAMANNSINS

Hrossaræktin 2013 er komin út !

Meðal efnis:

- Hæst dæmdu kynbótahross Íslands 2013
- Kynbótasýningar erlendis
- Viðtal við Kristín Guðnason
- Vatnsleysuhrossin
- Viðtal við Guðmund F. Björgvinsson
- Ófeigur 882 frá Flugumýri
- Sveins Guðmundssonar minnst

og margt fleira.

300 blaðsíður af fróðleik og skemmtun.

Hrossaræktin 2013 fæst á eftirfarandi sölustöðum:

- Öllum helstu hestavöruverslunum.
- Bókabúðum Pennans/Eymundssonar um land allt.
- Þjónustustöðvum N1 um land allt.
- Verslunum Hagkaupa.
- Landstólpa.
- Litlu kaffistofunni



HROSSARÆKT.IS



Stangveiðar á Íslandi og Íslensk vatnabók:

Veiðar og veiðimenning frá landnámi til okkar daga

– Nýjar bækur um veiðimenn og aðferðirnar sem þeir beita, fiskana sem þeir veiða, veiðisvæðin og söguna að baki vatnaveiði

Tugir þúsunda Íslendinga stunda veiðar að einhverju marki. Þó svo að ákveðinn hluti veiðimenningarinnar sé frátekinn fyrir þá sem eiga peninga og sækja í dýrar laxveiðir eru fleiri staðir á landinu þar sem hægt er að veiða fyrir lítið eða jafnvel ekkert fé. Það þarf ekki alltaf að fara dýru leiðina til þess að njóta fiskveiða í fagurri náttúru í hópi góðra vina eða einn með sjálfum sér. Í tveimur þykkum bindum um veiðar og veiðimenningu á Íslandi, sem eru nýkominn út, má finna fjölbreyttan fróðleik sem snýr að þessu vinsælasta sporti landans. Bækurnar eru tvær og heita „Íslensk vatnabók – eða yfirlit um fiskana og veiðimenn þeirra og þær aðferðir sem þeir beita til að ná þeim“ og „Stangveiðar á Íslandi“ og eru eftir rithöfundinn Sölva Björn Sigurðsson.

Spurður um tilurð verksins segir Sölvi Björn að sá fróðleikur sem þar sé að finna komi víða að. „Þekking um veiðar og vötn er auðvitað víða fyrir hendi, bæði í veiðibókum og blöðum sem og í öðrum bókmenntum. Hún býr líka í munnmælum og alls konar ævintýrlegum frásögnum hjá ólíklegasta fólki. Mér fannst áhugavert að skoða þennan kúltúr í svölitið stóru samhengi og reyna að draga þennan fróðleik saman,“ segir Sölvi Björn, sem meðal annars leitaði fanga í klassískum bókmenntum, fornsögum og þjóðsögum við gerð bókanna. „Leiðarstefin eru því veiðar og flest allt sem þeim tengist og því eru náttúran og landið, sagan og fólkið, alls staðar býsna nærri. Það er hægt að tengja margar skemmtilegar frásagnir við vatnamennsku og veiðar.“

Hvenær byrjuðu Íslendingar að veiða í ám og vötnum?

Árið 2010 ákvað Sölvi Björn að leggja af stað í verkefnið ásamt útgefanda sínum, Tómasi Hermannssyni hjá Sögum útgáfu. Þá hófst vinnan fyrir alvöru með



Veiðibækurnar eru í tveimur bindum.



Álftavatn.

Mynd / SBS

heimildavinnu og öðru grúski. Rannsóknarspurningin sem lagt var upp með var hvenær menn fóru að veiða og hvernig veitt var á sínum tíma. „Við vissum ef til vill hvorugur hvað við vorum að koma okkur út í enda stækkaði verkið þegar leið á tímann. Ég varð strax áhugasamur um að fara dýpra í viðfangsefnið en kannski gengur og gerist í hefðbundnum veiðibókum. Ég fór meðal annars í gömul bréfasöfn og fann víða heimildir sem ekki hafa verið tiltækar eða farið mjög hátt. Þetta var svölitið eins og að vera á veiðum eftir heimildum.“

Veiðarnar áttu sinn þátt í að efla hag landsmanna

Sölvi Björn segir að það hafi verið ánægjulegt að finna frásagnir af veiðum í gömlu félagsritunum



Margar sagnir eru um frækilega veiði fyrr á árum. Hér vantar ekki stórlaxana og af svip veiðikonunnar að dæma er hún ánægð með aflann.

Mynd / JJD, Þjóðminjasafnið

frá árunum 1770-1780 þar sem veiðimennskan var svo augljóslega hluti af upplýsingunni og búauðgisstefnunni sem þá var í deiglu. „Þetta var greinilega stór þáttur í að lífga bændamenninguna við og leita nýrra tækifæra og leiða til þess að efla hag landsmanna. Í þessum heimildum kemur fram að veiðum hafi oft verið illa sinnt og ekki eins vel og landið bauð upp á. Bókin hefst raunar á því að vitnað er í Hrafna-Flóka. Hann kom til landsins en þurfti síðan frá að hverfa því hann gleymdi sér við veiðimennsku og missti búvitið. Hann var svo upptekinn við fiskróðra að hann gleymdi að heyja, sem varð til þess að hann missti skepnurnar.“

Sölvi Björn segir að fram á 19. öld sé saga veiða á Íslandi ágætlega afmörkuð og hægt að gera sér grein fyrir stóra samhenginu. Eftir þann tíma verði heimildarnar fleiri og viðameiri og úr mun meiru að móða fyrir sagnaritara.

Saga veiða og landbúnaðar ná tengdar

Saga veiði og vatnamenningar tengist náið sögu íslensks landbúnaðar að mati Sölva Björns. „Oft er þetta sama sagan. Flestar ár renna í gegnum jarðir bænda og eru í einkaeigu. Í dag sem og áður hafa veiðimenn þurft að vera í miklum samskiptum við bændur. Það kemur tiltölulega fljótt í ljós að þessi auðlind var mjög mikilvæg, ekki síst bændum. Kirkjan átti raunar drjúgan hluta þegar veldi hennar var hvað mest en ætli það hafi ekki líka verið bændum erfiðara að halda utan um veiðiréttindin þegar einangrunin var meiri og þekkingin minni. Jarðabækurnar og annað slíkt sem fært var til meiri skrásetningar á seinni öldum hjálpaði þeim eflaust til að útlísta hvað þeir áttu, þótt sumir vilji nú meina að margir hafi gert minna úr auðlindum sínum en efni stóðu til. Það kom samt glögglega í ljós á 19. öldinni hvað auðlindin var mikilvæg. Laxveiðimennskan og laxveiðimenningin tvinnast þá saman við eins konar iðnbyltingu í landbúnaði og þetta endurtekur sig síðar og fram á okkar tíma þegar ferðamennskan og sportveiðin verður mjög mikilvæg bændum.“


Tugir veiðimanna leggja bókinni til fróðleik

Meginstefið í fyrri bókinni er sagan og menningin í kringum veiðarnar en í þeirri seinni er fjallað um vatnasvæðin sjálf, árarnar og vötnin um allt land. „Það var góður líðsstyrkur í tæplega 70 veiðimönnum sem lögðu til sögur og hjálpuðu mér þannig að



Bækurnar prýðir fjöldi mynda. Hér er ungur veiðimaður, Hafþór Bjarni Bjarnason, með fyrsta flugufiskinn sinn. Veiddur í Selvallavatni.

Mynd / BJ



Erlendir veiðimenn hafa löngum sett svip sinn á stangveiðimenninguna á Íslandi. Hér er enskur veiðimaður, Watkins að nafni, við Langá árið 1903.

Mynd / HÓ, Þjóðminjasafnið

þræða hringinn í kringum landið með margs konar ævintýrlegum veiðisögum. Þar sem ekki eru samtíðarmenn að segja frá er gripið til sagna úr eldri heimildum, svo sem öðrum bókum og þjóðsögum. Markmiðið var að fjalla um allt landið og ég reyndi að fara sem víðast og sleppa helst engu úr. Auðvitað hafa sum svæði meira vægi en önnur

og fá því meira pláss en hins vegar fannst mér grundvallaratriði að gefa minna þekktum veiðisvæðum gaum og sneiða ekki hjá þeim,“ segir Sölvi Björn Sigurðsson.

Bækurnar Stangveiðar á Íslandi og Íslensk vatnabók eru gefnar út af Sögum útgáfu. Bindin eru samtals 1.050 blaðsíður að lengd og í þeim er fjöldi ljósmynda.

/TB



Mynd / TB

Höfundurinn

Sölvi Björn Sigurðsson er ungur rithöfundur og ljóðskáld, fæddur á seinni hluta áttunda áratugarins. Hann hefur meðal annars gefið út skáldsögurnar „Gestakomur í Sauðlauksdal“ og „Síðustu dagar móður minnar“ auk þess að þýða erlend ljóð og annað efni á íslenska tungu.

„Ég byrjaði frekar ungur að skrifa en fyrsta skáldsagan mín kom út árið 2003, þá var ég 25 ára. Fram að því hafði ég gefið út ljóð og stefnt inn á þessa braut nokkuð lengi og ætli bækurnar séu ekki núna að nálgast tuttugu. Ég hef verið víðlööðandi útgáfufagið alla mína tíð og unnið hjá forlögum, m.a. við umbrot, þýðingar og yfirllestur. Fyrir um tíu árum fór ég í útgáfunám til Skotlands og komst að því að það þarf stundum ýmislegt fleira til þess að gera góða bók en bara textann. Ég hef alltaf

haft áhuga á bókagerð og að búa til fallegan grip. Það var í raun í náminu sem ég fékk hugmyndina að því að gera þetta stóra verk um vötn og veiðar.“

– Hvað varð til þess að þú lagðir veiðibókmenntirnar fyrir þig? Ertu með veiðidellu?

„Já, ætli ég geti nokkuð neitað því. Það liggur við að öngulmarkið hafi verið sviðið á mann við fæðingu. Fyrst voru þetta fjölskylduferðir upp á hálendi og síðan fékk maður að fljóta með pabba niður að á til að veiða litla silunga og láta sig dreyma um laxinn. Þannig var þetta í gamla daga, allt snerist meira og minna um veiðiskapinn og samveruna uppi á fjöllum eða á árbakkanum. Ætli þetta sé því ekki bara í blóðinu. Mér sýnist þessi dæla í rauninni ekkert ætla að hverfa, sem er hið besta mál.“

Tæknilegri – Sneggri – Sterkari



Einstakt tilboð á LELY/ Welger DA 235 Profi

Til þess að þjóna viðskiptavinum okkar sem best höfum við gert samning við LELY International um að bjóða þeim bændum sem panta LELY Welger DA 235 Profi rúlluvélasamstæðu árgerð 2014 fyrir 10. desember vélarnar á einstökum kjörum.

Fullt verð fyrir LELY/ Welger DA 235 Profi kr. 10.900.000 + vsk.

6% afsláttur ef pantað er fyrir 10. desember eða kr. 654.000 + vsk.

Verð kr. 10.246.000 + vsk.

Miðað við gengi 162 EUR

Að auki fá þeir sem panta vél fyrir 10. desember fría ferð til Wolfenbuttel í Þýskalandi mar/apríl 2014 í verksmiðjunar og til að læra á vélarnar sem þeir eru að kaupa.



Helgi Steinsson bóndi á Syðri-Bægisá og verktaki valdi LELY Welger



„Það kom ekkert annað til greina en LELY Welger sambyggð rúlluvél. Vegna reynslu minnar á Welger rúlluvélinni sem ég átti áður frá 2005 og notaði 18 þús. rúllur án bilana. Helstu kostir vélarinnar er hve einföld hún er í notkun. Hún rúllar og pakkar allar gerðir grass og án allra vandræða í brekkum og hliðarhalla. Ég hef aldrei þurft frá að hverfa vegna bilanna í verktöku og þó unnið við mjög mismunandi og krefjandi aðstæður.“

Marteinn Sigurðsson á Kvíabóli



„Ég er mjög ánægður með vélina sem ég fékk í vor og er búinn að pakka með henni 2,800 rúllum í sumar, án þess að vélin hafi hikstað nokkru sinni. Hún hefur verið notuð í að rúlla og pakka grasi, hálmi og rennbautu grænfóðri vandræðalaust. Við erum búin að prófa vélina í öllum brekkum hér á bæ, upp, niður, út og suður og getum ekki annað en gefið henni 100% meðmæli.“

Bjarni Valur Guðmundsson á Skipholti III



„LELY/Welger DA 235 Profi vélina fékk ég í sumar og sé ekki eftir þeim kaupum. Hún er búin að standa sig mjög vel og er komin yfir 1,000 rúllur í sumar. Ég er mjög ánægður með hana.“

Frábær vél á einstöku tilboði!

LELY Welger er tæknilega framúrskarandi rúlluvél, hraðvirk og sterkbyggð. Miðtengt smurkerfi með stóru forðabúri er gert fyrir mikla notkun.

Grunnurinn að hinni gríðarlegu pressun á rúllunum eru 18 „Power Grip“ þrælsterk stálkefli og öflugur drifbúnaður. Einstakt stíflulosunarkerfið losar stíflur og aðskotahluti auðveldlega með því að lækka mótunargólfið með glussatjökkum.



www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



Erlingur Þórarinnsson, framkvæmdastjóri AN Lausna á Egilsstöðum.

Mynd / fr

Hægt að reka hugbúnaðarfyrirtæki hvar sem er

– Það eina sem til þarf er góð nettenging og mannauður, segir framkvæmdastjóri AN Lausna á Egilsstöðum

Í skrifstofuhúsnæði á Egilsstöðum hefur byggst upp fjöldi fyrirtækja í skapandi atvinnugreinum. Sex fyrirtæki eru nú starfandi á efri hæð gamla kaupfélagshússins á Egilsstöðum sem öll eiga það sammerkt að starfa á einn eða annan hátt við upplýsingatekni. Fyrirtækin hafa myndað klasa sem nefnist Hugvangur en upphaf starfsemi þeirra flestra má rekja til Austurnets, klasafyrirtækis sem stofnað var árið 2007.

Austurnet safnar að sér svokölluðum kúluverkefnum. Mörg þeirra eru í upplýsingatekni en einnig eru önnur verkefni þarna svo sem í ferðaþjónustu eða samfélagsverkefni. Meðal fyrirtækja sem orðið hafa til út úr slíkum kúluverkefnum eru Austurfrétt, sem fjallað var um hér í blaðinu fyrir nokkrum vikum. Önnur fyrirtæki sem eiga rætur í Austurneti eru til að mynda fyrirtækin AN Lausnir og AXnorth.

AN Lausnir var stofnað formlega í apríl 2011 og sinnir fyrirtækið hugbúnaðargerð, forritun og tengdum verkefnum. Ári síðar var fyrirtækið AXnorth síðan stofnað og þá í helm-ingseigu AN Lausna og bandaríks samstarfsaðila þess, Greenlight sem er ráðgjafarfirmi í hugbúnaðarlausnum.

Erlingur Þórarinnsson, framkvæmdastjóri AN Lausna, segir að með því hafi Greenlight viljað treysta samskiptin við AN Lausnir enn frekar.

„Flest verkefni AXnorth koma í gegnum þann aðila. AXnorth er mjög sérhæft. Við vinnum að sérlausnum í kerfi sem heitir Dynamics AX en engu að síður er opið á alla aðra vinnu í hugbúnaðargeiranum. Við höfum hins vegar skapað okkur ansi mikla sérstöðu í þessu og nýtum okkur það.“

Sinna erlendum stórfyrirtækjum

„Það sem AXnorth gerir er að þróa og halda við hugbúnaðarkerfi sem er umsjúklur fyrir stórfyrirtæki. Þá á ég við gríðarstór fyrirtæki, hvort sem er á sviði starfsmannahalds, vörumsjónar, sölu, markaðssetningar eða hvers annars. Þetta er uttanumhald fyrir allan rekstur stórra fyrirtækja. Það er ekki stór markaður fyrir þessi kerfi hér á Íslandi. Vissulega nota einhver fyrirtæki þennan hugbúnað hér heima en fyrirtækin sem við erum að vinna fyrir erlendis hafa sjaldnast færri en 1.000 starfsmenn og eru í flestum tilfellum fjölbjóðleg. Þetta geta verið fyrirtæki í matvælaframleiðslu eða bílaframleiðslu. Dæmi um eitt svona fyrirtæki er fyrirtæki sem hefur á fjórða þúsund starfsmenn í vinnu í 240 starfsstöðvum í 140 löndum. Þetta fyrirtæki er að nota eitt umsjónarkerfi fyrir allar þessar starfsstöðvar og það gefur kannski smá innsýn í umfangið sem þarf að vinna með,“ segir Erlingur.

Starfsstöðvar dreifðar um landið

Í dag eru um fjórtán starfsmenn starfandi hjá AXnorth. Þeir eru dreifðir víða um land þó höfuðstöðvarnar séu á Egilsstöðum. Fyrirtækið er með starfsstöðvar á Akureyri og í Reykjavík og aðrar tvær minni á Fáskrúðsfirði og í Flóahreppi. Vöxtur fyrirtækisins hefur verið jafn og þéttur.

„Þetta er ekki gamalt fyrirtæki en erlendu verkefni sem við höfum fengið í samstarfi okkar við Greenlight hafa valdið því að vöxturinn hefur verið mikill og hraður“, segir Erlingur og bætir við: „Eitt sem ég tel að hafi unnið með okkur er að við höfum verið fljót að aðlagast okkur að nýjum hlutum, það er

svolítið í eðli Íslendinga að gera það. Það hefur nýst okkur mjög vel úti á Bandaríkjamarkaði. Það er nefnilega mín upplifun að menningin í þessum geira sé þannig að þar noti menn það sem virkar en við Íslendingar æðum út í vatnið ef þörf er á. Auðvitað kemur fyrir að maður blotnar en á endanum þá virkar þetta vel fyrir báða aðila.“

Tímamismunurinn bæði kostur og ókostur

Erlingur segir að vegna þess að nánast öll vinna AXnorth sé fyrir erlenda aðila reyni stundum á samskiptahæfni starfsmanna.

„Það kemur samstarfsaðilum okkar úti í Bandaríkjunum oft á óvart að hvað við erum óhræddir við að reyna okkur við ný verkefni, eitthvað sem við ekki höfum sérþekkingu á en öflum okkur bara. Við finnum líka verulega fyrir því að við erum að vinna í öðru tímabelti. Það getur tekið á heimilishaldi að þurfa að vinna fram undir miðnætti eða jafnvel lengur um ákveðið skeið, til dæmis þegar verið er að innleiða kerfi hjá nýjum viðskiptavinum. Það er nú ókosturinn við þetta starf. Það getur hins vegar líka verið kostur vegna þess að við erum stundum í aðstöðu til að skapa ánægju hjá viðskiptavinum þegar það koma upp vandamál að degi til í Bandaríkjunum. Okkur er þá send beiðni um að leysa vandamálið sem við getum gert í okkar dagvinnu. Það þýðir að vandamálið er leyst á meðan er nótt úti í Bandaríkjunum og viðskiptavinurinn getur mætt í vinnuna og það er ekki lengur til staðar. Þetta gerir okkar vinnu mjög eftirsóknaverða, við getum unnið á meðan ekki er álag á kerfinu úti. Við lítum út fyrir að hafa mikinn viðbragðsflýti þegar við erum í raun ekki að gera

annað en leysa verkefni þegar við mætum í vinnuna að morgni.“

Erfitt að útskýra „the second of whitsun“

„En auðvitað geta orðið einhverjir árekstrar, vegna menningarmunar. Bandaríkjamönnum finnst til dæmis mjög skrítið, sérstaklega á vormánuðum, hversu margir einkennilegir frídagar eru hér á Íslandi. Þegar þarf að reyna að útskýra fyrir þeim að það sé frídagur á mánudegi vegna þess að þá sé annar í hvítasunnu eða „second of whitsun“ fara þeir kannski að efast um samstarfið, eða halda að við séum að gera grín að þeim. Þetta getur stundum skapað þínu togstreitu því við erum kannski í frii þegar vandamál koma upp úti og oft getum við ekkert fri tekið. Það kemur alveg fyrir að við þurfum að vinna eftir bandarísku dagatali.“

Mikilvægt að halda menntuðu fólki í heimabyggð

Erlingur segir að í sínum huga skapi fyrirtæki eins og AXnorth gríðarlega mikil verðmæti, ekki síst séu þau staðsett í byggðarlögum á landsbyggðinni.

„Svo við tökum dæmi héðan frá Egilsstöðum þá eru ekki mörg fyrirtæki hér af sömu stærð og við, sem ekki eru útibú frá fyrirtækjum í Reykjavík. Það eru ekki mörg fyrirtæki sem eru með sínar höfuðstöðvar hér, af þessari stærðargráðu. Ég held ég geti fullt af ef við undanskiljum Alcoa þá er þetta í augnablikinu nánast eini starfsvettvangurinn fyrir tölvunarfræðinga á Austurlandi.“

Samgöngur og fjarskipti grunnur að því að byggð haldist um landið

„Ef við horfum bara á hæðina hérna

þá eru hér starfandi fyrirtækin Austurnet, AN Lausnir, AXnorth, Rational Network, Austurfrétt og auglýsingafyrirtækið Augasteinar. Allt þetta fólk, sem vinnur hjá þessum fyrirtækjum, er héðan að austan. Þetta eru einstaklingar sem við höldum í heimabyggð sem við værum annars að missa eitthvað annað. Það hefur haft samband við okkur talsvert af ungu fólki sem er í tölvunarfræði eða tæknitengdu námi sem eru mjög spennit fyrir því að hafa möguleika á því að koma til vinnu hér heima í héraði. Þetta er stórkostlega jákvæð þróun fyrir byggðina. Þetta er hægt vegna þess að við vinnum yfir netið. Samgöngur og fjarskipti eru grunnundirstaðan að því að hægt sé að halda byggð um landið allt. Klárt mál.“

Geta unnið alls staðar

Erlingur segir engu máli skipta hvar fyrirtæki eins og AXnorth hafi starfsstöðvar sínar, eins lengi og internet-tengingar eru góðar.

„Í dag er mjög hagstætt fyrir hugbúnaðarfirmi að vinna að verkefnum erlendis og við erum það heppin að vera í þannig geira að það skiptir engu máli hvar við vinnum, eins lengi og nettengingar eru í lagi. Það er bara málið. Það er því vel gerlegt að reka fyrirtæki af þessu tagi hvar sem er á landinu. Við höfum verið mjög heppin að ná þessari góðu tengingu við viðskiptavin okkar úti og höfum því ekki þurft að hafa miklar áhyggjur af því að ná í verkefni. Þá er kannski rétt að minnst á að eins og staðan er í dag eru allar tekjur AXnorth í erlendum gjaldeyri, í dollurum. Það má því segja að þessi rekstur sé gjaldeyris-skapandi, og það er ekki lítils virði í dag.“

/fr



Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, handsala samninginn að lokinni undirritun.

Landgræðsluskógar: Samningur undirritaður

Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, skrifuðu á þriðjudag undir samning vegna Landgræðsluskóga. Samningurinn felur í sér áframhaldandi stuðning ríkisins við verkefni sem hefur það að markmiði að endurheimta landgæði með ræktun og gróðursetningu í rýrt og ógróið land.

Skógræktarfélag Íslands sér um stjórn verkefnisins en skógræktarfélögin sem eru starfrækt víða um land sjá um framkvæmd þess á hverjum stað, útvegum lands, friðun og vörslu, gróðursetningu og umhirðu. Gerðir eru þinglýstir samningar um öll svæði sem kveða m.a. á um að þau skuli vera opin almenningi til útivistar. Nánast öll skógræktarfélög landsins vinna nú á einn eða annan hátt að verkefninu. Þannig er það vettvangur áhugamannasamtaka í gróðurvernd um allt land.

Landgræðsluskógaverkefnið hófst árið 1990 og var hleypt af stokkunum í tilefni 60 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands, í samvinnu skógræktarfélaganna í landinu, Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og þáverandi landbúnaðar-ráðuneytis.

Gerðir hafa verið samningar um 130 svæði um allt land. Samkvæmt nýlegri úttekt á verkefninu þekja sýnilegir skógar nú tæpa 5.000 hektara. Langflest Landgræðsluskógasvæði eru á landi í eigu sveitarfélaga, ríkis eða skógræktarfélaganna sjálfra.

Nýr samningur milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Skógræktarfélags Íslands gildir til fimm ára og felur í sér 35 milljóna króna árlegt framlag til verkefnisins.

Ljósveita sett upp á Hvammstanga

Á vegum fyrirtækisins Mílu er hafin vinna við að setja upp búnað fyrir Ljósveitu í símsstöðinni á Hvammstanga.

Til að flyta fyrir lagningu á landsbyggðinni er í fyrsta áfanga settur upp búnaður fyrir Ljósveitu í símsstöðvar og geta íbúar sem búa í innan við 1.000 metra línulengd frá símsstöðinni tengst fljótt og vel. Hafa íbúar möguleika á að nálgast háhraðahjónustu um Ljósveitu Mílu hjá fjarskiptafyrirtæki sínu.

Með því að tengjast Ljósveitu Mílu fá íbúar möguleika á allt að 50Mb/s til heimila og 25Mb/s frá heimilum.

Aukinn gagnaflutningshraði Ljósveitu Mílu býður upp á móttöku á allt að fimm háskerpu-sjónvarpsstöðvum. Hraði og öryggi tengingarinnar skapar kjöraðstaður til fjarvinnu, afþreyingar og samskipta.

Bændablaðið
Kemur næst út

12.
desember



ÁRAMÓTATILBOÐ



VÉLFANG



Sjáðu kosti tilboðsins og tryggðu þér hagstætt verð og afhendingu í tæka tíð:

- ✓ **15% afsláttur af verðlistaverði ef pantað er fyrir 5. janúar 2014**
- ✓ **Vélin er af árgærð 2014**
- ✓ **Kaupandi staðfestir pöntun sína með undirskrift og bindur því ekki lausafé frá rekstri marga mánuði fram í tímann**
- ✓ **Kaupandi gengur frá greiðslu við afhendingu og getur því skipulagt vélakaup fram í tímann**
- ✓ **Verksmiðjuábyrgð gildir til 2015**
- ✓ **Kaupandi fær þá vél sem honum hentar en ekki vél sem orðið hefur útundan í sölu sumarið 2013**



Ég keypti KUHN GA 7501 hjá Vélfangi síðastliðið vor. Vélin er „tær“ snilld, það er sama hvort túnið sé óslétt, jafnvel illfært eða vel slétt, alltaf skilar vélin fullkomnum rakstri. Og þetta tveggja stjörnu „flykki“ er lipur eins og dansmær. Svo er það sér kapítuli hversu auðveldara er að innmata rúllubindivélar úr múgum eftir svona vélar.

Skúli Sigurbjartsson
Sólbakka, 531 Hvammstanga

Ég keypti tvær Kuhn vélar af Vélfangi í fyrra, sláttuvél af gerðinni GMD 350 og fjölfætlu af gerðinni GF 642. Í stuttu máli eru báðar þessar vélar að fara langt fram úr mínum vonum, þær skila sínu verki 100%. Ég mæli hiklaust með KUHN!

Sverrir Guðmundsson
Hvammi Norðurárdal,
311 Borgarnes



VÉLFANG

VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 2 • 603 Akureyri

Fundaröð Bændasamtaka Íslands um landið lokið:

Vinnuvernd, nýliðun og fjármögnun í landbúnaði til umræðu

Fulltrúar Bændasamtaka Íslands hafa verið á ferð og flugi um landið undanfarna daga, en samtökin hafa efnt til funda um land allt undanfarna daga og vikur. Vel hefur verið mætt og bændur í öllum landsfjórðungum hafa gripið tækifærið til skrafs og ráðagerða með forystumönnum Bændasamtakanna. Ýmis mál hafa verið rædd á fundunum, m.a. vinnuverndarmál, nýliðun í landbúnaði, fjármögnun í landbúnaði og um streitu og starfsgleði í landbúnaði svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur verið fjallað um það sem efst er á baugi hjá samtökunum.

Þrír frummælendur voru á fundi BÍ sem haldinn var á Akureyri í liðinni viku. Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, fór yfir þau málefni sem hæst ber um þessar mundir í starfsemi þeirra, Guðmundur Hallgrímsson á Hvanneyri fór yfir vinnuverndar- og öryggsmál og þá fjallaði Helgi Haukur Hauksson bóndi um nýliðun í landbúnaði.

Búnaðarmálagjaldið ekki framtíðartekjustofn

Meðal þess sem Sindri kom inn á í máli sínu voru þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi samtakanna undanfarið, sem og þær breytingar sem fram undan væru. Meðal þess sem horfa þyrfti til væri fjármögnun samtakanna; ljóst væri að búnaðarmálagjaldið væri ekki framtíðartekjustofn. Þá lægi fyrir að endurskipleggja þyrfti allt félagskerfi bænda. Formaðurinn fór einnig í ræðu sinni yfir búvöruframleiðslu liðinna mánaða, m.a. að framleiðsla og neysla á mjólkurvörum hefði aukist undanfarna mánuði. Þá nefndi hann að nýliðinn októbermánuður hefði verið sérlega góður í kjötinu, einn sá besti í manna minnum.

Nýsjálenskur ráðgjafi stýrir vinnu við áhættumat

Sindri nefndi einnig álit sem ESA sendi frá sér á dögnum þess efnis að bann í íslenskum matvæla- lögum og lögum um varnir gegn dýrasjúkdómum, við innflutningi á hráu ófrosnu kjöti, væri í andstöðu við gildandi Evrópulöggjöf. Álit ESA kom í kjölfarið á kvörtun sem SVP sendi til stofnunarinnar eftir að frumvarp hafði verið samþykkt sem lög frá Alþingi.



Nafnar bera saman bækur sínar, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, og Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar.



Hákon Bjarki á Svertingsstöðum, Ingveldur Ása Konráðsdóttir frá Böðvarshólum í V-Hún., Arnór Erlingsson á Þverá, Margrét Melsteð Fagrabæ og fjærst Anna Bára Bergvinsdóttir og Sveinn Sigtryggsson Áshóli. Aftan við þau eru Þórður í Hvammi, Viðar á Brakanda og Gunnhildur á Steindyrum.

Sindri sagði að málið yrði að öllum líkindum sent til EFTA-dómstólsins, en BÍ hefur ráðið nýsjálenskan ráðgjafa sem m.a. mun stýra vinnu



Haraldur og Vaka á Dagverðareyri spjalla við Gunnhildi á Steindyrum, sem ætlar án efa að segja þeim eitthvað viskulegt.

við áhættumat. Hann kom einnig inn á málefni landbúnaðarháskólanna og sagði ljóst að mikill áhugi væri fyrir því hjá menntamálaráðherra að sameina Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri Háskóla Íslands og væri það til skoðunar. Nefndi hann að Bændasamtökin óttuðust að skólastarfið myndi þynnast út yfir stjórna þess færð í Vatnsmýrina og þá væri óvissa einnig ríkjandi varðandi Háskólann á Hólum. Eins hefðu menn áhyggjur af starfsnáminu sem í boði væri, en það væri í raun á framhaldsskólastigi.

Að bændur verði færir um að annast sjálfir innra eftirlit á búum sínum

Guðmundur Hallgrímsson, starfsmaður Búnaðarsamtaka Vesturlands á Hvanneyri, fór yfir öryggismál, starfsumhverfi bænda og heilsuvernd. Hann vinnur að verkefni sem miðar að því að byggja upp eftirlitskerfi fyrir bændur til afnota heima á býlum sínum með það að markmiði að tryggja öryggi þeirra og annarra sem þar starfa. Einnig að bæta umhverfi og liðan bæði heimilisfólks og búfjár, sem og að

draga úr tíðni slysa við búrekstur. Loks nefndi hann að markmiðið væri einnig að gera búið aðlaðandi og eftirsóknarvert. Bændur ættu með slíku kerfi að vera færir um að annast sjálfir innra eftirlit á búum sínum.

Mikilvægt að fara yfir öryggismálin

Að setja upp eftirlitskerfi heima á býlunum felur meðal annars í sér að fara þarf yfir öryggi og aðbúnað, meðal annars allra tækja sem notuð er í rekstrinum. Fara þarf yfir rafmagnsmálin og huga að ljósabúnaði og eldvörnum í útihúsum og hafa greiða útgönguleið fyrir gripi úr húsunum ef upp kemur eldur. Þá þarf að huga að því að veður er völdur hér á landi og gott að hafa tiltæka áætlun um viðbrögð þegar þau koma upp. Eiturefni og ýmis sterk efni önnur eru gjarnan geymd heima á býlum og búa þarf um þau með viðeigandi hætti. Innfalið í eftirlitskerfinu væri að skoða einnig heildarásýnd býlisins, s.s. býlið sjálft, girðingar og lausa muni umhverfis það eins og bílhræ, ónýtar heyrúllur eða annað slíkt.

/MPÞ



Jóhannes á Espihóli og Sigurgeir á Sigtúnum skrafa saman á fundi BÍ á Hótel KEA á Akureyri á dögnum.

TÍMAMÓTATILBOÐ Á McHale Fusion 3

TIL AÐ MÆTA MIKILLI EFTIRSPURN EFTIR MCHALE RÚLLUSAMSTÆÐUM HAFNA JÖTUNN VÉLAR GERT SAMNING UM KAUP Á FUSION 3 RÚLLUSAMSTÆÐUM AF ÁRGERÐ 2014 OG BJÓÐA ÞEIM VIÐSKIPTAVINUM SEM ERU TILBÚNIR AÐ STAÐFESTA KAUP STRAX MJÖG HAGSTÆTT TILBOÐ



VERÐTILBOÐ:

Verðlistaverð 2014 árgerðarinnar er kr: 11,390,000,- + vsk. m.v. EUR 158.
Kr: 14,294,450,- með vsk.

Til næstkomandi áramóta bjóðum við viðskiptavinum sem staðfesta kaup á nýrri Mchale Fusion 3 eftirfarandi afslætti frá verðlistaverði:

- Fyrir lok nóvember **6% afsláttur kr: 683,400+vsk**
- Fyrir lok desember **5% afsláttur kr: 569,500+vsk**

Greiðsla og afhending vélanna er næsta vor eða samkvæmt nánara samkomulagi.

Yfirburðir Mchale Fusion rúllusamstæðnanna eru í dag vel þekktir en áreiðanleiki, ending og vinnsluhraði vélanna er einstakur. Það kemur því ekki á óvart að langflestir landbúnaðarverktakar velji Mchale Fusion.



Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400

Austurvegur 69 - 800 Selfoss

Lónsbakki - 601 Akureyri

www.jotunn.is

Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610

Sími 480 0400

jotunn@jotunn.is



Varahlutir í "off-highway"
öxla og skiptingar.



KESSLER
CLARK



SPICER
DriveShafts



CARRARO

S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Ferðapjónusta- fyrirtæki til sölu

Til sölu eru allir hlutir í Vaðli ehf, sem á og rekur veitinga- og gististaðinn „Á hreindýraslóðum“ á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal.

Fyrirtækið er staðsett við hringveginn í nágrenni helstu hreindýraveiðislóða og steinsnar frá Jökulsá á Dal, sem gæti orðið vinsæl laxveiðiá í framtíðinni.

Eigninni fylgir 6 hektara lóð með tjaldstæði og sundlaug.

Eigendur hafa undirbúið stækkun gistingar til að taka við auknum viðskiptum.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurjón Bjarnason hjá Skrifstofupjónustu Austurlands í síma 471 1171.

Einnig eru upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins

<http://www.ahreindyraslodum.is/25/>

GRISJUNARÚTBOÐ

Héraðs- og Austurlandsskógar, fyrir hönd landeigenda, óska eftir tilboði í grisjun á lerkiskógi á Strönd, Völlum. Um er að ræða einsleitán samfelldan lerkiskóg, að mestu, samtals **3,1 ha**. Þéttleiki eru tæp 3000 tré/ha og meðalhæð 6,2 m. Gera skal aðskilin tilboð í tvo verkliði, annarsvegar fellingu og hinsvegar meðhöndlun felldra trjáa.

Verki skal lokið 1.maí 2014.

Tilboðum skal skila inn fyrir 5.des 2013, kl. 12:00 á skrifstofu Héraðs- og Austurlandsskóga, Miðvangi 2-4, 700 Egilsstöðum eða með því að senda tölvupóst á skogar@heradsskogar.is. Nánari upplýsingar á www.heradsskogar.is



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

GRISJUNARÚTBOÐ

Héraðs- og Austurlandsskógar, fyrir hönd landeigenda, óska eftir tilboði í grisjun á lerkiskógi á Melum, Fljótsdal. Um er að ræða blandaðan lerkiskóg í þremur misstórum reitum, samtals **10,0 ha**. Þéttleiki er 3800 tré/ha og meðalhæð 6,4 m. Gera skal aðskilin tilboð í tvo verkliði, annarsvegar fellingu og hinsvegar meðhöndlun felldra trjáa.

Verki skal lokið 1.maí 2014.

Tilboðum skal skila inn fyrir 5.des. 2013, kl. 12:00 á skrifstofu Héraðs- og Austurlandsskóga, Miðvangi 2-4, 700 Egilsstöðum eða með því að senda tölvupóst á skogar@heradsskogar.is. Nánari upplýsingar á www.heradsskogar.is



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar.

Áhugasamir sendi upplýsingar á vr@vr.is, fyrir **20. desember 2013**.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja: Lýsing á eign og því sem henni fylgir, ástand hennar, staðsetning, stærð, aldur og fjöldi svefnpláss. Auk þess skal fylgja lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta umhverfi. Æskilegt er að myndir og lýsing á umhverfi fylgi einnig með.

Öllum tilboðum verður svarað.

Virðing
Réttlæti

VR

Umræðan um ólöglegar girðingar í Hornafirði og kvalafullan dauðdaga hreindýra:

Ómakleg og einkennist af fáfræði og rakalausum staðhæfingum

Enn og aftur er hafin umræða um ólöglegar girðingar í Hornafirði og að hreindýr séu að drepast kvalafullum dauðdaga í þeim. Að hluta til á þessi umræða við rök að styðjast, þ.e. að því leyti að hreindýr hafa verið að festa sig í girðingum, en ekki endilega ólöglegum og í flestum tilfellum löglegum girðingum.

Umræðan í fjölmiðlum hefur verið mjög einhliða og oft á tíðum mjög ómakleg og einkennst af fáfræði og rakalausum staðhæfingum. Hefur hún snúist að mestu um einn bónda í sveitinni, Berg Bjarnason í Viðborðsseli, og er það ósanngjörn og ærumeiðandi umræða um hann.

Lögfræðingur bloggar

Fyrirferðarmestur í umræðunni er Árni Stefán Arnason, titlaður „lögfræðingur og sérfræðingur í dýrarétti“.

Á bloggsíðu sem Árni Stefán heldur úti á DV fer hann yfir stöðu mála varðandi ólöglegar girðingar í Flatey í Hornafirði og tíðan dauða hreindýra í umræddum girðingum. Árni hefur þá einkennilegu áráttu að eigna Bergi Bjarnasyni þær girðingar sem hreindýrin flækjast í í Hornafirði. Þá hefur Árni farið ófögurum orðum um Berg og mörgum mjög svo ærumeiðandi.

Árni telur að girðingarmál í Hornafirði séu í miklum ólestri og sakar bændur og sveitarstjórn um slóðahátt í þeim efnum. Þess má einnig geta að Árni heldur úti fésbókarsíðu í sínu nafni og einnig heimasíðunni dyraverndarinn.is, þar geta áhugasamir kíkt inn og virt fyrir sér þá sýn sem Árni hefur á dýravernd.

Aðgerðasinnar í ham

Hinn 26. október síðastliðinn hélt Árni Stefán af stað austur í Hornafjörð ásamt hópi dýraverndunarsinna og var ætlunin að rífa niður ólöglegar girðingar, nánar tiltekið meðfram félagsræktinni í Flatey. Undirritaður fór á staðinn ásamt bændum og landeigendum að þeirra beiðni. Aðgerðasinnar voru þá þegar byrjaðir ásamt tveim heimamönnum, þar á meðal starfandi hreindýraeftirlitsmanni, að rífa upp rafgirðingu við félagsræktina sem var að mestu niðri eftir atgang hreindýra. Þess ber að geta að girðingin var í lagi snemma síðastliðið vor og var meiningin að halda áfram að girða félagsræktina.

Ákveðið var að kalla strax til lögreglu frekar en að fara í eitthvert orðaskak við aðgerðasinna. Lögreglan kom skömmu síðar og ræddi við landeigendur og síðar við aðgerðasinna. Niðurstaðan var sú að aðgerðasinnar færu af landareigninni og bændur tækju upp þær girðingar sem eftir stóðu enda búið að klippa girðinguna og slíta niður víra þannig að hún var nú algerlega ónothæf.

Lítillega var rætt við fólkið og spurt hvað því gengi til með þessu athæfi. Sagðist það ætla að rífa niður allar ólöglegar girðingar í Flatey svo að hreindýrin væru ekki að flækja sig í þeim. Var fólkinu bent á að engu skipti hvort girðingarnar væru löglegar (sem þær að visu voru áður en hreindýrin komu í túnin) eða ekki, dýrin myndu samt sem áður flækja sig í þeim. Það var tömt mál að tala um og lét hópurinn öll rök sem vind um eyru þjóta. Undirritaður vill samt taka fram að hluti hópsins var mjög vinalegur í viðmóti og var þarna í góðum tilgangi nema á röngum forsendum.

Sumir héldu að þeir stæðu á landi í eigu ríkisins sem var ekki og hefði heimamaður sem þarna var með þeim getað bent á það enda mjög kunnugur á þessum slóðum.

Eftir þetta fóru aðgerðasinnar en sóttu að visu eitt dautt hreindýr austast í landi Flateyjar sem talið var



Spurningar hafa vaknað hjá bændum um hvort það geti verið að það landsvæði sem ætlað er hreindýrum sé of rýrt þar sem dýrin virðast þurfa á nýræktun og grænfoðri að halda.



Bændur leggja mikinn kostnað í viðhald á hverju ári í girðingar í Flatey þar sem hreindýrin ryðja niður hundruð metra á hverju hausti og halda nú yfirleitt um 200 hreindýr til í Flatey í 6 mánuði á ári í nýræktunum.

að hefði drepist í vír og fóru með það í þar til gerðan gám. Settar voru inn myndir af athöfninni ásamt fleiri myndum á bloggsíðu Árna Stefáns Árnasonar og var uppsetningin mjög svo dramatísk svo ekki sé meira sagt. Til að mynda var ein myndin af haus sem festur hafði verið í girðinguna, en þessi haus lá skammt frá girðingunni nokkrum dögum áður og er ekki vitað um tilvist hans, né hvar restin af dýrinu var.

Eins og áður sagði var algerlega vonlaust að ræða við hópinn og virtist eina takmark leiðtogans vera það að geta matað fjölmiðla og aðra á því hversu miklir dýraverndarsinnar hópurinn væri og hversu aumir bændur væru og þá sérstaklega Bergur Bjarnason og Bjarni sonur hans. Bændur hafa einnig velt því fyrir sér hvar þessi hópur hafi verið veturinn 2010 og 2011 þegar hreindýrin drápust tugum saman úr hungri og vösbúð jafnvel þó að bændur reyndu að gefa þeim.

Girðingarnar í Flatey

Í nóvember 2011 sendi undirritaður frá sér grein varðandi girðingar í Flatey og skal enn og aftur áréttað um staðreyndir í þeim efnum. Árið 2007 urðu eigendaskipti í Flatey, Lífsval keypti jörðina og var strax hafist handa við að girða og fjarlægja ónýtar og ónothæfar girðingar.

Árið 2008 var búið að girða um 9 kílómetra af nýjum girðingum umhverfis jörðina og var hún tekin út af undirrituðum að beiðni landbúnaðarráðuneytisins. Innan girðingar Flateyjar er 100 hektara spilda, svokölluð félagsrækt, og hafa nokkrir bændur hafa nýtingarrétt þar, þar á meðal Bergur Bjarnason. Félagsræktin var girt með sex strengja rafgirðingu til að halda frá búfænaði sem kynni að fara þar inn.



Búfænaður er ekki að festast í girðingum heldur eingöngu hreindýr. Ástæðan fyrir því er sú að hreindýrin eru að klóra sér á hausnum í girðingum, tarfar að slást á fengitið og svo framvegis.

Hreindýrin rífu niður girðingar

Svo var það árið 2009 að mikið tjón varð á girðingunni eftir hreindýr og rífa þurfti megnið af henni þar sem hún var mjög léleg. Eftir standa þó staurarnir þar sem ráðgert er að girða aftur. Eftir stóðu um 900 metrar af girðingunni og var hún tekin út af undirrituðum 20. febrúar 2012 og var þá í góðu lagi. Nú í haust keypti hlutafélagið Selbakki, sem er í eigu heimamanna, Flatey og ætlar að halda áfram uppbyggingu þar.

Bændur leggja mikinn kostnað í viðhald á hverju ári í girðingar í Flatey þar sem hreindýrin ryðja niður hundruð metra á hverju hausti og

halda nú yfirleitt um 200 hreindýr til í Flatey í 6 mánuði á ári í nýræktunum. Þá voru um 40 staðbundin dýr í Flatey í allt sumar og eyðilögðu 14 hektara kornakur sem ekki þótti svara kostnaði að þreskja í haust.

Þá skal einnig á það bent að viðhald girðinga í Flatey er til fyrirmyndar og er hæð girðinga þar umfram það sem reglugerð kveður á um. Undirritaður hefur tekið út girðingar þar undanfarin ár að beiðni bænda og sveitarstjórnar af gefnu tilefni.

Eingöngu hreindýr sem festast í girðingum

Finna mætti að girðingum víða

í sveitum en málið er bara það að búfænaður er ekki að festast í girðingum heldur eingöngu hreindýr. Ástæðan fyrir því er sú að hreindýrin eru að klóra sér á hausnum í girðingum, tarfar að slást á fengitið o.fl. Þá skiptir engu hvort girðingin er ný eða gömul, há eða lág. Þá er rétt að geta þess að þegar aðgerðasinnar voru að rífa niður girðingar í Flatey festist tarfur í girðingu austar á Mýrum og var sú girðing ný síðan fyrr um sumarið. Það var bóndi í sveitinni sem sá þetta og kallaði til björgunarsveit til að losa tarfinn.

Er landið sem ætlað er hreindýrum orðið of rýrt?

Spurningar hafa vaknað hjá bændum um það hvort landsvæði sem ætlað er hreindýrum sé of rýrt þar sem dýrin virðast þurfa á nýræktun og grænfoðri að halda. Hugsanlega ætti Umhverfisstofnun að hafa samráð við bændur þegar fjöldi dýra á ákveðnum svæðum, þá sérstaklega eignarlöndum, er ákveðinn. Enginn bóndi hefur gaman af því að hreindýr séu að flækja sig í girðingum eða drepast úr hor og vösbúð.

Ærumeiðandi fréttaflutningur

Vonandi varpar þessi grein skýrara ljósi inn í þá umræðu sem verið hefur um hreindýramál í sveitarfélaginu og að fjölmiðlar hætti að leppa upp örökstuddan og ærumeiðandi fréttaflutning frá Árna Stefáni Árnasyni um að íbúar í Hornafirði séu dýraníðingar upp til hópa. Eins það að bændur og sveitarstjórn vanræki skyldur sínar varðandi girðingar.

Árni Stefán Arnason ætti að vita það sem lögfræðingur að það eru tvær hliðar á öllum málum. Til áréttingar getur undirritaður vottað að hver einasti bóndi sem þekkir til Bergs Bjarnasonar getur staðfest að hann rekur fyrirmyndarú og dekrar við hvern grip, það sýna afurðir á búi hans.

Þarf raunhæfar tillögur

Ljóst er að þetta vandamál er ekki úr sögunni þó svo að búið sé að rífa niður girðingar Bergs, það verður bara sú næsta. Þá mun ágangur hreindýra á svæðinu takmarka áframhaldandi uppbyggingu og ræktunarmöguleika á jörðinni.

Nauðsynlegt er að Náttúrustofa Austurlands, sem fer með málefni hreindýra, og ráðuneytið komi að þessum málum með bændum og sveitarstjórn og komi með raunhæfar tillögur varðandi lausn á vandamálinu.

Grétar Már Þorkelsson
Búnaðarsambandi
Austur - Skaftfellinga

Heitir pottar frá Lay-Z-Spa

– frábær jólagjöf



Tilvaldir við sumarbústaðinn eða í garðinn heima. Pottarnir koma með loki og öllu sem til þarf.

Borgartún 36
105 Reykjavík
(bakvið Cabin Hótel)
588 9747
www.vdo.is



Bændablaðið smáauglýsingar **56-30-300**

Dreift í 31 þúsund eintökum á 387 dreifingarstaði

Dekkjainnflutningur

15% afsláttur af öllum dekkjum til 15. desember

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.



Jason ehf.
Hafnarstræti 88
Akureyri

Vinsamlegast hafið samband við

Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

Bardaginn á Örlygsstöðum

Anna Dóra Antonsdóttir sendir hér frá sér sína sjöundu bók sem er **Bardaginn á Örlygsstöðum**. Hér segir frá skagfirskum börnum sem eru viðstödd þegar Sturlungar, Ásbirningar og Haukdælir reyna að gera út um sín mál í mann-skæðri orrustu sem háð var á Örlygsstöðum í Skagafirði árið 1238. Dóddi í Sólheimum og vinir hans, upplifa átök sem í senn eru spenn-

andi og dapurleg. Börnin voru á sínum stað á Sturlungaöld sem á öðrum tímum þótt ekki sé mikið um þau fjallað í samtímaheimildinni Sturlungu.

Höfundur er Dalvíkingur en var um árabíl ábúandi á Frostastöðum í Skagafirði og þekkir vel til á söguslóðum. Silla Skaftad McClure myndskreytir bókina. Hún var lengi í sveit í Skagafirði og vel kunnug staðhátum. Adan bókaútgáfa gefur bókina út.



Myndir af 365 kúm, ein mynd á dag í eitt ár.

Fæst í Eymundsson eða hjá Jóni Eiríkssyni á Búrfelli í gegnum netfangið isbur@simnet.is – Verð; 5000,- kr.

JÓLAGJÖF TIL BÆNDA

55.000 kr. afsláttur í forsölu



Talía með hlaupaketti - 1 tonn

Vörunúmer SR6199100

Verð 254.424 kr.

Lyftigeta 1 tonn

Mesta lyftihæð 6 m.

Mesti lyftihraði 5 m./mín.

Mesti færsluhraði 20 m./mín.

Lengd rafmagnskapals 4,5 m.

Stærð (LxBxH) 645x610x430 mm.

Þvermál brauta 100-150 mm.

Mótor 1100 Wött/400 volt/50 Hz

Þyngd 118 kg.

Aðeins 199.995 kr. m. vsk. í forsölu til 13. desember 2013

Greitt við afhendingu - Vara afhent 24. janúar 2014



FOSSBERG

IDNADARVÖRUR OG VERKFÆRI

SAMLOKUEININGAR!

Í öllum stærðum og gerðum

Mjög gott verð

Hringdu og fáðu verðtilboð



480-5600

Bestu asparklónarnir

Á næsta ári verða liðin 70 ár síðan alaskaösp barst fyrst til landsins. Lengst af var hún nær eingöngu notuð í garðrækt en ekki skógrækt og spiluðu þar inn í bæði fordómar sumra skógræktarmanna um viðargæði hennar og vantrú á að hún geti yfir höfuð vaxið í „útjörð“. Síðan þá hefur reynslan kennt okkur að alaskaösp vaxi ágætlega í frjósamari gerðum skógræktarlands, á áreyrum og í sendnu landi en síður í rýru mólendi. Þá er víðurinn til margra hluta nýtsamlegur þótt ekki sé hann endingargóður í snertingu við mold. Auðvelt er að fjölga alaskaösp með græðlingum og því einnig auðvelt að fjölga áhugaverðum klónum í miklu magni.

Laust fyrir 1990 hóf Úlfur Óskarsson að skilgreina þá asparklóna sem í ræktun voru og gefa þeim nöfn. Í framhaldinu voru á vegum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá gróðursettar klónatilraunir víða um land til að bera saman lifun og vöxt allmargra klóna við misjafnar aðstæður. Á seinni árum hafa stýrðar víxlanir milli áhugaverðra klóna verið notaðar til að kynbæta öspina, ekki sist til að auka þol gagnvart asparryði. Úr þeim víxlunum hafa komið þúsundir nýrra klóna og munu sumir þeirra verða áberandi í ræktun á komandi áratugum. Að svo stöddu er þó hægt er að mæla með nokkrum af þeim klónum sem verið hafa í ræktun í áratugi. Meðmælin eru byggð á mælingum Halldórs Sverrissonar, Helgu Aspar Jónsdóttur og Aðalsteins Sigurgeirssonar á lifun og vexti í tæplega 20 ára gömlum tilraunum um allt land.

Tveir klónar skera sig úr með góða lifun og góðan vöxt á hvað flestum stöðum en það eru Hallormur og Pinni. Með þeim tveimur klónum er hægt að mæla víðast hvar. Aðrir klónar standa sig vel við viss skilyrði



Klóninn Hallormur er beinvaxinn, framleiðslumikill og fingreinóttur.

og má þar skipta landinu í innsveitir og útsveitir frekar en norður-suður eða austur-vestur. Í lágsveitum Suðurlands og á strandsvæðum um land allt vaxa klónarnir Iðunn, Súla, Salka, Brekkan og Óðinn vel en í innsveitum eru þessir klónar viðkvæmir fyrir haustkali í æsku.

Af þessum klónum hefur Súla sýnt betra þol gagnvart asparryði en flestir aðrir. Þess má geta að „útsveitaklónarnir“ þola asparryð

almennt betur en klónar frá Kenaiskaga (t.d. Hallormur). Asparryð er hins vegar aðeins útbreitt á Suðurlandi og hefur ekki reynst sá skaðvaldur sem óttast var í fyrstu.

Ofangreindu klónarnir sjö voru meðal þeirra bestu í bæði lifun og vexti á a.m.k. þremur af þeim ellifu tilraunastöðum sem gróðursettir voru á árunum 1992-1995 og eru allir í framleiðslu í gróðrarstöðvum landsins. Tveir klónar í viðbót



Skógur af klóninum Iðunni á Suðurlandi.

stóðu sig álika vel í tilraununum en eru ekki í framleiðslu og því ekki almennt fánlegir. Aðrir eru í framleiðslu en voru sjaldnar meðal þeirra bestu í lifun og vexti; t.d. Depill, Laufey, Haukur, Jóra, Forkur og Randi. Skógræktendur eiga ekki að hafna þeim klónum á meðan þeir eru í boði en gróðrarstöðvar ættu að draga úr notkun þeirra og framleiða frekar hina fyrrnefndu. Hinn þekkti klónn Keisari er harðger og sýnir góða lifun víðast hvar en hæðarvöxtur hans er hægari en margra annarra klóna. Hann ætti helst að nota við erfið skilyrði þar sem aðrir klónar ná ekki miklum vexti.

Auk lifunar og vaxtar er hægt að velja asparklóna til mismunandi nota út frá vaxtarlagi. T.d. er klóninn Brekkan grófgreinóttur og krónumikill og hentar því helst til skjólbeltaræktar. Svipað má segja um Keisara. Hallormur, Iðunn og Súla eru keilu- eða súlulaga, hraðvaxta og framleiðslumiklir klónar og henta vel til timburframleiðslu á

frjósömu landi. Pinni er beinvaxinn, fingreinóttur með fremur breiða krónu og stendur sig vel bæði í inn- og útsveitum. Hann hentar því vel hvort sem markmiðið er timburframleiðsla, skjól eða yndi.

Staða þekkingar er sú núna að á grundvelli samanburðartilrauna er hægt að mæla sérstaklega með þeim sjö asparklónum sem fyrst voru nefndir, þ.e. Hallormi, og Pinna um allt land og Iðunni, Súlu, Sölkku, Brekkan og Óðni í lágsveitum, auk Keisara við erfið skilyrði. Á næstu árum fara síðan nýir klónar að skila sér úr kynbóta-starfinu, en nokkur ár mun taka að velja og magna upp fjölgunarefni. Gömlu klónarnir verða því uppi- staðan í asparrækt næstu 5-10 árin. Lesa má nánar um niðurstöðurnar í riti Mógilsár nr. 27/2013: http://www.skogur.is/media/rit-mogilsar/Rit_Mogilsar_27_2013.pdf

Þröstur Eysteinnsson
Skógrækt ríkisins

Eigum við að fá okkur jólatré í ár?

Jólaundirbúningnum tilheyra hugleiðingar og vangaveltur um jólatré. - Eigum við að vera með jólatré í ár? Hvernig á það að vera? Hvað má það kosta? Viljum við lifandi jólatré eða gervitré sem endist ár eftir ár?

Að taka jólatré inn í stofuna fyrir jólin er mjög gömul hefð með rætur aftur í aldir og í mismunandi trúarbrögðum. Í kristinni trú tákna jólatréð „Lífsins tré“. Sú siðvenja og hefð að taka tré inn í stofu og skreyta fyrir jólin kom til landsins í kringum 1870 með dönskum kaupmönnum sem fluttu inn rauðgreni frá Danmörku. Síðurinn breiddist smám saman út um allt land og í dag eru jólatré af ýmsu tagi hjá flestum Íslendingum.

Ríflega þriðjungur með lifandi jólatré

Í fyrra (2012) gerði Gallup könnun



Else Möller.

um notkun jólatrjáa á Íslandi. Í ljós kom að 86,9% Íslendinga halda upp á jólin með jólatré. Þar af voru 55,9% með gervijólatré en 32,2% með lifandi jólatré. Barnafjölskyldur fremur en barnlausar voru með jólatré og fleiri konur en karlar halda upp á jólin með jólatré. Fleiri jólatré seljast á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Framboð jólatrjáa er mikið og fjölbreytt. Spurningin er bara, hvað hentar hverjum og einum best. Hvað má það kosta? Hvað á það að vera stórt? Hvort skal það vera lifandi jólatré eða gervijólatré?

Um 80% seldra jólatrjáa flutt inn frá Danmörku

Lifandi jólatré er annað hvort eðalpinur (norðmannspinur) sem er fluttur inn frá Danmörku eða íslenskt jólatré sem getur verið greni (rauðgreni, blágreni eða sitkagreni), fura (stafafura) eða fjallapínur sem er líkur norðmannspin. Fjallapínurinn er sjaldgæfur á Íslandi og erfiður í ræktun. Í Danmörku er mjög mikil framleiðsla og útflutningur af norðmannspin. Um 10 milljónir trjáa eru framleidd og seld víða um heim á hverju ári. Til Íslands eru flutt inn um 30-40.000 tré af dönskum norðmannspin á ári (um 80% seldra jólatráa). Þau eru gjarnan seld við stórar verslanakeðjur, hjá félagasamtökum til fjáröflunar og einnig af fleiri aðilum.

Á Íslandi hefur ekki verið hefð



Spennur strákur á leiðinni heim með flotta stafafuru. Mynd / Björgvin Eggertsson

fyrir framleiðu jólatrjáa eins og í Danmörku en Skógræktarfélag víða um land ásamt Skógrækt ríkisins hafa í mörg ár framleitt og selt jólatré í litlum mæli (um 20% seldra jólatráa). Víða bjóða skógræktarfélag og skógræktin fólki út í skóg til að velja og jafnvel saga sitt eigið tré. Hjá mörgum barnafjölskyldum er það orðið ómissandi hluti af jólaundirbúningnum að fara út í skóg, njóta útivistar og leita að jólatrénu sem hentar heimilinu akkúrat.

Framboð íslenskra jólatrjáa mun aukast

Sífelld gróðursetning meðal annars af barrtrjám undanfarin 20 ár hefur leitt til þess að framboð íslenska jólatrjáa hefur aukist og mun með tímanum geta fullnægt hluta eftirspurnarinnar eftir lifandi jólatrjám og greinum. Skógarbændur víða um land eru líka farnir að gróðursetja barrtré sem eru ætluð til jólanna og eru nú þegar að bætast inn á markaðinn hægt og bitandi. Vonir standa til að framboð íslenska jólatráa muni aukast og gæði og verð verði sambærileg við erlend jólatré. Síðast en ekki sist að Íslendingar komi auga á og skilji þann ávinning og sem liggur í að velja íslenskt tré.

Frekari umfjöllun um mismunandi tegunda af jólatrjám og meðhöndlun lifandi jólatré verður birt í næsta Bændablaði.

Else Möller, skógræðingur

Pingeysk bændagleði í Ljósvetningabúð

Búnaðarsamband Suður-Píngeyinga stóð fyrir Bændagleði sem haldin var laugardagskvöldið 23. nóvember í félagsheimilinu Ljósvetningabúð í Píngeyjarsveit.

Þetta var í annað sinn sem Búnaðarsamband Suður-Píngeyinga heldur Bændagleði en hún var haldin í fyrsta sinn í Kiðagili í Bárðardal í janúar síðastliðnum. Upphaflega var á dagskrá að halda bændagleðina haustið 2012 en vegna septemberóverðursins og afleiðinga þess var henni frestað fram í janúar. Þíngeyiskir bændur hafa því skemmt sér tvisvar sinnum saman á bændagleði á þessu ári.

Gestum á bændagleðinni nú var boðið upp á léttar veitingar í boði Norðlenska og Mjólkursamsölunnar en drykkirnir voru í boði Jötunn véla. Konur úr Kvenfélagi Ljósvetninga sáu um að útbúa veitingarnar og bera þær á hlaðborð.

Boðið var upp á mörg úrvals skemmtiatriði og þar á meðal var sönghópur, ásamt undirleikara, sem kallaði sig „Fjórir tenórar og draumadísinn“ og skemmtigestum á meðan á borðhaldinu stóð. Nokkrir í sönghópnum eru bændur en stunda líka söngnám við Tónlistarskólann á Akureyri og fengu þarna gott tækifæri til að láta ljós sitt skína. Þórhallur Bragason frá Landamótsseli stjórnaði fjóldsöng og fluttar voru frumsamdar vísur og gamansögur.

Píngeyski bóndinn 2013

Búnaðarsambandið veitti í fyrsta sinn viðurkenninguna Þíngeyski



Arnór Erlingsson og Elín Eydal bændur á Þverá í Fnjóskadal fengu viðurkenningu Búnaðarsambandsins Þíngeyski bóndinn 2013. Með þeim á myndinni er Hlöðver Pétur Hlöðversson, stjórnarmaður Búnaðarsambands Suður-Píngeyinga.

Mynd / HA

bóndinn 2013. Viðurkenninguna fá þeir bændur sem hafa einkunnarörðin hógvæð, snyrtimennsku og sátt við umhverfið að leiðarljósi við bú sitt og búskap. Viðurkenninguna fengu hjónin Arnór Erlingsson og Elín Eydal á Þverá í Fnjóskadal. Hlöðver Pétur Hlöðversson, stjórnarmaður Búnaðarsambandsins, afhenti þeim Arnóri og Elínu viðurkenningarskjal og olíumálverk sem sýnir Þíngeyskt umhverfi, eftir Sigurborgu Gunnlaugsdóttur bónda frá Engihlíð í Út-Kinn. Ljósavatnsskarð og nánasta umhverfi var viðfangsefnið á málverki Sigurborgar. Að sögn Jónu Bjargar Hlöðversdóttur er stefnt að því að veita þessa viðurkenningu árlega.

Gestir Bændagleðinnar tóku þátt í

spurningakeppninni Sveitasvarið sem Jóna Björg stjórnaði og var keppnin í Pub-Quiz anda. Spurningarnar voru tólf alls og misloðnar. Svörin voru óljós hjá mörgum og endaði keppnin í bráðabana í anda Útsvars. Þar keppti sameinað lið Aðaldælinga og Reykhverfinga við lið úr Mývatnssveit og var þeim fyrrnefndu dæmdur sigur að lokum eftir mikinn atgang.

Bændagleðin var vel sótt af hátt í 200 manns úr öllum sveitum Suður-Píngeyjarsýslu.

Í spjalli við Bændablaðið sagði Jóna Björg Hlöðversdóttir bóndi á Björgum í Út-Kinn að stefnt væri að því að gera bændagleðina að árlegum haustviðbúðir hér eftir.

/HA.

MASSEY FERGUSON 5600 LINAN

Einstök upplifun



Allt í einu gripi

- Ámoksturtaeki / 3ja sviða
- Girskiptir
- Vendigir aftur/áfram

Öflugdælingar vinna með öflugum og flabbenit-útsýni



“Farðu hvert sem er og gerðu hvað sem er” dráttarvél sem er sérhönnuð fyrir blandaðan búskap. Upplifðu nútímalegt öku mannshús og niðursveigða vélarhlíf sem skapar eitt besta útsýni sem völ er á í dag, vél sem kynnir sig sjálf. Frábært vökvakerfi og óaðfinnanlegt Massey Ferguson útlit.

Frábær ámoksturtaekjavél

Sérstaklega nett mælaborð og niðursveigð vélarhlíf sem tryggja frábært útsýni. Möguleiki á innbyggðum stýriþinna sem stjórna bæði girkassa og ámoksturtaekjum með einni hendi. Með því að stíga á hémila er hægt að kúpla í sundur, fullkomin stjórnun með öðrum fæti.

Dyna 4 girkassi

Vökvavendigir 4 girar + 4 milligirar (16+16), allir girar rafskiptir og kúpling því óþörf. ECO hamur gerir vélinni kleyft að ná hámarks hraða á lægri snúningshraða sem þýðir minni eldsneytiseyðsku og hjóðlætt vinnuumhverfi. AutoDrive (halbúnaður) leyfir notandanum að stjórna með fót eða handluugjöf eftir aðstæðum hverju sinni.

Mótor

85-105 hó. 3ja strokka AGCO POWER díselvél með common rail stærst ströngustu mengunar-kröfur nútímans. DOC díselökunarbúnaðurinn tryggir að engin stífluheitta er til staðar.

Vökvakerfi

- Allt að 100L vökvakerfi
- Beislisbláa með stjórnun úti á bretti
- 4,3 tonna lyftigeta á beisli

Aflúrtak

- Fjölhraða aflúrtak 540/540 eco/1000

MF 5610

- 105 hestóff
- Með ámoksturtaekjum og skóflu

Verð frá

kr. 9,690,000,- + vsk.

HLK 1600

MASSEY FERGUSON®

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400

JÖTUNN VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / www.jotunn.is

Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610 Sími 480 0400 jotunn@jotunn.is

A new generation of heat pumps
DESIGNED FOR EARTH

Uppsetningaraðilar óskast um land allt.
Frí NIBE námskeið með Diploma.
Ný kynslóð af varmadælum



Nýtt

Tilboð á facebook í desember

NIBE™ F1245 Jarðvarmadæla

Hér er á ferðinni ein besta varmadæla sem komið hefur. Þessi verðlaunaða varmadæla hitar t.d. ofnakerfi, gólfhita, neysluvatn o.fl. Allt að 70°C framrásarhiti, þú getur valið neysluvatnshitastig o.fl. NIBE F1245 getur notað vatn, jörð og sjó til orkuöflunar. Allur búnaður innandyrar. NIBE frá Svíþjóð, aðeins það besta. Stærstir í Evrópu í 60 ár. Flestir Íslendingar sem kaupa jarðvarmadælu velja NIBE F1245

NIBE F1245-10kW SCOP 5.15

NIBE™ F2040 | Loft í vatn NIBE F1255-4 til16kW SCOP 5.5

Ánægðustu varmadælu-eigendurnir eru með NIBE, engin furða!
Loft í vatn með öllu á sérstöku tilboði í desember.

Er rafmagnsreikningurinn of hár?
Er þá ekki kominn tími til að við tölum saman?

Nýtt NIBE™ F1255 4 til16kW í einni og sömu jarðvarmadælunni.

☎ 571 4774 **Friorka** www.friorka.is
friorka@friorka.is

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Hafa áhrif um land allt!

GIANT - liðléttingar

Giant liðléttinga er hægt að fá í ýmsum stærðum og útfærslum ásamt úrvali fylgihluta. Auk þess eru í boði ýmsar útfærslur af festingum sem henta tækjum frá öðrum framleiðendum.

Giant liðléttingarnir hafa mikla lyftigetu, eru aflmiklir og afar stöðugir.



Reynsluakið og sannfærast



TOBROCO machines

GIANT

- Ökuhraði allt að 28 km
- Mikil lyftigeta
- Aflmiklir
- Stöðugir
- Úrval aukahluta

Vélaval
560 Varmahlíð
453 8888 - velaval.is

LANDSTÓLPI
480 5600

Fundað um sauðfé og ull á Hjaltlandseyjum

Vorið 2011 var haldin á Orkneyjum ráðstefna um sauðfjárrækt við norðanvert Atlantshaf, einkum með tilliti til nýtingar ulla af gömlum heimakynjum sem eru öll af stofni norðurevrópska stuttrófufjárins. Þær Karin F. Svarstad frá Noregi og Helga Tulloch frá Orkneyjum áttu frumkvæðið og aftur var efnt til slíkrar ráðstefnu á Hörðalandi í Noregi vorið 2012 (sjá Bændablaðið 3. maí 2012). Með vaxandi áhuga á þessu samstarfi var efnt til þriðju ráðstefnunnar dagana 11.–15. október sl. á Hjaltlandseyjum og í undirbúningi er ráðstefna um þessi efni hér á landi, nánar tiltekið á Blönduósi, í september að ári. Sá sem þetta ritar hefur verið þátttakandi í þessu samstarfi frá upphafi og flutt þar erindi um íslenska sauðféð.

Fundað í Leirvík – norrænn menningararfur

Að þessu sinni voru þátttakendur um 40 að tölu frá ýmsum löndum, einkum frá Íslandi, Noregi og Skotlandi. Þeirra á meðal var hópur Íslendinga sem auk ferðar um Hjaltlandseyjar, og þátttöku í „Ullarvikunni“ (Shetland Wool Week), fór yfir á meginland Skotlands, til að kynna sér enn betur handverk og aðra nýtingu ulla.

Hjaltlandseyjar voru undir norrænum yfirráðum um langt skeið, allt til 1492, en þá féllu þær undir skosk yfirráð ásamt Orkneyjum vegna greiðslu heimanmundar frá Danakonungi til Skotakonungs. Þær eru því nyrsti hluti Skotlands og þar með Stóra-Bretlands. Eyjarnar sem eru 100 að tölu, þar af 15 byggðar, eru nokkurn veginn miðja vega á milli Noregs og Færeyja, aðeins um 360 km skilja á milli til hvors lands. Norræn, og þar með íslensk tengsl og áhrif, voru mikil til forna. Eyjarnar eru á sögusviði Orkneyingasögu sem íslenskir menn rituðu á sínum tíma og enn lifa mörg staðaheiti og önnur norræn orð þar um slóðir, sum hrein íslenska. Við bæinn Tingvall (Þingvöll), skammt norðan við Leirvík, er skilti sem á stendur „Með lögum skal land byggja“, þarna er Papey, reyndar tvær, Sandnes og Hvalsey, og þegar fjárbændur sleppa hrútum í ærnar við upphaf fengitíma nota þeir orðið „slip“, svo að dæmi séu tekin. Allt fram á 19. öld var norræna eða „Norn“ tungumál bæði Orkneyja og Hjaltlandseyja og áhrifin koma enn fram í mállýsku hinna skosku eyjarskeggja (hjaltlenska) þótt enska með skoskum hreim hafi náð yfirhöndinni. Á eyjunum talar þó fólk að jafnaði hægar og á lægri nótum en dæmigert skoskumælandi fólk. Kveðskapur lifir þar góðu lífi



Peter Glanville, einn skipuleggjenda ráðstefnunnar og forystumaður sauðfjárbænda í lífrænum búskap á Hjaltlandseyjum. Auk markaðssetningar á sláturafurðum eru þeir að hasla sér völl á markaði fyrir lífrænt vottaða ull og ullarvörur. Myndir / ÖRD



Hamarsland, lífrænt vottað smábýli (croft) við Laxafjörð (Laxfirth), skammt norðan við Leirvík. Á myndinni sést Hjaltlandseyjafé í ýmsum litum og tvær kvígur sem eru einnig af gömlum norrænum stofni. Gamall, vel uppgerður, hlaðinn steingarður í baksýn skilur á milli býllanna.

og er ástæða til að benda á bókina „Hjaltlandsljóð“ með ljóðapýðingum Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar rithöfundar sem kom út í fyrra en þar eru ljóð eftir 12 höfunda þýdd úr hjaltlensku og ensku (Bókaútgáfan Dimma, ISBN 978-9935-401-19-9).

Nú búa á Hjaltlandseyjum 23.000 manns, þar af um 7.000 í Leirvík. Þar og víðar eru mikil tengsl við olíuiðnaðinn í Norðursjó en bæði sjávarútvegur og landbúnaður eru þó veigamiklar atvinnugreinar á eyjunum. Ferðaþjónusta fer vaxandi.

Þekktir fyrir sauðfé og nýtingar ulla

Hjaltlandseyjar eru töluvert ólíkar Orkneyjum. Minna er um gott ræktunarland og hálendara er á Hjaltlandseyjum. Þó er

þar nokkur nautgriparækt og mjólkurframleiðsla en meira munar um sauðfjárræktina því að úthagabeit er ágæt á lyngheiðum, þar sem áður var mikil mótektja í mýrum, og sums staðar er notadrjúg fjörubeit líkt og á Orkneyjum. Það búfé sem vekur mesta athygli Íslendinga er Hjaltlandseyjaféð, náskýlt okkar fé, og hinn smáaxni Hjaltlandseyjahestur. Hann minnir vissulega á íslenska hestinn er þó mun smærri. Nú er hann vinsæll barnahestur en forðum var hann ómetanlegur sem klyfja- og dráttarhestur við erfið skilyrði. Einnig er til gamalt nautgripakyn af norrænum uppruna en öll eru þessi gömlu búfjárkyn harðger og vel aðlöguð aðstæðum á eyjunum. Alls eru um 300.000 kindur á Hjaltlandseyjum, að meðtöldum lömbum (júnítölur) en af þeim er 50.000 heimaræktað Hjaltlandseyjafé sem gengur úti allt árið, aðeins tekið heim að bæjum fyrir og um burð. Hrutarnir eru hyrndir en ærnar kollóttar, nær undantekningarlaust. Um miðjan október, þegar ráðstefnan fór fram var verið að taka alla hrúta úr fenu en þeim er sleppt aftur í byrjun desember þannig að flest ber í maí. Töluvert er um blensgrækt svo sem með Cheviot, Suffolk, Texel og Lley kynjum en það fé er meira heimavið enda ekki eins harðgert og gengur mest á ræktuðu landi við bæina, sem margir hverjir eru smábýli (crofts). Mikil litafjölbreytni er í Hjaltlandseyjafénu, hvítt, svart, mórautt, golsótt, botnótt og flekkótt. Ullin er að jafnaði finni og togminni en á íslenska fenu en okkar fé er vænna.

Gestrisni og góðar samgöngur

Helstu flugleiðir til Hjaltlandseyja eru um Aberdeen og Glasgow í Skotlandi og Stavanger í Noregi. Innan eyja eru góðar vegasamgöngur og á milli þeirra bæði flug og ferjur. Aðalflugvöllurinn, Sumburgh, er um 40 km frá Leirvík, skammt norðan við suðurodda Hjaltlands sem til forna bar hið mikilfenglega heiti Dynrastarhöfði. Íslendingar eiga vissulega erindi til Hjaltlandseyja. Þar er gestrisið fólk sem deilir með okkur hluta hins norræna menningararfs og þangað er gott að koma. Nánar verður sagt frá haustferð Íslendinga um Hjaltlandseyjar í næsta blaði.

Ólafur R. Dýrmundsson Ph.D
Bændasamtökum Íslands
ord@bondi.is

Kótelettufélag Íslands hélt fyrsta matarfund vetrarins:

Þrír hlutu viðurkenningu fyrir vasklega framgöngu

Fyrsti kótelettufundur vetrarins hjá Kótelettufélagi Íslands var haldinn nú fyrir skömmu. Á fundinn voru boðnir þrír heiðursmenn, Svavar Pálsson sýslumaður á Húsavík, Sigurður Brynjúlfsson yfirlögregluþjónn á Húsavík og Þórarinn Ingi Pétursson Grýtubakka, formaður Landssambands sauðfjárbænda. Kótelettufélagið veitti þeim Svavari og Sigurði viðurkenningu fyrir vasklega framgöngu við skipulagningu og björgun búfjár í óveðrinu sem geisaði í september 2012. Auk þess fengu þeir allir staðfestingarskjal um að þeir hefðu snætt kótelettur með félögum í Kótelettufélagi Íslands.

Að venju voru bornar fram kótelettur, ís og ávextir í eftirrétt. Á þessum fundi var marget spjallað og spáð í ýmislegt varðandi lambakjöt, sauðfjárræktun og markaðsmál, „Þessi fundur var mjög skemmtilegur og nutu menn þess að spjalla og borða góðan mat,“



Svavar Pálsson sýslumaður Þingeyinga tekur við viðurkenningunni frá Kótelettufélaginu. Myndir / Hermann Jónasson

segir á síðu Kótelettufélagsins á Facebook.

Fengu 20 kílóa sekk af gullraspi

Kótelettufélagið fer eftir ströngum gæðastöðlum þegar kemur að vali á hráefni, því aðeins kótelettur af

kjötskrokkum sem hafa flokkast í E3 eða hærra uppfylla skilyrði félagsins. Öll meðhöndlun á kótelettunum, eldun og meðlæti skiptir miklu máli. Kótelettunum er velt upp úr raspi og smjörið er ekki sparað við steikinguna. Fyrirtækið Maxi ehf. gaf Kótelettufélaginu 20



Svavar, Sigurður og Þórarinn með viðurkenningarnar frá Kótelettufélaginu.

kílóa sekk af gullraspi nú nýlega og er kótelettunum að sjálfsgöðu velt upp úr honum. Þær eru síðan bornar fram með kartöflum, rauðkáli, grænum baunum og rabarbarasultu. Kótelettukvöldin hafa verið haldin í Heiðarbæ í Reykjavhverfi en einnig hafa félagsmenn farið og

eldað kótelettur á veitingastöðum í sýslunni sem og í heimahúsum, þar sem áhugasamir hafa getað snætt kótelettur að hætti félagsins. Félagið hefur enn ekki eldað utan Þingeyjarsýslu en félagsmenn hafa kynnt starfsemi utan sýslunnar í nokkur skipti. /HA/MPB

Einstakt tilboð!

Vatnamenning og veiðiskapur

★★★★★ „Stórvirki“

Svavar Hávarðsson, Fréttablaðið

Þessi útgáfa er fyrir veiðimenn, en líka þá sem hafa gaman af sögu og náttúru landsins, ævintýrum og frásögnum, sem lýsa svo djúpum gljúfrum að niðri í þeim er hálförökkur þegar sól skín hæst.

Gríðarmikið verk, rúmlega þúsund blaðsíður, í tveimur stórum bindum með fjölda fallegra mynda. Sölvi Björn Sigurðsson hefur unnið þrekvirki.

Sannkallaður kjörgripur

Lesendum Bændablaðsins býðst að kaupa bækurnar á kr. 19.900 með heimsendingargjaldi á næsta pósthús (fullt verð kr. 24.999).

Tilboðið gildir einungis til 5. desember.

Pöntunarsími: 557-3100

Pöntunarnetfang: pontun@sogurutgafa.is

Átakanlegar sögur af harmleikjum og hetjudáðum

Manntjón vegna sjóslysa á Íslandi í upphafi 20. aldar var gríðarlegt.

Menn sóttu sjóinn af harðfylgni en ekki alltaf forsjálni. Hér er rakin mögnuð og á köflum ótrúleg saga sjóslysa í upphafi 20. aldar í læsilegri og spennandi útgáfu.

Hvergi er dregin dul á þau hörmulegu örlög og þær ægilegu aðstæður, sem biðu ósyndra sjómanna á smábátum, andspænis ógnarveðrum Íslandsmiða.

Illugi Jökulsson rekur hér átakanlega sögu á ljóslifandi og grípandi hátt.

Fróðleiksbásinn

Vilmundur Hansen þjóðfræðingur og garðyrkjufraeðingur



Elvis lifir

Þjóðsögur eiga sér margar og merkilegar birtingarmyndir. Flestir tengjast þær fortíðinni og gamla bændasamfélaginu, álfum, draugum og tröllum. Þrátt fyrir þetta eru nýjar þjóðsögur alltaf að verða til og í kringum sumar persónur verða til svo margar sögur að það líkist fári.

Sögur um Elvis Presley eru dæmi um þetta; frægðarstjarna hans hefur aldrei risið hærra en í dag, rúmum þrjátíu árum eftir að hann lést. Vinsældir Elvisar og sala á tónlist hans eru þvílíkar að það mundi sæma hvað lifandi tónlistarmanni sem væri.

Ævi Elvisar er saga um fátækan dreng sem brýst til frægðar af eigin rammleik. Hann eignast allt sem hugurinn girnist en fær leið á öllu, tapar sér í frægðinni og glatar öllu, eða eins og hann söng sjálfur „a rat race at a snail's pace“.

Sögurnar öðlast líf

Skömmu eftir að frægðarsól Presleys tók að rísa fóru af stað sögur. Ein er á þá leið að eftir að eigandi Sun-útgáfufyrirtækisins heyrði fyrstu upptöku Evisar á hann að hafa sagt að það væri mun vænlegra fyrir Elvis að halda áfram að keyra vörubíl í stað þess að reyna fyrir sér í tónlist. Önnur saga er á þá leið að Elvis hafi verið mikill kynþáttahatari og hafi lýst því yfir að það eina sem negrar gætu gert fyrir sig væri að kaupa plöturnar sínar og bursta skóna.

Báðar sögurnar verða að teljast mjög vafasamar þar sem eigandi Sun gaf út fyrstu Elvis-plötuna og hann var undir sterkum áhrifum frá trúartónlist þeldökkra Suðurriksamanna.

Gat ekki meira

Eftir að tilkynnt var um dauða Elvisar 16. ágúst 1977 hafa gengið sögur um að hann væri langt frá því að vera látinn heldur væri hann við góða heilsu. Á hverju ári berast

fréttir víðs vegar að úr heiminum um að til hann hafi sést allt frá Kópaskeri til Kalkúttu.

Vikublaðið World Weekly News var einstaklega iðið við að birta frásagnir af þessu. Blaðið hefur til dæmi sagt frá því að Elvis búi á Hawaii, ásamt núverandi eiginkonu sinni, undir nafninu John Burrows. Elvis mun hafa greint frá því í viðtali að hann hafi verið að bugast undan frægðinni og álaginu sem henni fylgdi og dauði sinn hafi verið settur á svið svo að hann gæti lifað eðlilegu lífi. Hann segist reyndar búa sjaldan lengi á sama stað því hann sé á stanslausum flóttu undan því að þekkjast. Elvis hefur reyndar breyst talsvert með aldrinum og í dag er hann kominn með bjórvömb, skegg og skalla. Hann segir að sér líði ágætlega en iðrast þess að hafa svikið aðdáendur sína með þessum hætti. „Ég ætlaði mér ekki að særa neinn, ég gat bara ekki meira.“

Í annarri frétt í sama blaði segir að í staðinn fyrir Elvis hafi verið búin til nákvæm vaxmynd af kónginum og hún höfð til sýnis meðan líkið stóð uppi og að það hafi verið lík óþekkt Englendingss sem fór í gröfina. Í öðru blaði er því haldið fram að Elvis sé geimvera og það hafi sést til hans á tunglinu. Þessi hugmynd kemur reyndar líka fram í kvikmyndinni Men in Black þar sem sagt er að Elvis hafi ekki dáið heldur farið heim.

Heilagur Elvis

Frá dauða Presleys hafa verið stofnuð trúfélög sem hafa tekið hann í guðatölu. Sumir halda því fram að hann sé frelsarinn endurfæddur og þess hefur verið farið á leit að kaþólska kirkjan taki hann í tölu dýrlinga.

The Church of Elvis í Portland í Oregon er opin allan sólarhringinn og þar er hægt að ganga í hjónaband og Elvis-eftirherma syngur við brúðkaupið. Önnur birtingarmynd Elvis-dýrkunarinnar er að á hverju ári er keppt úti um allan heim þar



í því að líkjast goðinu í útliti og háttum. Það eru því til tailenskir, japanskir, norskir og íslenskir Elvisar.

Fyrir nokkrum árum heiðraði bandaríska pósthjónustan goðið með því að setja mynd af honum á frímerki og kraftaverkin gerast enn. Stuttu seinna lýsti bandarísk kona því yfir að hún hefði læknað af krabbameini í hálsi eftir að hafa sleikt Elvis-frímerki. Frá Hollandi hafa borist þær fréttir að stytta af Elvis gráti blóði eins og Maríumyndir gera annað slagið.

Helgidómurinn Graceland

Líkt og aðrir dýrlingar á Elvis sinn helgireit þangað sem dýrkendur

hans sækja í stríðum straumum alla daga ársins þótt fjöldinn sé mestur í kringum fæðingar- og dánardag hans. Margir líta á Graceland sem helgidóm og telja sér skylt að fara í pílgrímsferð þangað að minnsta kosti einu sinni á ævinni, líkt og múslimar sem verða að fara til Mekka.


Dagbækurnar

Fyrir nokkrum árum hélt bandarískur blaðamaður því fram að hann hefði fundið dagbækur Elvisar og að síðasta færslan væri dagsett tveimur árum eftir dauða hans. Fréttin vakti mikla athygli og þótti óræk sönnun þess að Presley hefði ekki dáið 1977 eins og haldið er

fram opinberlega. Sagan af dagbókunum minnir óneitanlega á dagbækur Hitlers á sínum tíma og það sem meira er, þær hurfu á dularfullan hátt áður en blaðamaðurinn gat sýnt þær eða birt nokkuð úr þeim.

Aldrei vinsælli en núna

Sé litið til vinsælda og æðisins í kringum Elvis Presley á undanförmum árum er engu líkara en að hann hafi snúið aftur frá dauðum og sé ódauðlegur. Sala á tónlist hans hefur aldrei verið meiri og talið er að búið sé að selja rúmlega milljarð eintaka, sem þýðir að sjötta hver manneskja á jörðinni á plötu með Elvis, hann lifir.



Utan úr heimi

Hugmyndir starfsmanns Neytendastofnunar Þýskalands um dún:

„Plokkaður af dauðum sláturdýrum eða reyttur af fuglunum lifandi!“

Þó að Íslendingar séu yfirleitt vel meðvitaðir um hvað æðardúnn er og um farsælt samband manna og æðarfuglsins er það ekki endilega svo um almenning í þeim löndum sem kaupa af okkur dúninn.

Eitt þessara landa er Þýskaland og fékk Bændablaðið á dögunum senda þýðingu á viðtali sem blaðamaður hjá Spiegel atti við efnafræðinginn Holger Brackmann sem er starfsmaður Neytendastofnunar Þýskalands. Var hann spurður um gæði duns og hvaðan hann kæmi. Vitneskja hans virðist vægast sagt afar takmörkuð. Þá virðist hann með öllu ómeðvitaður um íslenskan æðardún þó að Þjóðverjar séu einna öflugastir í kaupum á íslenskum dún fyrir utan Japaní. Er þetta ekki síður athyglisvert þegar litíð er til umræðu um vörupaup fólks á Íslandi í gegnum internetið á vörum frá Kína að undanfórnu. Þar hafa komið í ljós alvarleg vörusvik varðandi dúnúlpur sem reyndust jafnvel innihalda illa lyktandi kurlaðar lifrænar leifar af hænnum og einhverju fiðrursli.

*Aðallega frá Póllandi,
Ungverjalandi, Rússlandi og Kína*

Í greininni í Spiegel kemur fram að Brackemann hafi nýlega rannsakað hvaðan fyllingin í dúnsængur þjóðverja komi. Blaðamaður Spiegel spyr:

- „Herra Brackemann, þú
rannsakaðir nýlega dúnsængur frá
tíu söluaðilum. Hvers vegna er dúnn
svona þægilegur?

Brackemann: Endur og gæsir eru vatnafuglar, og dúnlagið sem þeir hafa undir fjaðrahamnum ver þá fyrir



kulda. Hver dúneining eða dúnfjöður hefur tvær milljónir anga eða greinar, sem fléttast saman og halda hlýju lofti kyrru.

Blm. Spiegel: – „*Frá hvaða löndum kemur dúnninn okkar?*“

Brackemann: – „Aðallega frá Póllandi, Ungverjalandi, Rússlandi og Kína.“

Blm. Spiegel: – „Hvernig er hann framleiddur?“

Brackemann: „Hugmyndin er sú að dunninn sé plokkaður af dauðum sláturdýrum. Dýraverndunarsamtök fullyrða hins vegar að dunninn sé reyttur af fuglunum lifandi. Ég hef séð upptökur af því.“

Blm. Spiegel: „Eru það ekki öfgakenndar fullyrðingar? Í

Evrópusambandinu er bannað að kvelja nytjadýr að óbörfu.“

Brackemann: „Íðnaðarsamböndin fullyrða að það séu í hæsta lagi í tveimur prósentum tilfella sem reytt er af lífandi dýrum. En þá skil ég ekki hvers vegna enginn söluaðila sem tóku þátt í könnuninni vildi tilgreina uppruna- og afgreiðsluferli hráefnisins. Við fengum ekki að koma á eitt einasta bú, ekki heldur hjá þeim söluaðilum sem tryggja kaupandanum með innsigli að dýnninn komi ekki af lífandi dýrum.“

Blm. Spiegel: – „Eru gloppur í lögunum?“

Brackemann: „Fiðrið á öndum og gasum endurnýjast með reglulegu millibili. Á fellitímabilinu, þegar fuglinn er í sárum, sem kallað er, er hægt að strjúka lausan dún af fiðrinu með hendinni. En það eru aldrei öll dýrin í sárum samtímis. Og við iðnaðarframleiðslu er aldrei hvert dyg skodað sérstaklega.“

Blm. Spiegel: – „*Eykst eftirspurn eftir dún?*“

Brackemann: „Já. Verðið á dún hefur hækkað gífurlega. Stöðugt fleiri Kínverjar kaupa munaðarvörur eins og dúnjakka. Margt bendir til þess að á fuglabúum sé reynt að græða á því að ná dúni af sláturfuglinum oftar en einu sinni.“

Blm. Spiegel: – „Eru ađrir valkostir sem geta komiđ í stađ dúnins?“

Brackemann: „Aðallega eru það gerviefni. Ull og úlfaldahár eru góð náttúruleg efni en mjög eðlisþung. Maður sér að þessi dýr, sem gefa þessar afurðir, geta ekki flogið.“

 $/HKr.$

Íslensk sauðfjárrækt vekur athygli Norðmanna:

Beit á hvönn bragðbætir lambakjöt

Í Bondebladet, blaðið Norsku bændasamtakanna, hinn 14. nóvember síðastliðinn er viðtal við Höllu Steinólfsdóttur, bónda í Ytri-Fagradal á Skarðströnd, um fjárbúskap hennar og manns hennar, Guðmundar Gíslasonar. Mesta athygli norsku blaðakonunnar, Marianne Östby, vekur það að lömbum á búi þeirra var þeytt á hvönn í tveir vikur fyrir slátrun til að bragðbæta kjötið.

Matvælastofnun hefur síðan borið kjöt af „hvannarlömbunum“ saman við tvo samanburðarhópa sem gengu á venjulegri haustbeiti og þar var hvannarbragðið staðfest. Auk þess kom í ljós að fitu- og ullarbragð er minna af hvannarlömbunum. Talið er að unnt eigi að vera að fá herra verð fyrir „hvannarkjöt“ en annað lambakjöt.

Hvönn er notuð nú á dögum sem lækningajurt og sem krydd. Fyrir á tímum, og að nokkru marki enn þann dag í dag, er hvönn notuð sem lækningajurt á Norðurlöndum, þar á meðal í Noregi.

Halla er ánægð með það að rannsóknin leiddi í ljós að unnt er að bragðbæta kjötið með fárara vinkna hvannarbeita. Í ljós kom að ekki skipti höfuðmáli hvort beitin stóð í þrjár eða sex vikur. Það er hagstætt fyrir bóndann, þar sem sex vinkna beit gengur mun nær rótarkerfi jarntarinnar.

Um 20% af flatarmáli Íslands eru gróid land en að öðru leyti er landið ógróid eða þakið jökull. Ræktað land nemur fáum hundraðslutum af landinu. Á jörð Höllu eru 60 hektarar lands ræktaðir og þá mest sem tún. Þar sem jörðin hefur nýlega fengið vottun um að þar sé stundaður lifrænn búskapur er helsta fôðurjurtin rauðsmári og áburðurinn er þang, þari og fiskimjöl. Halla er einnig með hænur af gömlu íslensku kyni. Heimilið er þannig sjálft sér nægt um egg og fuglakjöt.

Aðeins um 2% starfandi íbúa landsins stunda nú landbúnað. Árið 1950 voru það 35%.

Þýtt og endursagt /ME



Vaxandi menqun getur haft ófyrirséðar afleiðingar:

Jörðin hlýnar en með verulegum sveiflum

Árið 1998 var óvenjulega hlýtt á jörðinni. Flest ár eftir það hefur hitastigið verið jafnhátt eða hærra en nokkru sinni frá því að þessar mælingar hófust um og upp úr 1850. Hitinn hefur þó ekki hækkað allra síðustu árin, að því er fram kemur í grein Thomas Cottis í norska blaðinu *Nationen* fyrir nokkru.

Veðurstofan í Noregi og Bjerknes-sentret, miðstöð veðurforsrannsóknar í landi, hafa útskýrt það þannig að þekkt er, út frá hitamælungum og öðrum athugunum, að hækkun hitastigs á jörðinni gerist ekki jafnt og þétt heldur sé hún verulega breytileg milli ára. Helsti áhrifavaldurinn í þeim efnum er stór eldgos, sem valda kólnun loftþýpsins í 1–2 ár eftir gos, og sölblettir sem breyta hitastigi á jörðinni og sveiflast á 11 ára bili. Þá eiga sér stað breytingar á hitastigi sjávar í Kyrrahafi sem gerast á þriggja til sjö ára fresti og nema nokkrum tíundu hlutum úr gráðu á Celsius.

Allar breytingar á hitastigi á jörðinni af mannavöldum auka hlýnun lofthjúpsins en náttúrulegar breytingar eru í báðar áttir. Ástæða þess að árið 1998 var óvenjulega hlýtt var sú að þá var hitastig Kyrrahafsins með hæsta móti.

Mannkynið eykur nú jafnt of þétt
losun sína á koltvísýringi og öðrum

lofttegundum. Norska ríkisútvarpið, NRK, upplýsti nýlega að magn koltvísýrings í andrúmslofti á Svalbarða hefði nýlega mælst 400 ppm (milljónustu hlutar) en þar hefur það lengst af mælst um 280 ppm. Ástæðan er eins og annars staðar aukin brennsla á jarðefnum.

Veðurlarsráð SP heldur því fram að 400 ppm af koltvísýringi hækki hitastig á jörðinni um 1,5–2,0 °C. Hvers vegna er hlýnunin þá aðeins 0,8 °C? Í stuttu máli er það vegna þess að það tekur tímann sinn að hækka hitastig á heilli plánetu.

Prófessor Sigbjørn Grønås, sem starfar við veðurfarsmiðstöðina í Bjerknes, segir að aukin losun mannkyns valdi um 3ja vatta hlýnun á fermetra jarðarýfirborðs. Losun mannkynsims á sóti og öðrum brunaleifum veldur aftur á móti kólnun á lofthjúpunum um 1,4 vött á fermetra. Það er mikil hlýnun þegar á heildina er litið en jarðarkringlan er líka stór.

Núverandi magn af koltvísýringi í lofthjúpsins, upp á 400 milljónustu hluta, mun hækka meðalhita á jörðinni um minnst 1,5 °C en það tekur 20 ár. Með öðrum orðum mun sú losun gróðurhúsalofttegunda sem nú á sér stað einkum bitna á börnum okkar en afleiðingar þess eru ófyrirséðar.

Þýtt og endursagt /ME

CASE IH

Ódýrar og vel búnar vélar Hér færðu mikið fyrir lítið

Case IH Maxxum Multi Controller

- 120-175 hestafla
- 17x16 girrkassi með lágsnúningsgír og vökvavendigír
- Fjaðrandi ökumannshús með loftkælingu
- Loftfjaðrandi ökumanns- og farþegasæti
- Vökvaútskotinn dráttarkrókur
- Flotmikil dekk

A red Case IH Maxxum Multi Controller tractor is shown from a front-three-quarter view. It features large, deep-tread black tires, a red body with black accents, and a modern glass-enclosed cab with a yellow light on top. The tractor is positioned on a light-colored surface against a white background.

 **KRAFTVÉLAR**

Dalvegi 6-8
201 Kópavogur
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is
kraftvelar@kraftvelar.is

Utan úr heimi



Á sýningarsvæði John Deere. Margt var um manninn á sýningunni eins og sjá má.

Véla- og tæknisýningin Agritechnica 2013 í Hannover í Þýskalandi:

Nýtt met var sett í fjölda gesta

Dagana 12. til 16. nóvember fór fram þýska stórsýningin Agritechnica, en hún er sérhæfð sýning fyrir vélar og tæknibúnað í landbúnaði og er haldin annað hvert ár.

Agritechnica, sem haldin er í Hannover í Þýskalandi, er stærsta landbúnaðarsýning í heimi sem er haldin innandyrna og er sýningarsvæðið 41 hektari að stærð enda ekki vanþörf á þar sem í ár tóku 2.898 sýnendur frá 47 löndum þátt og er það nýtt met.

450 þúsund gestir

Nýtt met var einnig sett í fjölda gesta, en 450 þúsund gestir komu á þessa stórsýningu sem er 40 þúsund fleiri gestir en mættu á sýninguna árið 2011. Af þessum gríðarlega mikla fjölda voru erlendir gestir 112 þúsund og þar af voru um 100 Íslendingar á svæðinu enda stóðu nokkur íslensk vélafyrirtæki fyrir hópferðum á sýninguna í ár.

400 nýjungar kynntar

Agritechnica er drifkraftur frumkvöðlastarfs í landbúnaðartækni sem kemur fram í öllum þeim nýjungum sem fyrirtæki heimsins leggja áherslu á að kynna á sýningunni. Til þess að geta sagt að um nýjung sé að ræða má viðkomandi tæki eða tæknilega lausn ekki hafa verið kynnt opinberlega áður og þurfa fyrirtækin að leggja fram ýtarleg gögn til sérstakrar dómnefndar. Dómnefndin metur svo hvort um tæknibyltingu sé að ræða og þá fær viðkomandi nýjung gullverðlaun. Sé um verulega endurhönnun eða aðlögun að tækni annars staðar frá



Á svona stórra landbúnaðarsýningu má búast við því að mörg tæki og töl henti alls ekki fyrir héraðslendar aðstæður og þó svo að margt henti klárlega er óvíst að þessi vél hér henti við íslenskar aðstæður.

að ræða fær nýjungin silfurverðlaun og bronsverðlaun eru veitt nýjungum sem byggja á breyttum tæknilegum útfærslum. Í ár voru kynntar alls 400 nýjungar sem hlutu verðlaun og þar af fjórar nýjungar sem hlutu gullverðlaunin.

Dráttarvélahermir Claas

Þýska vélafyrirtækið Claas var með sjö nýjungar á sýningunni og þar af fékk fyrirtækið gullverðlaun fyrir eina en þar er um að ræða tölvuforrit sem kaupendur Claas dráttarvéla og þreskivéla geta



Hinir heimsfrægu Peterson Farm Brothers komu fram og vöktu verðskuldaða athygli.

nálgast á netinu og æft sig í notkun vélanna á heimilistölvunni sinni. Allar nýjar vélar í dag eru búnar afar flóknum tölvubúnaði og því er þessi dráttarvélahermir einstakt hjálpartæki og Claas afar vel að þessum verðlaunum komið.

Tvinnskotbómulyftari

Meðal gullverðlaunahafa í ár var einnig skotbómulyftari sem gengur bæði fyrir rafmagni og hráolíu og mætti því kalla tvinnskotbómulyftara. Það var vélaframleiðandinn Merlo sem kynnti þessa tæknibyltingu en skotbómulyftarinn nýtist sérlega vel þar sem loftræsting er lítil og því upplagt að vera með tæki sem mengar ekki með útblæstri.

Lofthreinsibúnaður flokkar kartöflur

Vélaframleiðandinn Grimme fékk einnig gullverðlaun fyrir byltingarkennda nýjung sína við grjóthreinsun við upptöku á kartöflum. Vél þessi, sem kallast einfaldlega SV-260, er búin sérstökum búnaði sem heitir AirSep sem gerir það að verkum að vélin getur flokkað kartöflur frá jarðvegi, grjóti og öðrum óhreinindum með því að lofti er blásið upp undir færiband sem flytur kartöflurnar. Þessi nýji búnaður þykir sérlega heppilegur þar sem mikið er af grjóti í landi og sparar handavinnu við flokkun.

Nákvæm áburðardreifing

Síðasta fyrirtækið í röðinni sem hlaut gullverðlaun var Rauch, sem framleiðir áburðardreifara m.a. fyrir Kuhn. Dreifarinn Axmat er



Skotbómulyftari sem gengur fyrir bæði hráolíu og rafmagni fékk gullverðlaun á sýningunni.

búinn radar sem fylgist með því að áburðurinn dreifist rétt með því að taka mynd af dreifikúrvunni á hverjum tíma og bera saman við þær upplýsingar sem ökumaður vélarinnar hefur slegið inn í tölvuna s.s. um kornastærð, breidd dreifisvæðis o.s.frv. Ef kúrvan vikur frá þeim gildum sem gefin hafa verið upp stillir tölvan einfaldlega dreifarann sjálfvirkrt svo áburðardreifingin verði nákvæmlega eins og að var stefnt.

Ótal dráttarvélar

Það er óvinnandi vegur að greina í smáatriðum frá þeim tugum þúsunda af tækjum og tólum sem voru til sýnis en sem dæmi um stærð sýningarinnar má nefna að öll helstu dráttarvélafyrirtæki heims voru með einhverjar nýjungar á sýningunni. Flest fyrirtækin eru að feta sig upp í stærð vélanna og buðu upp á dráttarvélar allt að 440 hestöfl að stærð. Þá bjóða nú orðið allir dráttarvélaframleiðendur upp á vélar sem uppfylla hinar ströngu Tier 4 mengunarkröfur sem er ætlað að draga stórlega úr mengun dísilvéla.

Tölvur og takkar

Annað sammerkt með nýjungum á sýningunni er að flestallar byggja þær á notkun hugbúnaðar með einum eða öðrum hætti. Margar lausnir eru afar handhægar fyrir nútíma búskap eins og færslutakkar á John Deere en með því að þrýsta á takka á bretti dráttarvélarinnar getur maður fært hana örlítið bæði fram og aftur. Þetta er nokkuð sem á vafalítið eftir að koma sér vel fyrir marga þegar verið er að tengja vélar aftan í. Eða þá kostir þess að geta beygt afturhjólinum einnig, líkt og margar rútur gera núorðið. Þessi lausn er í boði hjá austurríska dráttarvélaframleiðandanum Lindner í vél sinni Lintrac 90.

Fræðslufundir og ráðstefnur

Samhliða sýningarhaldinu voru haldnir margir áhugaverðir fræðslufundir og raunar ráðstefnur þar sem tekin voru fyrir mikilvæg málefni landbúnaðarins og að þessu sinni var lögð mikil áhersla á þau van- nýttu tækifæri sem eru til staðar í



Dráttarvélahermir Claas fékk gullverðlaun.



Upptökuvél sem blæs lofti upp undir kartöflur fékk gullverðlaun á sýningunni.



Radarstýrður áburðardreifari frá Rauch fékk gullverðlaun á sýningunni.

þróunarlöndum heimsins. Þá var auk þess haldin ráðstefna um hátækni-

landbúnað en æ fleiri tæki og tól í landbúnaði byggja á tölvutækni, notkun GPS, myndavélataekni og þar fram eftir götunum. Þróunin á þessum búnaði er afar hröð og óvíst að nokkur hafi í raun yfirsýn yfir alla þá möguleika sem nútíma bændum standa til boða og því var við hæfi að bjóða upp á ráðstefnu á þessu sviði.

4 þúsund manna veisla!

Einn af hápunktum sýningarinnar var stórveisla samtaka ungra bændna en alls tóku fjögur þúsund manns þátt í veislunni. Ekki spillti fyrir að meðal skemmtiatriða voru bræðurnir sem kenna sig við bú Péturs bónda (The Peterson Farm Brothers) en þeir eru þekktir í netheimum og víðar fyrir að hafa útbúið myndbönd og birt á YouTube við ýmis lög með eigin gríntextum um landbúnaðarmálefni.

Næst í nóvember 2015

Þó svo að þessi sýning sé að baki og of seint að fara á hana er óhætt að fara nú þegar að láta sig hlakka til næstu Agritechnica-sýningarinnar, sem verður haldin 10. til 14. nóvember 2015. Vafalítið munu mörg vélafyrirtæki hér á landi bjóða aftur upp á ferðir á sýninguna, enda má ætla að að tveimur árum liðnum verði hún enn umfangsmeiri en sú sem haldin var í ár.

Snorri Sigurðsson

sns@vfl.dk
Nautgriparæktardeild
Þekkingarseturs landbúnaðarins í Danmörku

Smábændur í þróunarlöndunum eru „ofurhetjur“

Norski þróunarsjóðurinn, (Utviklingsfondet), hefur útnefnt smábændur í þróunarlöndunum sem „ofurhetjur“ samtímans. Þessir bændur eru um hálfur milljarður að tölu. Þeir framleiða matvæli og berjast gegn fátækt í heiminum. Þá leggja þeir sitt af mörkum í baráttunni við veðurfarsbreytingarnar sem nú eiga sér stað á jörðinni.

Francisco Olivas í Nikaragva og Fitsumbran Gdey í Eþíópíu telja sig sjálfsagt ekki neinar ofurhetjur en okkur finnst þeir vera dæmigerðir fulltrúar þeirra segir í umsögn Norska þróunarsjóðsins, en greint var frá þessu í Bondebladet 14. nóvember síðastliðinn.

Veðurfarsráð Sameinuðu þjóðanna varar við samdrætti í uppskeru víða um heim vegna breytinga á veðurfari. Smábændur í fátækum löndum framleiða um þessar mundir stóran

hluta af matvælum þjóða sinna um leið og þeir finna verulega fyrir þeim veðurfarsbreytingum sem nú eiga sér stað í umhverfi þeirra. Þeir gegna mikilvægu hlutverki, bæði í baráttunni við fátækt og við að tryggja matvælaöflun.

Smábændur eru gjarnan opnir fyrir sjálfbærum ræktunaraðferðum, m.a. vegna þess að þeir hafa ekki ráð á að kaupa vélar og verkfæri né áburð eða jurtavarnarefni. Í stað þess nota þeir ódýrar aðferðir sem fara vel með akrana. Sjálfbær landbúnaður verður ekki stundaður nema með miklu vinnuframlagi og kunnáttu, en hann getur þó skilað góðum tekjum. Hann er einnig góð vörn gegn veðurfarsbreytingum og uppskerubresti.

Ofurhetjan Fitsumbran í Eþíópíu ræktar grænmeti og ávexti á landi sínu. Hún ræktar saman margar tegundir en er líka með geitur



Frá Súdan.

Mynd / FAO

og kú og selur afurðir sínar á þorpsmarkaðnum.

Hið sama gerir Francisco í

Níkaragva. Hann er félagsmaður í samvinnufélagi og stundar vistvænan landbúnað. Hann ræktar yfir 30

tegundir nytjajurta. Það kostar mikla vinnu en skilar líka góðum árangri.

Alþjóðlegar álitsgerðir greina frá því að landbúnaður sé hluti af lausn veðurfarsvandamála á jörðinni. En til að innleiða sjálfbæran landbúnað þarf þekkingu, leiðbeinendur og sameinað alþjóðlegt átak. Upplýsa verður bændur um það hvaða tegundir nytjajurta auðga jarðveginn af kófnunarefni og hvaða jurtir útrýma ekki öðrum tegundum.

Í Asíu hafa bændur lært að nota endur eða fiska til að vinna gegn illgresi og skordýrum í ökrunum. Síðan er unnt að veiða fiskinn til matar og úrgangurinn frá honum nýtist sem áburður. Þessi búskapur hefur aukið uppskeru um allt að 20%, eiturefnanotkun hefur minnkað og tekjur aukist um 80%.

Nærtækt er að halda því fram að það sé smábóndinn sem á framtíðina.

Þýtt og endursagt / ME

Aukum verðmæti mjólkur með kynbótum

Það hefur lengi legið fyrir að hægt er að hækka hlutfall verðfna í mjólk með því að nota naut sem gefa dætur sem mjólka efnaríkri mjólk. Í kynbótastarfinu hefur í næstum þrjá áratugi verið valið fyrir afurðum í magni próteins og ákveðið vægi haft á próteinhlutfalli mjólk til þess að halda því uppi.

Miðað við verðlagningu mjólkur í dag getur það aukið hagkvæmni búrekstrarins verulega að velja fyrir hærri efnahlutföllum en í dag fá bændur greitt 0,05 kr./l fyrir hvert 0,01% sem fituhlutfallið hækkar og 0,19 kr./l fyrir hvert 0,01% sem próteinhlutfallið hækkar. Verðið lækkar svo að sama skapi ef verðfna hlutföllin lækka.

Við skulum líta á raunverulegt dæmi á búi þar sem annars vegar eru bornar saman dætur sæðingana og dætur heimanauta á búinu. Rétt er að taka fram að hóparnir eru nánast jafnstórir, þ.e. helmingur kúnna er undan sæðingana og hinn helmingurinn undan heimanautum.

Eins og tölurnar sýna glöggst munar töluverðu á verði mjólkur eftir því sem efnainnihaldið hækkar. Það eru ekki ný sannindi. Í þessu tilviki er munurinn í auknum tekjum 4,42 kr. á lítra eða 884.000 kr. á ári

	K.mat afurðir	K.mat heild	Ársnyt, kg	Fitu%	Prót%	Meðalverð kr. á lítra	Tekjur/ár kr. á kú
Feður							
Sæðingana	103	103	6.090	4,02	3,55	86,77	528.456
Heimana	97	99	5.850	3,7	3,4	82,35	481.751
Mismunur	6	4	240	0,32	0,15	4,42	46.705



Kýr á beit við bæinn Fit undir Eyjafjöllum.

Mynd / HKR.

á 200 þús. lítra búi. Munur á nettó-tekjum milli hópa er ekki endilega

jafnmikill og dæmið hér að ofan sýnir því væntanlega er föðrun eitt-

hvað dýrari hjá þeim gripum sem mjólka efnaríkari mjólk.

Meðalkynbótagildi dætra sæðingana í dæminu er 103 hvað afurðir snertir en 97 hjá dætrum heimanautanna. Dætur sæðingana sýna þetta glögglega í meiri afurðum, bæði hvað snertir magn og efnainnihald. Þetta er glöggst dæmi um hve kynbætur geta aukið verðmæti afurðanna og þar með arðsemi búrekstrarins.

Afurðaeiginleikar, eins og mjólkurmagn og fitu- og próteinhlutfall í mjólk, hafa hátt arfgengi og val fyrir þessum eiginleikum skilar því sjáanlegum árangri strax á fyrstu kynslóð. Sá árangur glatast ekki heldur flýst áfram kynslóð eftir kynslóð. Fljótverkasta leiðin til þess að hækka hlutfall verðfna í mjólk er eftir sem áður markvissari og betri föðrun. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að sameiginlegt ræktunarstarf sem og á búsgrunni skilar sínu. Hafi kýrnar ekki erfðafæðilega getu til þess að mjólka mikilli og efnaríkri mjólk mun föðrun litlu breyta þar um.

Eftir sem áður verðum við að varast að velja eingöngu fyrir einum eða tveimur eiginleikum. Horfa þarf á heildarmyndina og markmiðið hlýtur ávallt að vera að rækta þægilegar, endingargóðar, heilsuþraustar og góðar mjólkurkúr.

Upplýsingatækni & fjarskipti

— Grein 49


Jón Baldur Lorange

sviðsstjóri tölvudeilda
Bændasamtaka Íslands
jbl@bondi.is

Um 96,5% íbúa landsins með 10-50 Mbit/s gagnaflutningshraða

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur gefið út tölfraeðiúttekt fyrir fjarskiptamarkaðinn á Íslandi fyrir fyrri hluta ársins 2013 og er í skýrslunni borið saman tímabilið frá fyrri hluta ársins 2011, eða þriggja ára tímabil. Í skýrslu PFS eru upplýsingar um helstu stærðir og fyrirtæki á fjarskiptamarkaði. PFS tekur út stöðuna á fjarskiptamarkaði tvisvar á ári. Markmiðið með skýrslunni er að bæta upplýsingagjöf og auka gagnsæi á þessum markaði.

A síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á fjarskiptamarkaðnum. Helstu fyrirtæki á fjarskiptamarkaðnum eru Síminn hf., Fjarskipti ehf. (Vodafone), Nova ehf. og IP-fjarskipti ehf. (Tal). Síminn er ennþá stærsta fjarskiptafyrirtækið á Íslandi með um 60% markaðshlutdeild samtala í fastaneti, sem hefur verið nær óbreytt síðustu þrjú ár. Næst stærsta fjarskiptafyrirtækið, Vodafone, er hálfdrættingur á við Símann með um 29% markaðshlutdeild. Þegar litið er til samtala til farsímaneta er markaðshlutdeild Símans í dag um 55%, Vodafone um 37% og Tals um 4%. Lítil breyting hefur verið á þessu síðustu þrjú árin. Í skýrslunni kemur einnig fram að fjöldi aðgangslína í fastanetinu heldur áfram að fækka og eru um 129.000 í dag, en voru 159.000 árið 2000. Fjárfestingar í fjarskiptastarfssemi hafa aukist á undanförmum þremur árum um 1,2 milljarð frá fyrri hluta ársins 2011, en þær voru um 3,6 milljarðar á fyrri hluta þessa árs, mest í farsímarekstri. Heildartekjur fjarskiptafyrirtækja hafa hækkað um 2 milljarða á þessu tímabili, voru á fyrri hluta ársins rúmlega 24 milljarðar, og koma mestar tekjur af farsímarekstri, eða um 7,8 milljarðar. Mesta tekjuaukningin hefur þó orðið í öðrum tekjum fjarskiptafyrirtækjanna, en þær hafa hækkað um milljarð á þremur árum. Ekki kemur fram í skýrslunni hvaða tekjur þetta eru.



Mynd 1. Hlutfall xDSL-tenginga eftir hraða tengingar.

Þegar litið er til internetsins hefur ljósleiðaratengingum fjölgað á tímabilinu um 5 þúsund á öllu landinu, og eru orðnar um 24.000. Aðrar tengingar eru xDSL um 89.000 tengingar, örbylgja/þráðlausar um 1.600 og loks internettengingar í gegnum gervihnött 70 talsins. Áhugavert er að skoða fjölgun ljósleiðaratenginga frá árinu 2003 en þá voru þær 60 á öllu landinu. Öll árin þar á eftir til og með árinu 2010 fjölgaði þeim ört, eða um og yfir 100% á milli ára, en frá og með árinu 2011 hefur dregið úr þessari hlutfallslegri fjölgun, og fjölgaði þeim aðeins um 30% á síðasta ári. Þegar litið er til xDSL tenginga á öllu landinu kemur fram í skýrslunni að 96,5% viðskiptavina fjarskiptafyrirtækjanna

er með gagnaflutningshraða 10-50 Mbit/s, en 3,5 með minna en 10 Mbit/s, eða 3.090 viðskiptavinir. Sjá mynd 1.

Gera má ráð fyrir að þessir viðskiptavinir séu búsettir út á landi, og ekki kæmi á óvart að stærsti hópur þeirra væru bændur. Tölfraeðiskýrslu PFS má finna á heimasíðu stofnunarinnar (www.pfs.is).

WorldFengur býður upp á stóðhestaval

Nýjasta viðbótin í WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins, er svokallað stóðhestaval. Verkefnið varð til á fundi okkar dr. Þorvalds Árnasonar, kynbótafræðings, og Göran Haggberg, ræktunarleiðtoga Svíþjóðar, í Svíþjóð í fyrirasumar. Þá hafði skeiðgenið verið ný uppgötvað en dr. Þorvaldur var einn þeirra vísindamanna sem komu að þeirri uppgötvun. Viðfangsefnið var að tengja þessa uppgötvun með einhverjum hætti inn í WorldFeng (WF) þannig að hún nýttist hrossaræktendum. Ákveðið var að gera endurbætur á valpörunarforritinu þar sem upplýsingum um skeiðgenið væri bætt við niðurstöðuna úr valpörun stóðhests og hryssu, en einnig að bæta við stóðhestavali fyrir ræktunarhryssur í heimarétt WF.

Öldungurinn Göran Haggberg, sem hefur verið dyggur stuðningsmaður WF frá upphafi og er einn af þeim sem unnu með Gunnari Bjarnasyni heitnum, bauðst síðan til

Líkindi á klárgengu afkvæmi = 66,65 %; Líkindi á alhliða afkvæmi = 33,35 % Mögulegur litur og líkindi hvers litar væntanlegs afkvæmis		
Líkindi %	Svipfar líta (litarnúmer)	Mynd
50	Rauður/milli- (1100-1700)	
24,9	Brúnn/milli- (2200-2700)	
25,1	Jarpur/milli- (3200-3700)	

Mynd 3. Sá hluti valpörunar í WorldFeng sem byggir á skeiðgeninu.

að fá Íslandshestafélagið í Svíþjóð, SIF, til að kosta þróunarvinnu dr. Þorvaldar vegna verkefnisins. Allt gekk þetta eftir og á ráðstefnu WF í Malmö í síðasta mánuði kynnti dr. Þorvaldur stóðhestavalið og endurbætt valpörunarforrit á fundi með öllum nefndum og stjórn FEIF. Hann átti síðan vinnufund með

Þorbergi Þ. Þorbergssyni, forritara WF, til að færa þessa vinnu inn í upprunaættbókina.

Með nýjustu útgáfu WF geta áskrifendur fengið upp tillögur um rétta stóðhestinn í gegnum heimarétt sína og valið þá ræktunarhryssu sem velja á stóðhest fyrir, en einnig er hægt að fara beint í stóðhestaval úr valmynd. Forsendur fyrir stóðhestavali fyrir hryssu er skyldleikaræktarstuðull (F%), öryggi kynbótamatsútreikings, land sem stóðhestur er staðsettur í og úrvalsmörk, þ.e. hvaða eiginleika á velja stóðhest fyrir. Sjá mynd 2.

Síðan er hægt að skoða valpörun fyrir hvern stóðhest sem WF gerir tillögu um, og skoða t.d. líkurnar á hvort folald verði klárgengt eða alhliða. Jafnframt koma líkurnar á hvaða lit folaldið fær – sjá mynd 3.

Kynbótamat hryssunnar IS2009287012 - Þrýði frá Auðsholtshjáleigu																			
Hæð	Próbl.	H.10t	Fet	Hofud	Hals	Bak	Samr.	Fotg.	Rétt.	Hófar	Tótt	Brokk	Skeið	Stökk	Feg. í reið	Vl. grósl.	Skópul.	Hæfil.	Aðal.
1,6	119	109	102	122	119	104	113	96	103	103	111	109	119	110	115	115	119	119	122
Úrvæðiskýrði og skóður: Forsendur: BLUP Tótt F%: 5 R ₁ : 60 Land: IS																			
Röðum hámarks 50 mögulegra stóðhesta - Smelltu á slóð (í fyrsta dálki) til að skoða nánar hugsanlegar þessarir																			
Stóðhestur																Fólati			
Fæðingarnúmer	Nafn	Uppruni	Forsendur	Skópulag	Hæfileikar	Aðaleinkunn	R ₁ %	Forsendur	Skópulag	Hæfileikar	Aðaleinkunn	F%							
IS2002187812	Krúka	Þá Bændastöðum 16	131	109	121	121	96	121,0	114,0	120,0	121,5	0,9							
IS2006187810	Traust	Þá Bændastöðum 16	130	110	117	110	81	120,5	114,5	118,0	120,0	1,32							
IS2000184214	Óxinn	Þá Bændastöðum 16	128	111	118	118	96	118,5	115,0	118,5	120,5	2,9							
IS1998189905	Þoska	Þá Bændastöðum 16	128	121	114	118	96	118,5	120,0	116,5	120,5	2,1							
IS2007187800	Alfhinn	Þá Bændastöðum 16	131	112	125	126	87	118,0	115,5	122,0	124,0	2,31							

Mynd 2. Dæmi um stóðhestaval, 5 efstu stóðhestar miðað við úrvalsmörk.

Lesendabás

Það verður ekki betra

Liðin eru rúm fimm ár frá bankahruninu 2008. Strax í kjölfarið var talsvert talað um að nú ætti að byggja upp „Nýja Ísland“ – nýtt stjórnmála- og stjórnkerfi sem átti að laga allt sem aflaga fór og koma í veg fyrir að það gerðist aftur. Það hefur ekki gerst og mun ekki gerast.

Af hverju? Vegna þess að hugmyndin um „nýtt“ Ísland felur í sér mismunandi hluti í augum hvers og eins. Einn vill að ríkið skipti sér meira af fleiri málum, annar stækka þjóðarkökuna, sá þriðji ganga í ESB og svo framvegis. Engir tveir einstaklingar eru fullkomlega sammála um alla hluti, hvort sem er í einka- eða opinberu lífi. Hvað sem við erum sannfærð sjálf um ágæti eigin skoðana er ekkert gefið um að aðrir séu það. Hrunið gerði umræðuna um samfélagsmál hins vegar vægðarlausari, en í raun er ekkert nýtt við það heldur.

Ef við skoðum söguna er það hreint ekki að byrja núna að tekist sé á um stjórnmál með vægðarlausum og öfgakenndum hætti.



„Nýja Ísland“ – nýtt stjórnmála- og stjórnkerfi sem átti að laga allt sem aflaga fór og koma í veg fyrir að það gerðist aftur. Það hefur ekki gerst og mun ekki gerast.

Sé flett í gömlum blöðum, bæði hérlandum og erlendum, þarf ekki að leita lengi eftir svívirðingum um andstæðinga, öfgafullum sleggjudómum sem standast enga málefnalega skoðun eða innistæðulausum fullyrðingum. Lýðræðisleg skoðanaskipti eru einfaldlega þannig. Fólk er mismálefnalegt og misvant að virðingu sinni og þess vegna mun það ávallt vera þannig í frjálsu samfélagi að einhverjir láta vaða á meðan aðrir gæta betur að sér.

Það sem hefur breyst er hins

vegur að með netinu hefur hver sem er ræðupúlt til að láta í sér heyra og stundum nær óhroðinn í gegn. Þeir sem áður bölsótuðust bara með sjálfum sér eða í eldhúsinu heima geta nú fyrirhafnarlítið náð til fleiri.

Það er auðveldara að hella sér yfir einhvern í athugasemdakerfi netmiðils eða á Fésbókinni en þegar viðkomandi stendur fyrir framan þig og getur svarað þér strax. Við höfum mörg dæmi um ljóta umræðu á netinu en það er fjarri því eitthvað séríslenskt. Athugasemdakerfi erlendra netmiðla eru undir sömu sök seld og þar má

finna nákvæmlega sömu hlutina og á DV, Eyjunní eða Vísi – stundum verri.

Við erum einfaldlega ekki meira sammála um hlutina en þetta og þess vegna er pólitíkin alltaf einhvers konar flækja.

Lausnirnar eru sjaldnast einfaldar en samt erum við alltaf að leita þeirra. Það er gerð krafa um að stjórnmálafólk setji mál sitt fram helst með nógu einföldum og sláandi hætti – svo einhver nenni nú að hlusta.

Í þjóðfélagi 21. aldarinnar berst flóð upplýsinga úr öllum áttum – og spurningin er oft hvort einhver

athygli næst eða ekki, verðskuldað eða óverðskuldað. Það er til dæmis ómögulegt að segja hvort einhver lesi þessa grein. Þó að mér finnist hún verðskulda það er svo sannarlega úr mörgu að velja fyrir þá sem nenna yfirleitt að lesa pistla um þjóðfélagsmál.

Það er því hið eðlilega ástand að við höldum áfram að karpa um sameiginleg mál með mis-málefnalegum hætti. Það er hins vegar nauðsynlegt að skilja að til þess að vinna málum stuðning þarf yfirleitt að gera málamiðlanir við fólk sem maður er ósammála og það er ekkert að því.

Lýðræðið er nefnilega tafsamt og oft hundleiðinlegt, en það er það besta sem höfum. Við ættum að viðurkenna það. Það þýðir að við þurfum að vera þolinmóðari og hætta að gera sífelldar kröfur um einfaldar lausnir, en það mun skila okkur lengra fram á við en upphrópanir. Ég er í það minnsta sannfærður um það.

Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda

Bækur

Guðni – Léttur í lund

Guðni Ágústsson er löngu orðinn goðsögn í lifanda lífi. Hann er annálaður sagnamaður og njóta fáir viðlíka vinsælda sem tækifærisræðumenn og hann, auk þess sem miklar sögur hafa lengi gengið um hann sjálfan.

Í þessari bráðskemmtilegu bók segir Guðni með sínum kjarnrta hætti sögur af forvitnilegu fólki sem hann hefur mætt á lífsleiðinni – og sjálfum sér.

Hér stíga fram á sviðið óþekktir bændur úr Flóanum jafnt sem þjóð-kunnir stjórnmálamenn af öllum stærðum og gerðum. Í bókinni eru sögur af kynlegum kvistum og vammlausum embættismönnum, skagfirskum indíána, mögnuðum draugagangi, flóta út um þakglugga, manndrápsferð til Kína, afdrifaríku fallhlífarstökki og eftirminniðlegar vísur – svo eitthvað sé nefnt. Þá segja ýmsir þjóðþekktir menn litríkar sögur af Guðna.

Guðni – Léttur í lund er sannkallaður lífsins elixír sem bætir, hressir og kætir.

„Davið Oddsson ætti að vera á Kleppi“

Í fjölmiðmalálinu svokallaða var mjög ráðist að persónu Davíðs Oddssonar og stóryrðin ekki spöruð. Hallgrímur Helgason rithöfundur fór mikinn, skrifaði til dæmis um hina bláu hönd. Á gamlársdag var ég á leiðinni á ríkisráðsfund á Bessastöðum og las Fréttablaðið á leiðinni. Þar skrifaði Hallgrímur mikla skammargrein um Davíð og sagði að líklega væri hann geðveikur og ætti að vera á Kleppi. Mér varð mikið um við lesturinn og kallaði Davíð út í horn og spurði hann hvort hann væri búinn að lesa Fréttablaðið. „Nei,“ sagði hann, „er eitthvað merkilegt í því?“ „Já,“ sagði ég, „hann Hallgrímur Helgason er að skrifa um að líklega sértu geðveikur og eigir að vera á Kleppi.“ Davíð svaraði að bragði: „Hvað segirðu, er hann að skrifa um það, bólyaður ormurinn? En veistu það, Guðni, mér hefur oft dottið þetta í hug sjálfum.“

Migið í klósett ráðherrans

Einhverju sinni meðan ég var

landbúnaðarráðherra komu á pallinn til okkar Margrétar, í Jórutúnið á Selfossi, borgfirskir sauðfjárbændur, en þeir voru á ferðalagi um Arnessýslu. Þetta var fallegur vetrarmorgunn, hjart og kalt og sólin skein, Ölfusá í klakaböndum, kaupfélagið og kirkjan handan árinna. Í þessum hópi voru margir ágætir menn, meðal annarra Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson í Bakkakoti, núverandi formaður Bændasamtakanna, og Magnús Sigurðsson bóndi á Gilsbakka, einstakur höfðingi, forystumaður bænda og hagrörðingur góður. Við gáfum gestum okkar meðal annars harðfisk, bjór og íslenskt brennivín. Magnús lýsti stundinni með eftirfarandi vísu:


Á Selfossi ég gerði stuttan stans, það stirndi á ánni í sólarglans. Nú hef ég komið mér til manns og migið í klósett ráðherrans.

Krókóðilar á Húsavík

Þegar ég tók við starfi landbúnaðarráðherra 1999 höfðu Húsvíkingar áformað að fá leyfi til að flytja inn krókóðila. Í heitu lindunum við Húsavík höfðu þeir sett upp skilti: „Hér verða krókóðilar ræktaðir og gefa af sér kjöt og leður.“



Guðni skálar í kjötsúpu í beinni símaútsendingu á kjötsúpudegi á Skólavörðustíg 28. október.



nú og kaupfélags-stjórinn, yfirmaður Skúla, blandar vodka í gos og færir honum. Skúli dreypir á drykknum, stendur upp gengur að vaski og hellir drykknum niður og segir: „Svona drykk blöndum við í kálfa fyrir norðan.“ Á ungdómsárum mínum leigði ég kjallaraíbúð hjá Skúla í þrjú ár á Kirkjuvegnum. Hann bauð mér stundum eðalvín og skálaði aðeins í silfurstaupum.

Vélasali plataður

Ég hermi oft eftir Guðna Ágústssyni og í gegnum síma trúa flestir að ég sé hann. Guðni lendir oft í því að hringi hann í Rangæing þá finnur hann undarleg viðbrögð og fær athugasemdir eins og þessa: „Láttu ekki svona, Bubbi minn.“ Eitt sinn hringdi Bæring Sigurbjörnsson bóndi og hestamaður á Stóra-Hofi og bað mig að rúlla heyi fyrir sig.

Ég var verktaki og rúllaði víða fyrir bændur en nú var ég í miklum önnum og mundi að Bæring hafði keypt sér nýja rúlluvél. Ég spyr hann hvað sé með nýju rúlluvélina? Hann segir hana bílaða og vélasalinn vilji ekki sinna sér fyrr en í næstu viku en hann þurfi að klára heyskapinn og fara á Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Austurríki, hann verði að komast þangað. Nú flýgur mér í hug það snjallræði að hringja í vélasalann. Í símann kemur yfirvegaður maður og ég segi: „Þetta er Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra. Hann Bæring, vinur minn á Stóra-Hofi, er í miklum vandræðum. Hann verður að komast á Heimsmeistaramótið en rúlluvélin sem þið selduð honum er biluð og allt í vandræðum í heyskapnum. Þið verðið að bjarga þessu, hann er flokksbróðir minn og hestamaður.“ Það var eins og við manninn mælt að morguninn eftir eru komnir tveir viðgerðarmenn austur að Stóra-Hofi og þeir gera við vélina. Bæring botnar ekkert í þessum sinnaskiptum. En þeir segja honum að lokum að sjálfur landbúnaðarráðherra vaki yfir sinni hjörð og það hafi verið hann sem hafi hringt og beðið um hjálpinu. Mikið hlógum við Bæring þegar ég kom til hans daginn eftir. Og enn hringdi ég í vélasalann og hermdi eftir Guðna og þakkaði þessi skjótu vinnubrögð. Enn trúir vélasalinn því að það hafi verið Guðni Ágústsson sem hringdi.

/Guðbjörn Ingvarsson

Mynd / HKr.

Bækur

Brauð og eftirréttir Kristu

Brauð og eftirréttir Kristu eftir matarbloggarann vinsæla Maríu Kristu Hreiðarsdóttur er komin út hjá Bókaútgáfunni Sölu.

Í þessari fallegu bók má finna auðveldla, fljótlega og síðast en ekki síst gómsæta eftirrétti; kökur, konfekt og brauðrétti sem henta bæði í veisluna, nestistöskuna, barnaafmælin og saumaklúbbinn. Hér sýnir höfundur, að sætindi og eftirréttir þurfa alls ekki að vera bragðlausir og óspennandi þótt í þá vanti allan sykurl, ger og hveiti. Já, ótrúlegt en satt!

Bókin er bæði fyrir þá sem vilja fylgja lágkolvnetnamataræði og þá sem berjast við sykursýki



og bólgusjúkdóma, hafa greinst með glútenóþol eða vilja takmarka neyslu á hvítum sykri og sterkju í mataræði sínu.



Eyðibýli á Íslandi

— tvö ný bindi komin út

Út eru komin 4. og 5. bindi af ritinu **Eyðibýli á Íslandi**. Þau fjalla um Vestfirði og Norðurland vestra.

Markmið verkefnisins Eyðibýli á Íslandi er að rannsaka og skrá eyðibýli og önnur yfirgefin íbúðarhús í sveitum landsins. Fyrstu skref rannsóknarinnar voru tekin sumarið 2011 á Suðurlandi. Sumarið 2012 náði rannsóknin til Norðurlands eystra og Vesturlands og í ár til Vestfjarða og Norðurlands vestra.

Upplýsingar um verkefnið er að finna á www.eydibyli.is Efni hvors bindis er sem hér segir:

Eyðibýli á Íslandi, 4. bindi

Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandarsýsla. Höfundar: Anton Svanur Guðmundsson, Arnar Logi Björnsson, Axel Kaaber, Bergþóra Góa Kvaran, Hafþór Óskarsson, Laufey Jakobsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, Olga Árnadóttir, Rósa Þórunn Hannesdóttir og Sunna Dóra Sigurjónsdóttir. Ritíð er 128 bls. að stærð og fjallar um 89 hús.

Eyðibýli á Íslandi, 5. bindi

Skagafjarðarsýsla, Austur-Húnavatnssýsla og Vestur-Húnavatnssýsla. Höfundar eru þeir sömu og að 4. bindi. Ritíð er 170 bls. að stærð og fjallar um 127 hús.

Áður hafa komið út 1.–3. bindi ritsins:

Eyðibýli á Íslandi, 1. bindi

Austur-Skaftafellssýsla, Vestur-Skaftafellssýsla og Rangárvallasýsla. 136 bls. og fjallar um 103 hús.

Eyðibýli á Íslandi, 2. bindi

Norður-Þingeyjarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla og Eyjafjarðarsýsla. 168 bls. og fjallar um 115 hús.

Eyðibýli á Íslandi, 3. bindi

Dalassýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla, Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla. 160 bls. og fjallar um 121 hús.

Ritíð er gefið út í litlu upplagi af áhugamannafélagi sem stendur fyrir rannsóknunum. Hvert eintak kostar 5.500 kr. Hægt er að panta ritíð á heimasíðunni www.eydibyli.is og í síma 588 5800.

Skagfirskar skemmtisögur 3 – enn meira fjör

— gamansögur af Skagfirðingum streyma fram

Bókaútgáfan Hólar hefur gefið út Skagfirskar skemmtisögur 3 – enn meira fjör! í samantekt Björns Jóhanns Björnssonar, blaðamans og Skagfirðings. Eins og titillinn ber með sér er þetta þriðja bindið með gamansögum af Skagfirðingum. Fyrri bækur hafa slegið í gegn og farið á metsölulista bókaverslana. Viðtökur hafa ekki aðeins verið góðar í Skagafirði heldur um allt land. Nú koma um 250 sögur til viðbótar og alls eru sögurnar því orðnar um 700 talsins í þessum þremur bindum.

Nú koma enn fleiri sögur af kaupmanninum Bjarna Har á Króknum, sem og héraðs-höfðingjunum Halla í Enni, Friðriki á Svaðastöðum, Dúdda á Skörðugili, Bjarna Marons og Pálma Rögnvalds og hinum síkátu Álfagerðisbræðrum og nágrönnum þeirra. Óborganlegar gamansögur eru einnig af Jóhanni í Kúskerpi, Jóni Eiríkssyni Drangeyjarjarli, Birni gamla í Bæ, Ragga Sót og afa hans, og fyndnum Fljótamönnum eru gerð sérstök skil. Einnig er komið við á Króknum, Hofsósi og í Óslands-hlíð, Viðvíkursveit, Hjaltadal, Blöndu-hlíð, Seyluhreppi og Staðarhreppi. Þá koma við sögu þjóðkunnir einstaklingar sem orðið hafa á vegi Skagfirðinga með einum eða öðrum hætti, meðal annarra n ó b e l s k á l d i ð Halldór Laxness.

Í bókinni er sérstakur kaflí helgaður Ýtu-Kela, sem Norðlendingar muna margir vel eftir, en skrásetjari komst yfir ómetanlegar upptökur með Kela sem var stórskemmtilegur sögu-maður og þjóðsagnapersóna í lifanda lífi. Sagðar eru sögur af samferðamönnum Kela í Skagafirði og Þingeyjarsýslum.

Skagfirskar skemmtisögur 3 fást í bókaverslunum og stórmörkuðum víða um land. Skopteikning á bókarkápu er eftir Andrés Andrésson. Leiðbeinandi verð bókarinnar er hið sama og áður, 2.980 kr.

Í bókinni er fjöldinn allur af skemmtilegum sögum. Þar eru meðal annars þessar þar sem segir af skagfirskum bændum:

Kristján Karlsson, skólastjóri Hólaskóla, fór undir lok starfstíma síns í ferð um héraðið til að safna nemendum til skólans, sem orðnir voru heldur fáir á tímabili. Meðal bæja sem hann heimsótti var Eyrarland í Deildardal, hjá Þorgils Pálssyni og frú Sigríði Sigurlaugsdóttur, en þau áttu nokkra syni. Kristján bar upp erindið og benti á að þau hjón ættu unga og efnilega syni sem myndu sóma sér vel í Hólaskóla. Sigga tók það ekki í mál en sagði við rektorinn: „En þú mátt taka kallinn!“

Í Bæ á Höfðaströnd var oft margt í um manninn á sumrin. Í eitt skiptið kom strákur í sveitina að sunnan sem var venslaður Bæjarfólkinu. Stráksi var eitthvað innan við feringu. Í sveitinni fengu allir gestir að spreya sig í heyskapnum, bæði stórir sem smáir.

Einu sinni var verið að taka saman hey í sátur niður á sléttum, eins og kallað var. Birni í Bæ leist ekkert á aðfarir stráksins með hrifuna þegar hann var að reyna að saxa heyið til að setja í sátuna. Notaði hann einhverra hluta vegna skaftið á hrifunni við þetta.

„Notaðu hausinn, strákur, notaðu hausinn,“ sagði Björn bóndi og átti þar að sjálfsgöðu við hrifuhausinn. Skipti þá engum togum að strákur henti frá sér hrifunni og stakk hausnum í heyið!

Friðrik gamli á Svaðastöðum var eitt sinn á ferð um Óslandshlíðina og stoppaði á Marbæli. Kom þá bóndinn óðamála og baðandi út höndum úr fjósinu og sagði Frigga að hann yrði að koma strax og hjálpa sér við að losa kálf sem var á kafi í flórnum. Friðrik fór inn og var ekkert að tvinóna við þetta, óð beint í hauginn og tókst að ganga á einhverri skán án þess að sökkva líkt og



k á l f u r i n n . Skepnunni var þar með bjargað og þegar sonur Frigga og nafni, Friðrik Hansen, heyrði af þessu afreki fannst honum ekki sérlega mikið til koma: „Er þetta nokkuð meira en þegar Jesú gekk á vatninu?“

Á bæ einum í Sléttuhlíð gerðist það um miðjan vetur að aldraður bóndinn lést. Úti var svo mikil stórhrið og ófærð að það þurfti að láta líkið standa uppi í stofunni í nokkra daga þar til útförin gat farið fram í sóknarkirkjunni. Eiginkonan hafði einnig átt við vanheilsu að stríða. Sumarið eftir var sonur hjónanna að störfum úti á túni, en hann var ekki eins og fólk er flest. Gest bar að garði sem fór að dásama veðurblíðuna.

„Já,“ tók sonurinn undir, „nú væri gott að jarða hana mömmu!“

Jón Eiríksson á Fagranesi á Reykjaströnd, oft nefndur Drangeyjarjarl, hefur farið með margan ferðamanninn út í Drangey og seig hann þar einnig eftir eggjum til fjölda ára. Hann var eitt sinn að segja hópi ferðamanna frá þeirri tilurð eyjarinnar að tröllahjón hefðu þurft að leiða kú undir tarf og orðið svo sein fyrir að sól reis og urðu þau fyrir vikið að steini. Þegar Jón hafði sagt frá þessu heyrðist úr hópnum: „Hvaða ár heldurðu að þetta hafi verið?“

Þeir unnu saman hjá Búnaðarsambandinu sem ungir menn, þeir Pálmi Rögnvalds og Bjarni Marons, þar sem þeir fóru um sveitir Skagafjarðar og unnu í jarðarbótum og mælingum fyrir bændur. Síðan skildu leiðir og árin liðu, þar til kom að því að Bjarni hóf störf hjá Landgræðslunni, í svipuðum verkefnum og áður fyrr með Pálma. Um þetta leyti hittust þeir á förnun vegi og Pálmi fór að inna félaga sinn eftir nýja starfinu, hvort þetta hefði nokkuð breyst síðan þeir voru ungir menn. Bjarni hafði þá nýlega verið í Lýtingsstaðahreppi og sagði við Pálma:

„Ja, það er nú þannig með gömlu bændurnar í Lýtu að það er einkum tvennt sem þeir muna eftir, og gleyma aldrei, það er þegar rafmagnnið kom og síðan þegar við vorum að mæla hjá þeim túnin!“

Skömmu eftir að Einar Gíslason á Skörðugili hafði flutt úr Borgarfirði norður í Skagafjörð með Ásdísi sína og hestana fékk hann starf hjá Búnaðarsambandinu, með áherslu á ráðgjöf í hrossa- og sauðfjárrækt. Einar var á þessum árum einn fátta bændi í Skagafirði sem átti hestakerru.

Fyrsta haustið gerðist hann aðsópsmikill í störfum sínum í sauðfjárræktinni og hikaði t.d. ekki við að dæma úrvalshrúta í dauðann. Fór hann háðungarorðum um uppáhaldsskepnur sumra bændi í Skagafirði og líkaði þeim ekki vel í fyrstu þessi borubratti Borgfirðingur.

Endaði þetta með því að nokkrir bændur fóru á fund Egils Bjarnasonar hjá Búnaðarsambandinu og kröfðust þess að Einar yrði rekin.

Egill hlustaði á umkvörtunina en sagði síðan:

„En hvar ætlið að fá lánaða hestakerru?“

Þar með var málið dautt og Skagfirðingar tóku Einar í sátt!

Líkt og í öðrum sveitum landsins þótti síminn hið mesta undratæki er hann kom í Skagafjörð. Með góðum vilja mátti hlusta á samtöl annarra í sveitinni og var þetta dægrastytting og fjölmiðill síns tíma. Álfagerðisbræður stunduðu það einnig að tefla skák gegnum símann við félaga sína á næstu bæjum. Í einni símskákinni varð vart við „hlustanda“ en eftir því sem fleiri voru á línunni varð allt talmál óskýrara. Þegar illa var farið að heyrast sögðu strákarnir að nú væru krakkar á ónefndum bæ farnir að hlera enn og aftur. Komu þá strax viðbrögð á línunni frá húsfreyjunni á sama bæ:

„Nei, ég skal sko láta ykkur vita af því að mín börn hanga ekki í símanum!“

Gunnar Björnsson var víða vinnumaður í Fljótum og lengi einhleypur. Hann var mikill sóma-maður en svolítið seinheppinn í tali. Gunnar var nokkur ár á Stóru-Reykjum hjá Ásmundi Jósefssyni. Einhverju sinni síðla sumars voru þeir að hirða hey sem var orðið nokkuð lélegt og hrakið. Þá segir Gunnar:

„Þetta verður aldrei skepnufóður, Ásmundur, þú verður að gefa hrossunum það.“

Bændablaðið
Smáauglýsingar
56-30-300

Hafa áhrif
um land allt!

Lesendabás

Vegslóðar og hagsmunir bænda og sveitarfélaga

Meðal nýmæla í náttúruverndarlögunum sem samþykkt voru á Alþingi sl. vor er að gera skuli kortagrunn sem taki af öll tvímæli um hvaða vegi og vegslóða megi sýna á kortum og í stafrænum gagnagrunnum. Slíkt er mikið hagsmunamál fyrir landeigendur og sveitarfélög.

Vegslóðar og útgáfa landakorta

Á undanförnum áratug hefur fjöldi „vegslóða“ ratað á kort án tillits til uppruna þeirra eða tilgangs og án þess að leitað hafi verið samþykkis viðkomandi landeigenda og sveitarfélaga. Sem dæmi má nefna smalaleiðir og slóðir að grenjum eða meðfram girðingum, flutningaleiðir fyrir áburð til landgræðslu og för eftir bifreiðar vísindamanna sem ekið hafa utan vega skv. sérstakri undanþágu vegna rannsókna. Svo má lengi telja og hafa jafnvel fornar og friðlýstar þjóðleiðir ratað á kort sem bilvegir án samþykkis hlutaðeigandi aðila.

Myndast hefur tvöfalt kerfi vega og vegslóða. Í gagnagrunni Vegagerðarinnar eru um 13.000 km. Þar til viðbótar eru um 13.000 km af vegslóðum sem sýndar eru á kortum og myndast hafa að verulegu leiti utan eðlilegra skipulagsferla. Engin lög eða reglugerðir gilda um birtingu upplýsinga um vegi og vegslóða, hverjum sem er virðist slíkt frjálst og lögbundnir skipulagsferlar eru ekki virkir.

Afleiðingin er sú að umferð hefur aukist mjög á leiðum sem áður voru fáfarnar og þola ekki nema takmarkaða umferð. Hjólför dýpka vegna vaxandi álags, vatn grefur skurði og gróður- og jarðvegrof stigmagnast.

Vegslóðar eru skipulagsmál

Í samanburði við önnur lönd ríkir stjórnsýsi hér á landi í mótun á vegakerfi þjóðarinnar. Lagaumhverfið er veikt og skipulagsferlar ekki virkir. Í öðrum löndum er almenna reglan sú að allar ákvarðanir er varða vegi og vegslóða eru teknar á grundvelli lögbundins skipulags. Byggt er á fjölþættu mati og leiðir m.a. flokkaðar eftir notkun og hverjum sé heimilt að aka þær. Þannig verður til formlega skilgreint leiðakerfi sem tekur af öll tvímæli um löglegan akstur.

Náttúruverndarlögin nýju fela í sér margvíslegar réttarþætur í sambandi við lögleiðingu vegslóða og takmörkun á akstri utan vega. Þó virðist sem viðleitni til að ná sátt við hina ýmsu hagsmunaaðila hafi orðið á kostnað umhverfisverndar og tengsl við lögbundna skipulagsferla eru jafnframt óskýr í umræddum lögum. Þau festa að sumu leiti í sessi hið tvöfalda kerfi vega og vegslóða sem hér er við lýði.

Móta þarf skýrari sýn og langtímamarkmið fyrir þennan málaflokk. Mistök geta haft alvarlegar afleiðingar eins og fjölmörg dæmi sanna. Taka þarf upp þau vinnubrögð að hver einasta leið sem sýnd er á kortum og opnum gagnagrunnum hafi gengið í gegnum lögbundna skipulagsferla. Ella er hætta á því að gengið sé um of á skjön við hagsmuni umhverfisverndar, landeigenda og sveitarfélaga.

Að mörgu er að hyggja og samræma þarf hagsmuni m.a. vegna umferðar almennings og ferðaþjónustunnar, jarðvegsrofs, náttúruverndar, landslagsheilda og sjónrænna áhrifa, þéttleika leiða og vernd viðerna. Gæta þarf einnig að mögulegri hávaðamengun og hafa



Er hluti þess vegslóðakerfis sem sýnt er á landakortum að breytast í skurðakerfi? Mynd / Anna Sigríður Valdimarsdóttir

hugfast að íslenska öræfakýrröðin á er nær einstök utan íslausra svæða í heiminum.

Kortagrunnur um vegi og vegslóða

Samræmdur opinber grunnur er óhjákvæmilegur. Það er því framfaraskref að í náttúruverndarlögunum er kveðið á um að gera skuli kortagrunn „þar sem merktir skulu vegir og vegslóðar sem heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum um.“ Jafnframt segir að útgefendum vegakorta, þ.m.t. stafrænna korta fyrir GPS tæki, verði síðan skylt að sjá til þess að upplýsingar á kortum þeirra séu í samræmi við kortagrunninn.

Þetta er mikið framfaraskref, en ferlarnir sem lögin gera ráð fyrir við ákvarðanir á því hvaða slóðar eigi að fara í slíkan gagnagrunn eru hins vegar ekki markaðir. Sum sveitarfélög myndu vilja binda sig við samþykkt aðalskipulag í þeim efnum. Sömu leiðis að vegslóðar séu ekki hafðir opnir fyrir almenna umferð og sýndir á kortum nema veghaldari hafi verið skilgreindur. Samkvæmt vegalögum táknar slíkt að ljóst sé m.a. hver fari með forræði yfir vegi og vegstæði og beri ábyrgð á viðhaldi.

Unnið hefur verið að því á vegum stjórnvalda að flokka upplýsingar úr gagnagrunni Landmælinga Íslands eftir því hvaða vegi og vegslóða landeigendur og sveitarfélög vilja hafa opna fyrir: a) almenna umferð, b) fyrir takmörkuð not eða c) lokaðar allri umferð. Flokkurinn „takmörkuð not“ er afar mikilvægur frá skipulagssjónarmiði

því hann gerir það kleyft að beina sívaxandi umferð ferðamanna af viðkvæmum vegslóðum án þess þó að takmarka möguleika til umferðar vegna tiltekinna hagsmuna s.s. smalamennsku, veiða og trúss fyrir ferðamenn.

Þessi vinna er skammt komin en hún gefur óyggjandi vísbendingar um mikið misræmi á milli vega og vegslóða sem sýndir eru á landakortum og vilja landeigenda og sveitarfélaga í þeim efnum. Dæmi má nefna frá landstöru sveitarfélagi sem sendi umhverfisráðuneytinu flokkun sína samkvæmt ofangreindum forsendum. Það færði alls 268 km af vegslóðum yfir í flokkinn „takmörkuð not“ og áréttaði jafnframt að þær leiðir eigi að fjarlægja úr opnum grunnum og afkortum þannig að ekki sé verið að visa almennri umferð á þær.

Landeigendur og sveitarfélög eiga mikið undir því að skipulega sé staðið að mótun á vegakerfi þjóðarinnar til næstu ára og alda og að ýrtruðu varkárni verði beitt. Endurskoðun náttúruverndarlaganna hefur verið boðuð. Þar verður vonandi verndun viðkvæmra auðlinda landsins höfð að leiðarljósi samhliða því að móta vandaða skipulagsferla til að vega saman þarfir hinna margvíslegu hagsmunahópa. Raunar má velta því fyrir sér af hverju þessi málaflokkur er ekki vistaður í heild í samræmdum vegalögum, en náttúruverndarlög höfð í hlutverki bráðnaðsýnlegs aðhalds.

/Andrés Arnalds

Orðaval

Dr. Jakob Björnsson, fyrrverandi orkumálastjóri, birtir stundum, of sjaldan fyrir minn smekk, afar vel samdar og rökfastar blaðagreinar um ýmis málefni. Ein þeirra var um orðið sjálfbærni, grein sem ég er því miður búinn að týna, en man samt vel. Hann taldi þar það vera rangt að nota sjálfbærni og að nota ætti í staðinn orðið haldbærni. Skoðum þetta aðeins.



Kjartan Örn Kjartansson

Hvað er sjálfbærni?

Gamla íslenska orðabókin mín útgefin af Menningarsjóði hefur hvorugt orðið að geyma. Sjálfbærni er nýtt tískuorð og er væntanlega slæm þýðing úr einhverju erlendu tungumáli, sem gagnrýnislaust hefur verin tekið upp og hjómar nú sífellt í eyrum manna.

Á ensku er talað um to sustain og sustainable resources og sustained yield, þ.e. er að viðhalda, eitthvað sem hægt er að halda áfram með, halda gangandi.

Við vitum væntanlega hverju orðinu er ætlað að lýsa, en hvað skyldi sjálfbærni þýða, þegar grannt er skoðað? Það má spyrja hvað það er, sem er þannig eða til þess bært að það geti borið sjálft sig, verið haldið uppi af því sjálfu einu saman? Væri það ekki einhvers konar goðumlíking eða þá eitthvert perpeteum mobile eða eilífðarvél, eitthvað sem heldur áfram og áfram án breytinga eða nokkurra atanaðkomandi áhrifa? Mér vitanlega er ekkert í þessum heimi hér, sem er þeirrar guðlegu náttúru. Niðurstaðan hlýtur þannig að vera sú að orðið er markleysa í því samhengi, sem því er ætlað að vera.

Ég sting því upp á að við landsmenn notum framvegis

Þegnar eða borgarar?

Það fer oft í pirrnar á mér þegar talað er um að við séum þegnar. Auðvitað erum við ekki þegnar eins eða neins. Við búum í borgaralegu lýðveldi og konungdómurinn er löngu á braut farinn. Við erum frjálsir og jafnir menn og viljum vera það. Því vil ég endilega leggja það einnig til að við notum einungis réttnefnið borgari og hættum hinu undirsátulega orði.

Auk þess legg ég til að konungsmerkið yfir Alþingi Íslendinga verði fjarlægt og komið komandi á sögusafni og að skjaldarmerki lýðveldisins verði auðvitað merki löggjafarsamkundunnar íslensku. Hitt er hreint fráleitt og óboðlegt.

Kjartan Örn Kjartansson
Höfundur er Hægri grænn og fyrrv. forstjóri

Bækur

Það skelfur eftir Ragnar Stefánsson


Bókaútgáfan Skruddda hefur gefið út bókina Það skelfur eftir Ragnar Stefánsson.

Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur hefur lengi verið áberandi í íslensku þjóðlífi, allt frá því hann kom heim frá námi og hóf störf á Veðurstofu Íslands fyrir meira en 50 árum. Í þessari bók rekur hann fjölskyldusögu sína sem spannar meira en heila öld. Þetta er opinská saga um ást, harm og trygglyndi en um leið saga um baráttu fyrir réttlæti og jöfnuði.

Í bókinni lýsir Ragnar uppvesti sínum í Reykjavík, fólki og umhverfi sem urðu áhrifavaldar í lífi hans. Hann segir örlaga-sögur úr lífi foreldra sinna og forfeðra á Suðurlandi og Snæfellsnesi, frá háskólaárum sínum í Svíþjóð og hvernig hann tengdist sósíalískri hreyfingu

og grasrótarstarfi á Íslandi og erlendis.

Ragnar varð snemma tákn-gervingur fyrir pólitískt andóf gegn hersetu Bandaríkjanna á Íslandi og Vietnamstriðinu og fyrir baráttu íslenskrar alþýðu fyrir bættum kjörum og betra þjóðfélagi. Í bókinni er fjallað um ýmsa þætti þessarar baráttu, einkum frá tímabilinu



frá 1966 og fram á áttunda áratuginn.

Þá segir hann einnig reynslusögur úr starfi sínu sem einn helsti jarðskjálftafræðingur landsins og frá rannsóknnum sínum og annarra sem miða að því að spá fyrir um jarðskjálfta.

Það skelfur er baráttusaga, bæði pólitískt og á sviði vísinda þar sem þetta tvennt fer stundum saman.

Vélabásinn

Hjörtur L. Jónsson



Dieci Agri Tech 35,7 frá Búvís á Akureyri:

hlj@bondi.is

Dieci öflug fjölnota dráttarvél

Dráttarvélar eru ekki allar hefðbundnar í útliti og alltaf er verið að hanna tæki sem geta komið sem mest að gagni. Fyrir skemmstu skoðaði ég dráttarvél sem er mikið öðruvísi en flestar dráttarvélar sem ég hef prófað og unnið á. Þessi vél heitir Dieci og fæst hjá Búvís á Akureyri.

Mikil lyftigeta í 7 metra hæð

Dieci Agri Tech 35,7 er algjört fjölnotatæki. Litur út eins og skotbómulyftari en er með þrítengi að aftan eins og hefðbundnar dráttarvélar. Þessi vél sem ég skoðaði er skráð sem dráttarvél, kemst yfir fjörutíu kílómetra hraða, er með beygjur á öllum hjólum, með 3.500 kg lyftigetu upp í sjö metra hæð og á að geta flest það sem hefðbundnar dráttarvélar gera og geta og jafnvel heldur meira og betur.

Þegar ég settist inn í vélina og lokaði dyrunum fann ég strax að ökumannshúsið var vel einangrað fyrir hávaða frá vélinni því að varla heyrðist í vélinni þegar ég gaf henni inn. Stjórn tæki eru öll innan seilingar og gott útsýni er til allra átta úr ökumannssætinu. Speglar stórir og góðir, sætið nánast eins og hægindastóll.

Hægt að vera lóðréttur í miklum hliðarhalla

Ökumannshúsið er fjaðrandi og er hægt að halla húsinu með allri yfirbyggingunni ásamt þrítenginu og skotbómunni sé verið að vinna í hliðarhalla. Ökumaðurinn er því alltaf í lóðréttri stöðu, sem kemur sér einstaklega vel þegar verið er að plægja upp akur þegar önnur hliðin er niðri í því sem búið er að plægja og hin uppi á því sem óplægt er. Þá er gott að geta hallað vélinni til að maður sitji réttur.

Hægt er að beygja á öllum hjólum til að taka þröngan hring og einnig til



Dieci Agri Tech 35,7.



Allir glussatjakkar eru af sverustu gerð.



Fyrir hliðarhalla og ýmsa aðra vinnu er það mikill kostur að geta hallað allri yfirbyggingunni og tækjunum.



Hægt er að beygja bæði með fram- og afturhjólum, sem er stór kostur.



Í efstu stöðu er lyftigetan 3.500 kg.

að keyra út á hlið, sem gerir vélina einstaklega fjölhæfa í mokstur að öllu tagi.

Styrkur gálgans (skotbómunnar) er mjög mikill og sem dæmi er hægt að fá tennta tveggja og hálf rúmmetra skóflu með vélinni sé meiningin að vinna við mokstur á grjótrudda (stóru grjóti og fastri mól).

Þrítengið að aftan lyftir upp í rétt tæpan metra og virkar við skoðun mjög sterkt miðað við sverleika. Þá er sverleikinn sambærilegur á Dieci-vélinni sem ég skoðaði og öðrum dráttarvélum, sem eru á bilinu 140 til 180 hestöfl.

Dráttargeta Dieci Agri Tech 35,7 er yfir tuttugu tonn og er úrtak fyrir bremsur á vagn aftan á vélinni þannig að vagninn bremsar líka ef stigið er á bremsurnar á vélinni.

Skiptingin er vario-skipting með skriðgír og er ekkert mál að keyra vélina á 40 km hraða á góðum vegi. Aflurtakið aftan á vélinni er með sérstakan tveggja þrepa gírkassa og býður upp á 540 til 1.000 snúninga.

Glussakerfið í vélinni er öflugt, en

hægt er að stýra magni af glussa innan úr vélinni. Ef snjöblásari erframan á vélinni er þá settur aukakraftur fram í gálgann til að vinnslugeta snjöblásarans verði sem mest.

Tiltölulega gott aðgengi er að vélinni til að vinna við hana, en vélarhúsið er mjög vel hljóðeinangrað.

Mikið úrval aukahluta

Dieci framleiðir ótrúlegan fjölda af aukatækjum til að setja framan á skotbómuna og taldist mér til við hraðflettingu á bæklingi með aukahlutum að hægt væri að fá vel yfir 30 mismunandi aukahluti framan á vélina s.s. skóflur, krabba, mannbúr, krana, kvíslar og klemmur. Sjálfur hef ég unnið töluvert við snjómokstur á bæði dráttarvél og traktorsgröfu, en að moka snjó á svona skotbómulyftara er ótrúlega þægilegt. Þarna tel ég komið tæki sem slær öllum öðrum við sem ég hef mokað snjó á.

Páll Hjaltalín, sölustjóri véla-deildar hjá Búvís, sagði mér frá því þegar hann fór á þessi vél á

Lengd:	5.500 mm
Hæð:	2.500 mm
Breidd:	3.400 mm
Þyngd:	7.600 kg
Vél: IVECO	130 hestöfl
Verð: 13.780.000 án vsk. /17.293.900 m/vsk.	



Hægt er að keyra út á hlið.

torfærukeppni á Akureyri síðasta sumar sem bjargvættur að sækja bílaða og fasta torfærubíla og Dieci skilaði sínu hlutverki vel. Nánar er hægt að fræðast um Dieci-vélarnar á heimasíðu Búvís á vefsíðunni www.buvvis.is.

Lesendabás

Feldfjárrækt og hugsanlegur ávinningur af henni

Upphaflega var eini ávinningur feldræktar gæran, sem hefur verið notuð í pelsa og dýrar smávörur, s.s. töskur og hanska. Hugmyndin með feldræktuninni á Íslandi var jöfnum höndum gæran og ullin, einkum lambsullin, sem hefur hlotið mikið lof handverksfólks (samanber grein í Bændablaðinu sl. vor). Íslenska feldféð sameinar því bæði gærugæði og framleiðslu sérstakrar ullar til handiðnar.

Áð mínu viti hefur íslenskt feldfé í Meðallandi náð þeim gæðum að óhætt er að mæla með því með tilliti til þessara eiginleika.

Þegar farið var af stað með feldræktina voru valin ákveðin svæði, þar sem ullareiginleikar fjárins voru minna „ræktaðir“, þ.e. ekki of mikið þel eða gróft tog. Rétt er að bæta við hér að þegar útflutningur á gráum gærum hófst um 1950 fékkst mjög gott verð fyrir þær. Það lækkaði hins vegar fljótt, þrátt fyrir að sænskar gráar gærur hækkuðu. Þetta gerðist m.a. vegna þess að hér var lögð áhersla á þéttan „þelfót“ gærunnar. Í samráði við ráðunauta voru valin 3 svæði, en raunverulega var aðeins eitt þar sem starfsemin náði árangri, þ.e. í Meðallandi. Upphaflega voru 6 bændur með í starfinu en eru aðeins 2 eftir (4 hættilr búskap). Í Álfaveri hefur einn bóndi bæst í hópinn.

Hefur starfið borið árangur?

Já, starfið hefur borið árangur. Samt er mikið starf eftir óunnið. Rétt er að vekja athygli á að þó að árangur sé mikill hvað varðar feldeiginleika, er mikið ógert hvað varðar byggingarlag og kjötgæði. Ástæða þess að feldféð hefur ekki eins góða byggingu er m.a. að féð sem valið var í feldræktina var raunverulega lakara hvað byggingu snertir. Höfum við þá ekki lagt nógu mikla áherslu á byggingu og kjötgæði feldfjárins? Tekið skal skýrt fram að feldféð hefur að sjálfsöðgu einnig verið valið með tilliti til frjósemi og mjólkurlagni áa, fallþunga dilka og kjötgæða. Hins vegar hefur verið meiri áhersla á ullar- og gærugæði en í ræktun hvíta fjárins á Íslandi. Það er því engin hætt á að fá fé



Íslenska feldféð sameinar gærugæði og framleiðslu sérstakrar ullar til handiðnar.



Sveinn Hallgrímsson

sem ekki skilar afurðum og arðsemi. Hér er nauðsynlegt að undirstrika að þegar valið er stíft fyrir einum eiginleika, eins og hér hefur verið gert, er hætt á að ekki náist sami árangur hvað aðra eiginleika snertir. Feldféð hefur því engan veginn eins góða byggingu og hvíta féð okkar. Það er ekki samasem og að ekki megi bæta það og sameina í einum stofni

feldgæði, mjólkurlagni, frjósemi og kjötgæði. Feldstofninn í Meðallandi er jafn verðmætur og hvíta féð, sé tekið tillit til þess að feldféð hefur verðmætari ull og gæru!

Stefnur í sauðfjárrækt

Hér vil ég bæta við og minna sauðfjárbændur á að mikil deila var um og eftir 1960 um stefnur í sauðfjárrækt. Þá var deilt um það hvort hægt væri að sameina góða byggingu (lágfættar ær) og mjólkurlagni. Stefán Aðalsteinsson taldi vísbendingar um að þéttvaxnar og lágfættar ær mjólkuðu verr en háfættar og gisbyggðar. Í grein sem ég skrifaði í Búnaðarblaðið 1968 (4.-7. tbl., bls. 114-118) og nefndi „Stefnur í sauðfjárrækt“ rakti ég tilraunir sem sýndu að sterkt úrval fyrir einum eiginleika gæti leitt til hnignunar annars eiginleika. Í feldfjárræktinni hefur verið valið stíft fyrir ullar- og gærugæðum. Það hefur eðlilega leitt af sér að ekki hefur verið valið jafn strangt fyrir frjósemi, mjólkurlagni og kjötgæðum. Þessir eiginleikar eru

því ekki jafn góðir og æskilegt væri en eru þó vel viðunandi. Strangt úrval fyrir ullar- og feldgæðum hefur leitt til mikilla framfara á því sviði. Ef þú, lesandi góður, vilt nota Gráfeld og taka þátt í að bæta ullar- og feldgæði vil ég benda þér á eftirfarandi:

- Æskilegt er að tog sé fint og hrokkið, þel ekki of mikið.
- Notaðu Gráfeld gjarna á krúnótta, sokkótta eða blesótta á, gráa eða svarta. Þurfa að vera einlitar á bol. Ekki flekkóttar ær. Best er að ullin sé með fint og hrokkið tog.
- Sé Gráfeldur notaður á gráar (eða svartar) ær skulu þær hafa hreinan lit. Oft er grátt fé of ljóst aftan við bóga og aftan á lærum. Það er ókostur. Gráa íslenska féð hefur gjarna of mikið þel.

Grundvallaratriði í feldræktinni er fint, hrokkið tog, jafn litur um allan bol og hárgæði. Togið hefur þann eiginleika að þófna ekki og heldur því áferðinni, en þelið þófnar.

Markmið er því líka að hækka hlutfalls fins togs í ullinni, einkum fyrir feldgæði gærunnar.

Hér að framan hefur verið dregið á helstu atriði í feldrækt. Val feldfjár fer fram að hausti, í sláturtíð eins og annarra kynbótagripa. Tekið skal fram að þelið vex fram á haustin, þegar fer að kólna. Það er því ekki sama hvenær valið fer fram til að fá sem mest gærugæði. Fyrir næsta haust mun ég reyna að koma á framfæri leiðbeiningum um val líflamba með tilliti til feldgæða.

Hverjir ættu helst að koma sér upp feldfé?

- Ullarvinnslufólk. Lambsullin er einstök, fin, mjúk og gljándi.
- Handverksfólk sem vill nota gæruna til listsköpunar, hanna fallega hluti eða hefur handverk sem iðn.
- Bæta ullar- og feldgæði mislita fjárins.
- Kikið inn á Gotlandsfær eða norsk pelsfær á netinu og sjáid hvað Svíar og Norðmenn eru að gera.
- Gæra íslenska fjárins er mun léttari en gæru annrra fjárkynja, það bætir því gærugæði almennt.

Eftirmáli

Ég var að fá hrútaskrána. Fletti þar upp á Gráfeldi 08-894, eins og hann heitir núna. Hét áður Gráni 08-075. Hann fær sömu meðhöndlun í hrútaskránni og ferhyrndi hrúturinn Höfði og forystuhrúturinn Golsi! Tölur sem gefnar eru á netinu um sæðingarhrúta, kynbóamat, eru ekki í samræmi við þær tölur sem finna má á netinu um sæðingarhrúta. Það liggur fyrir að byggingareiginleikar hjá afkvæmum Gráfelds eru ekki eins og best verður á kosið. Aðrir eiginleikar, eins og frjósemi og mjólkurlagni dætra og vænleiki lamba, virðist í góðu lagi. Einkunnir yfir meðallagi. Ullar- og feldgæði eru nokkuð vel yfir meðallagi.

Vatnshörmur 22. nóv. 2013, Sveinn Hallgrímsson

ÖRYGGI – HEILSA– UMHVERFI

Markmiðið að bæta heilsu og að koma í veg fyrir slys

Undanfarin ár hefur fristunda-slysum fjölgað við notkun á fjórhjólum og af hestamennsku. Í sumum af þessum slysum má rekja orsök meißla til þess að ekki var farið eftir reglum varðandi hjálmanotkun og með hjálm sem ekki passaði á höfuð viðkomandi. Í Bretlandi eru reglur um að í búðum sem selja hjálma sé löggiltur hjálmasali sem lokið hefur námskeiði til að selja hjálma. Ber viðkomandi sölumaður ábyrgð á að viðskiptavinurinn fari út úr versluninni með hjálm sem passar á höfuð hans.

Aldrei á að fara á fjórhjól eða sexhjól án hjálms

Allt of oft til sveita sjást menn á fjórhjólum og sexhjólum án þess að vera með hjálm. Fjórhjól og sexhjól geta náð miklum hraða á stuttri vegalengd og eru frekar völt farartæki og því ætti aldrei að fara á þessi tæki án hjálms (og helst í brynju fyrir bak og brjóstkassa), en það er skylda samkvæmt lögum að vera með hjálm á slíkum tækjum.

Hjálmanotkun hestamanna hefur aukist

Einnig eru enn til knapar sem þrjóstkast við að nota hjálm á hestbaki. Hins vegar hefur hjálmanotkun hestamanna aukist mjög mikið síðustu ár, en það er hægt að bæta um betur með samstilltu átaki (fátt sker í augu eins mikið og einn hjálmlaus knapi í fallegum hópi hestamanna). Slysátölur sýna færri höfuðmeiðsl hestamanna síðustu árin, sem má eflaust rekja beint til aukinnar notkunar hjálma hestamanna og að hjálmar eru alltaf að verða betri og betri.

Hjálmar verða að passa á höfuðið

Hjálmar verða að passa á höfuð þess sem hjálminn notar og eru hjálmar seldir eftir númerum rétt eins og skór. Þegar maður mælir höfuðstærð er tekið sentimetramálband og því brugðið fyrir ofan augabryrj og fyrir ofan eyru og ummál höfuðsins mælt í sentimetrum. Sýni mælingin 56 eða 57 sentimetra á viðkomandi að

